

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

*Eldar öndvegis naglasúpu úr afgöngum*

matur tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

**KARL SIGURBJÖRNSSON**

*Húðskammar Kompás í harðorðu bréfi*

Kristinn Hrafnsson settur út af sakramenntinu

FÓLK 54









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. mars 2007 — 60. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Óhefðbundin fegurð vinsæl



Matthildur Helgadóttir fær engan vinnufrið fyrir erlendum fjölmiðlum.

FÓLK 54

### Nýtt verk í Urriðaholti



Gabríela Friðriksdóttir vinnur með listamannatvíeykinu sem kennir sig við M/M.

MENNING 36

### Hamingjusöm

„Hvers vegna eru Íslendingar hamingjusamir? Í fyrsta lagi mælast fámennar þjóðir jafnan hamingjusamari en fjölmennar, meðal annars vegna þess að menn lenda þar sjaldnar utangarðs," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 26

### Ótrúleg velgengni



Alfreð Gíslason stýrir liði Gummersbach sem hefur komið allra liða mest á óvart í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta.

ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝNANDI VEÐUR -** Í dag verður allhvöss og sums staðar hvöss austanátt sunnan og vestan til, annars hægari. Víða snjókoma með morgninum en skúrir eða slydduél sunnan til þegar líður á daginn. Frostlaust sunnan til í dag, annars frost.

VEÐUR 4


SÝNING UM HELGINA



VÍKURVERK

VÍKURHVARFI 6




**UNG STÚLKA YFIRBUGUÐ AF LAGANNA VÖRÐUM** Minnst 225 mótmælendur voru færðir í fangageymslur eftir að í brýnu sló milli lögreglunnar og mótmælenda á Norðurbrú. Óeirðirnar stóðu enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Tvöfalt fleiri missa húsnæði vegna skulda

**Þrjátíu fjölskyldur hafa misst húsnæði sitt vegna skulda það sem af er þessu ári. Með þessu áframhaldi verða þær tæplega tvö hundruð í lok árs, tvöfalt fleiri en í fyrra.**

**FJÁRMÁL** Nauðungarsölur á fasteignum, sem framkvæmdar eru á vegum Sýslumannsins í Reykjavík, eru orðnar þrjátíu það sem af er þessu ári. Ef fram heldur sem horfir missa tæplega tvö hundruð fjölskyldur húsnæði sitt á þessu ári, en þær voru tæplega hundrað í fyrra. Því stefnir í að nauðungarsölur tvöfaldist í ár.

Fjögur hundruð beiðnir um uppboð hafa borist sýslumanni í ár. Hlutfall seldra fasteigna miðað við mótteknar beiðnir er 7,5 prósent en var 3,5 prósent í fyrra.

Þuríður Árnadóttir, deildarstjóri fullnustudeildar hjá Sýslumanninum í Reykjavík, segir að nauðungarsölum hafi fjölgað í Reykjavík. „Þetta bendir til þess að færri geta staðið í skilum nú því vanskil eru meiri. Fólk á líklega erfiðara með að útvega lánsfé til að greiða niður lán sín," segir hún og bætir því við að þetta séu mun fleiri nauðungarsölur en höfðu verið framkvæmdar hjá embættinu á sama tíma í fyrra.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar Sýslumanninn í Reykjavík þessa dagana við að hafa uppi á 120 einstaklingum sem sýslumaður þarf að gera fjárnám hjá. Þá eru þeir sem ekki hafa sinnt boðun sóttir af lögreglu hvar sem til þeirra næst og færðir til sýslumanns.

Þuríður segir að tíu til fimmtán af þeim hafi gefið sig fram við embættið að tilstuðlan lögreglunnar. Hún segir að flestir þeirra hafi ekki átt eignir sem hægt var að gera fjárnám í. Rassía lögreglunnar mun halda áfram næstu daga, segir Þuríður. - ifv / sþs


STÓRI BÓKAMARKAÐURINN
Perlunni 1. – 11. mars
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18

Þú finnur alltaf réttu bókina!





Rýming Ungdómshússins:

## Stríðsástand á Norðurbrúnni

**DANMÖRK Stríðsástand ríkti í Kaupmannahöfn í gær, þegar sló í brýnu milli mótmælenda og lögreglu, sem vildi rýma Ungdómshúsið á Norðurbrú.**

**Þúsundir manna söfnuðust saman og mótmæltu aðgerðum lögreglu. Múrsteinum var kastað og táragasi beitt. Meira en 250 mótmælendur voru handteknir, en andstaðan hélst fram á kvöld og dreifðist um borgina. Mótmælendur gengu svo fylktu liði að Ráðhústorgi í gærkvöld.**

**Ungdómshúsið var afhent ungu fólki til afnota árið 1982.**

**Það var selt fríkirkjusöfnuði fyrir sex árum, en ungmennin hafa neitað að rýma húsið fyrr en önnur aðstaða fæst.**

- kóþ, /gb / sjá síðu 8



**GRÍMUKLÆDDUR** Þessi ungi mótmælandi vildi ekki láta bera kennsl á sig.

Frumbyggjar Kanada:

## Hlýnun er brot á réttindum

**WASHINGTON, AP** Fulltrúar íbúa nyrst í Kanada halda því fram að Bandaríkin hafi brotið gegn mannréttindum þeirra með því að losa svo mikið af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið að umtalsverð röskun hefur orðið á lífsháttum þeirra vegna hlýnunar.

Loftlagsbreytingarnar eru að „eyðileggja rétt okkar til lífs, heilbrigðis, eigna og lífsviðurværis", sagði Sheila Watt-Cloutier, fulltrúi inúíta, á fundi hjá mannréttindanefnd Ameríkuríkja í gær.

Hlýnunin setur meðal annars veiðimenn í hættu vegna þess hve ísinn er orðinn ótraustur. - gb


Ráðstefna föstudaginn 9. mars:

Samskipti fjárfesta og frumkvöðla

Upplýsingar, dagskrá og skráning á www.si.is

SI Samtök iðnaðarins · Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja · Samtök upplýsinga-tæknifyrirtækja · Samtök sprotafyrirtækja · TÆKNI OG VIT 2007

## SPURNING DAGSINS



*Sigurður, gelta klámhundar ekki?*

„Nei, ekki einu sinni að kindarlegum bændum.“ Aðstandendur vefsíðunnar klam.is ætla að efna til þögulla mótmæla fyrir framan Hótel Sögu til að mótmæla illri meðferð á erlendum klámhundum sem ætluðu að koma til landsins.

John McCain staðfestir að hann sækist eftir að verða forsetaefni repúblikana:

# Segir lífi hermanna sóað

**BANDARÍKIN, AP** „Við höfum sóað miklu af dýrmætasta fjársjóði okkar, sem er líf Bandaríkjamanna,“ sagði repúblikaninn John McCain í sjónvarpsþætti Davids Letterman á þriðjudagskvöldið.

McCain hefur aldrei hvikað frá stuðningi sínum við stríðið í Írak, en hefur á hinn bóginn harðlega gagnrýnt það hvernig George W. Bush forseti hefur staðið að stríðinu.

Það vakti mikla athygli þegar hann sagði í sjónvarpsþættinum að lífi bandarískra hermanna hefði verið „sóað“ undanfarin fjögur ár í Írak. Demókratar segja nú eðlilegt að hann biðjist afsökunar á þessu orðalagi, þar sem Barack Obama, sem sækist eftir að verða forsetaefni demókrata, baðst afsökunar á sambærilegum ummælum nýverið.

McCain notaði annars tækifærið í sjónvarpsþættinum og tilkynnti að hann ætlaði að sækjast eftir að vera forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins árið 2008. Hann sagðist ætla að lýsa því formlega yfir í apríl næstkomandi, í beinu framhaldi af ferð sinni til Íraks.



**Í SJÓNVARPSÞÆTTI LETTERMANS** John McCain ákvað að staðfesta framboðsáform sín í sjónvarpsþætti Davids Letterman á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

McCain sóttist einnig eftir því að verða forsetaefni flokksins árið 2000, en þá bar George W. Bush sigur úr býtum. - gb

Málaferli gegn olíufélögum:

# Leigubílstjórar bíða eftir dómi

**DÓMSMÁL „Það getur vel komið til greina að fara í mál en við bíðum vitanlega eftir dómi Hæstaréttar í málinu [máli Sigurðar Hreinssonar gegn Keri] sem myndi skipta hugsanlega sköpum fyrir málsókn okkar,“ segir Styrmir Haukdal leigubílstjóri en hann íhugar nú, ásamt fleiri leigubílstjórum, að fara í mál við olíufélögin Skeljung, Olís og Ker, áður Olíufélagið.**

**Myndi málsóknin öðru fremur byggja á því að samráð olíufélaganna, á árunum 1993 til 2001, hafi leitt til yfirverðs sem hefði skilað sér í verri kjörum til viðskiptavina olíufélaganna. - mh**

Félag fasteignasala:

# Kerfið fært til sama horfs

**FASTEIGNALÁN** Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, telur að hækkað lánshlutfall í 90 prósent og hámarkslán hjá Íbúðalánasjóði upp á 18 milljónir hafi ekkert sérstaklega mikla þýðingu fyrir fasteignamarkaðinn. Verið sé að færa kerfið til sama horfs og var fyrir 1. júlí í fyrra.



INGIBJÖRG ÞÓRÐARDÓTTIR

Ingibjörg bendir á að 18 milljónir dugi rétt til kaupa á þriggja herbergja íbúð þar sem lánshlutfallið er 90 prósent af kaupverði. Á höfuðborgarsvæðinu séu fáar eignir þar sem þetta nýtist. Viðmiðunarreglurnar séu þannig. Þeim þurfi að breyta þannig að Íbúðalánasjóður hafi sömu möguleika og bankarnir. - ghs/ sjá síðu 12

Fylgiskönnun Capacent:

# VG næststærsti flokkurinn

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 36 prósenta fylgi, samkvæmt nýjum Þjóðarpúlsi Capacent Gallup sem kynntur var á RÚV í gær. Vinstri grænt er næststærsti stjórnmálaflokkurinn samkvæmt þessari könnun og segjast 24 prósent myndu kjósa flokkinn. Fylgi Samfylkingar er nú 23 prósent, Framsóknarflokks tíu prósent og Frjálslynda flokksins sjö prósent. Hringt var í rúmlega 4.600 manns allan febrúarmánuð og var svarhlutfall 61 prósent.

Þessi niðurstaða Capacent er nánast samhljóða niðurstöðum fylgiskönnunar Fréttablaðsins sem birt var síðasta föstudag. Mest munar einu prósentustigi. - ss

# Rétt verð tilbúið í kössum verslana

**Verslanir voru tilbúnar með rétt verð í kössum þegar skattalækkunin tók gildi í gærmorgun. Hillumerkingum var breytt fram eftir degi. Í bókabúðum báðu menn um smá þolinmæði. Neytendur voru bæði ánægðir og tortryggnir.**

**VERÐBREYTINGARNAR** Breytingarnar á matarverði voru komnar til framkvæmda í kassakerfum verslana þegar verslanir voru opnaðar í gærmorgun. Verslunarmenn voru þó í sumum tilvikum ennþá að breyta hillumerkingum í búðum. Neytendur voru flestir ánægðir með verðlækkunina.

Þröstur Karlsson, verslunarstjóri í Nettó í Mjódd, segir að breytingar á hillumerkingum hafi að langmestu leyti verið komnar til framkvæmda þegar verslunin var opnuð klukkan tíu enda hafi verið búið að undirbúa breytinguna í nokkra daga og formerkja það sem hægt var.

„Tölvukerfið var búið að gera upp um fimmleytið í gærmorgun og senda nýtt verð á alla búðarkassa. Við mættum þá nokkrir verslunarmenn til að breyta verðinu á hillumiðum og það gekk mjög hratt. Þegar viðskiptavinirnir komu í búðina klukkan tíu gátu þeir verslað á réttu verði,“ segir Þröstur.

Katrín Jóhannsdóttir, starfsmaður í mötuneyti, var að kaupa í matinn í Nettó í gær. Hún segir að sér finnist skattalækkunin mjög góð. Hún hafi fundið fyrir því í Bónus um síðustu helgi að verðið hafði lækkað umtalsvert. „Þetta minnkar útgjöld heimilanna,“ segir hún.

Lækkunin á virðisaukaskatti kemur ekki bara fram í vöruverði heldur líka í rúmlega sex prósenta lægra verði á bókum, tímaritum og geisladiskum. Þórunn Sigurðardóttir, verslunarstjóri hjá Eymundsson í Austurstræti, segir að verðbreytingin hafi verið á hreinu í kössunum í gærmorgun og það hafi skipt mestu máli. Hún vonast til að viðskiptavinir sýni þolinmæði í dag og næstu daga meðan verið er að handmerkja allar vörur bókabúða upp á nýtt.



**MATVARA LÆKKAÐI Í GÆR** Matur lækkaði í verði í verslunum í gær. Sumir neytendur óttast þó að breytingin endist ekki og að verðið hækki aftur í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**KATRÍN JÓHANNSDÓTTIR** Starfsmaður í mötuneyti, segist hafa fundið fyrir því í Bónus um síðustu helgi að verð á matvöru hefði lækkað umtalsvert. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**ÞRÖSTUR KARLSSON** Verslunarstjórinn í Nettó var í hópi þeirra sem mættu til hillumerkinga í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Helga Jónsdóttir, áttræð kona í Breiðholti, var að skoða bækur í Eymundsson í Mjódd. Helga er tortryggin á skattalækkunina og óttast að hún endist ekki. Hún spáir því að vöruverðið hækki aftur í vor. „Ég finn fyrir lækkuninni í dag en ég hef ekki trú á að hún endist. Það er ekki vaninn. Varan hækkar alltaf aftur,“ segir Helga og telur reynslu liðinna ára sýna þetta.

Verðlagseftirlit ASÍ hefur fylgst með verðlaginu síðustu mánuði og Henný Hinz, forstöðumaður Verðlagseftirlitsins, segir að sú starfsemi verði öflug áfram næstu mánuði. ghs@frettabladid.is



**VEÐURKORTAMYND** Erfitt verður að ná markmiðum í loftslagsmálum sem sett hafa verið.

Evrópusamtök atvinnulífsins:

# Áhyggjur af loftslagsmálum

**UMHVERFISMÁL** Evrópusamtök atvinnulífsins lýsa yfir áhyggjum af því að ekkert liggi fyrir um hvernig eigi að ná háleitum markmiðum Evrópusambandsins á sviði orku- og loftslagsmála. Samtökin leggja á það áherslu að einhliða aðgerðir af hálfu ESB geti einfaldlega haft þau áhrif að draga úr samkeppnishæfni evrópsks atvinnulífs.

ESB hefur sett sér markmið um að minnka losun gróðurhúsaloftegunda um tuttugu prósent fyrir árið 2020 og að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun innan sambandsins verði orðið tuttugu prósent. Hlutfallið er nú um sjö prósent. Á Íslandi er hlutfallið nú 72 prósent. - shá

## BÍLDUDALUR

### Vélar prufukeyrðar

Prufukeyrsla á vélum nýrrar kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal er hafin. Stefnt er að því að framleiðsla hefjist í næstu viku. Um tíu manns munu starfa í verksmiðjunni fyrst um sinn.

## BANDARÍKIN

### Býflugur í árásarham

Kona á fertugsaldri varð fyrir árás mörg hundruð býflugna í gær. Konan, sem er búsett í Arisóna í Bandaríkjunum, segir engu hafa verið líkara en heimsendir hafi verið í nánd. Hún hafi sig ekki getað hreyft og tunga hennar tekið að bólgna. Konan þykir hafa sloppið ótrúlega vel.


## BÍLL DAGSINS

## FORD FOCUS C-MAX 2.0

Nýskr. 03.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Mörg tré felld við Kópavogshæli án leyfis skógræktarstjóra:

# Trjágróðri hent á víð og dreif

**UMHVERFISMÁL** Mikill fjöldi trjáa, hefur verið felldur við Kópavogshæli, þar sem Arnarfell undirbýr byggingaframkvæmdir fyrir Kópavogsbæ, en þar stendur til að byggja um 230 íbúðir.

Tré af öllum stærðum og tegundum liggja á víð og dreif um byggingarsvæðið. Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar, segir að um tvö hundruð tré hafi verið fjarlægð í fyrra og gróðursett á nýjan leik. Hann hefur ekki tölu á þeim sem voru felld.

„Það var alveg ljóst að það ættu að fara tré þegar samþykkt var deiliskipulag á þessu svæði,“ segir Friðrik. Ekki hafi verið hægt að flytja stærstu trén.

Aðspurður hvort frágangur á svæðinu sé eðlilegur að hans mati, svarar Friðrik að þetta sé byggingarsvæði, byggja eigi þar sem tré voru fyrir. Allt nýtilegt hafi verið tekið og annað ekki.



**VIÐ KÓPAVOGSHÆLI** Talsvert af trjágróðri liggur í kring um Kópavogshæli, þrátt fyrir að 200 tré hafi verið flutt og gróðursett annars staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jón Loftsson skógræktarstjóri kannast ekki við að hafa veitt leyfi fyrir gerð rjóðursins á Kópavogstúni og segir málið verða rannsakað hið fyrsta. Hann taki síðan ákvörðun um framhaldið. - kóþ

Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair fylgir hverjum bíl.

www.toyota.is

# Tilboðsdagar
# Bíll og flug og 100% fjármögnun



Verðdæmi miðað við 2005 árgerðir

| | | |
|---|---|---|
| YARIS 3ja dyra | Tilboð 930.000 kr. | 13.651 kr. á mánuði * |
| YARIS 5 dyra | Tilboð 1.090.000 kr. | 15.976 kr. á mánuði * |
| Corolla | Tilboð 1.290.000 kr. | 18.882 kr. á mánuði * |
| RAV4 | Tilboð 2.350.000 kr. | 34.282 kr. á mánuði * |


YARIS


COROLLA


RAV4

- Gjafabréf fyrir tvo frá Icelandair**
- 100% lán frá Glitni
- 5000 kr. inneign í Saga Boutique fyrir lántakendur hjá Glitni
- Allt að 50% niðurfelling lántökugjalda hjá Glitni
- Gullvildarkjör hjá Glitni
- Allt að 84 mánaða lánstími

Þetta eru góð dæmi um þá fjölmörgu góðu bíla sem fást á sértilboði hjá Toyota betri notuðum bílum.

- **Opið til kl. 20, föstudag, hjá öllum umboðsmönnum Toyota.**

GLITNIR

*Afborgun á mánuði miðað við 100% lán á Gullvildarkjörum Glitnis, 84 mánaða lánstíma og myntkörfu GL5.
**Flugvallarskattar ekki innifaldir

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36318 03/07

**GENGIÐ 01.03.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,11 | 66,43 |
| Sterlingspund | 129,74 | 130,38 |
| Evra | 87,40 | 87,88 |
| Dönsk króna | 11,727 | 11,795 |
| Norsk króna | 10,796 | 10,860 |
| Sænsk króna | 9,427 | 9,483 |
| Japanskt jen | 0,5594 | 0,5626 |
| SDR | 99,58 | 100,18 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**119,5324**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samfylkingin ályktar um lækkun matvælaverðs og greiðslubyrði heimilanna:

# Gætum lækkað tvöfalt meira

**NEYTENDAMÁL** Samfylkingin vill lækka matvælaverð og önnur útgjöld heimilanna enn frekar. Í ályktun þingflokks Samfylkingar er lögð áhersla á að lækka megi matvælaverð tvöfalt meira með því að fella niður vörugjöld og lækka tolla í samráði við bændur.

„Við fögnum lækkun matvælaverðs en vekjum athygli á því að ríkisstjórnin lofaði að lækkun á matvælaverði næmi sextán prósentum. Nú er komið fram að hún verður í besta falli í kringum tíu prósent. Baráttunni fyrir bættum hag heimilanna er því hvergi nærri lokið,“ segir Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingar.

Hann segir flokkinn einnig vilja lækka útgjöld heimilanna á öðrum sviðum. „Þessi ríkisstjórn hefur sett Evrópumet varðandi vexti og heimsmet í viðskiptahalla. Við viljum lagfæra þetta, bæta hagstjórnina og lækka verðbólguna.“



**MATVÖRUVERSLUN** Meðal þess sem Samfylking vill gera til að lækka matvælaverð enn frekar er niðurfelling vörugjalda og lækkun tolla í samráði við bændur.

Auk þess leggur þingflokkurinn til að stimpil- og þinglýsingargjöld húsnæðislána verði afnumin og skorar á viðskiptabankana að lækka lántöku- og innheimtugjöld með það að markmiði að þau nemi ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði bankanna. - sþs

Handtaka í Leipzig:

## Barnaníðingur stökk fyrir lest

**ÞÝSKALAND, AP Þjóðverji á fimmtugsaldri hefur verið handtekinn, grunaður um að hafa nauðgað og myrt níu ára dreng fyrir tæpri viku. Hann reyndi að svipta sig lífi og liggur nú þungt haldinn á sjúkrahúsi.**

**Drengurinn, Mitja Hofman, var á leið heim til sín með sporvagni þegar maðurinn, Uwe Kolbing, settist við hliðina á honum. Drengurinn fór með Kolbing úr vagninum og spurðist ekki til hans eftir það. Lík drengsins fannst á laugardagsmorgun í garði sem Kolbing sótti tíðum. Kolbing fannst síðan stórslasaður eftir að hafa stokkið fyrir sporvagn.** - sþs

Samstarf í heilbrigðismálum:

## Bólusetningar samræmdar

**HEILBRIGÐISMÁL Samningur um bólusetningaskrá sóttvarnalæknis var undirritaður í gær af Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra, Haraldi Briem sóttvarnalækni og Garðari Má Birgissyni, framvæmdastjóra TM Software.**

**Með bólusetningaskrá má fá ýmsar tölulegar upplýsingar um fjölda bólusetninga um land allt og meta hættu á útbreiðslu sjúkdóma, sem hægt er að koma í veg fyrir með bólusetningu.**

**Einnig geta læknar flett upp bólusetningum einstaklinga á heilsugæslustöðvum.** - kóþ



**GARÐABÆJARLÖGNIN** Hér er grafið við veginn fyrir ofan Vífilsstaðavatn, hjá skógræktarsvæðinu við Smalaholt.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Heiðmerkurframkvæmdin:

## Haldið áfram hinum megin

**UMHVERFISMÁL** Þegar framkvæmdir voru stöðvaðar í Heiðmörk á dögunum, brugðu stjórnendur Klæðningar ehf. á það ráð að senda vélarnar og mannskapinn til að efla þá vinnuhópa sem koma að gerð lagnarinnar hinum megin frá.

Nú vinna fleiri menn frá Klæðningu að gerð lagnarinnar við Vífilsstaðavatn í landi Garðabæjar, en þar var áður hópur til staðar. Um tvö aðskilin verk og útboð mun vera að ræða, en lagnirnar munu eiga að tengjast. - kóþ

# Ummæli um Bubba dæmd dauð og ómerk

**Ummæli um Bubba á forsíðu Hér og nú voru dæmd ómerk í Hæstarétti í gær. Fyrrverandi ritstjóri greiðir 700 þúsund krónur í bætur. „Átti ekki erindi til almennings,“ segir lögmaður Bubba. „Langt gengið í takmörkun,“ segir lögmaður ritstjóra.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi ummæli þess efnis að Bubbi Morthens væri fallinn dauð og ómerk í gær. Þar með staðfesti hann dóm Héraðsdóms Reykjavíkur vegna fyrirsagnar á forsíðu tímaritsins Hér og nú hinn 16. júní 2005.

Garðar Örn Úlfarsson, blaðamaður og fyrrverandi ritstjóri Hér og nú, var dæmdur til þess að greiða Bubba 700 þúsund krónur í miskabætur auk einnar milljónar í málskostnað. Bótakrafa Bubba hljóðaði upp á tuttugu milljónir króna.

Á forsíðu blaðsins var mynd af Bubba þar sem hann sat í bíl sínum með sígarettu í munninum, með fyrirsögninni „Bubbi fallinn!“. Í frétt inni í blaðinu var sagt að Bubbi væri fallinn á tóbaksbindindi.



**DÓMUR SKOÐAÐUR Bubbi Morthens og lögmaður hans, Sigríður Rut Júlíusdóttir, skoða dóm Héraðsdóms Reykjavíkur sem féll í lok mars á síðasta ári. Dómurinn var staðfestur af Hæstarétti í gær.**

Í dómi Hæstaréttar segir að ekki hafi verið unnt að skilja forsíðufyrirsögnina öðruvísi en svo að fullyrt væri að Bubbi væri byrjaður að neyta fíkniefna, enda væri þorra þjóðarinnar kunnugt um vímuefnaneyslu hans fyrr á árum.

Einnig sagði að Bubbi hefði mátt vænta þess að friðhelgi einkalífs síns yrði virt, og sú friðhelgi hefði verið brotin með birtingu myndanna.

„Til þess að eitthvað megi fara fyrir sjónir almennings þurfa myndirnar að eiga erindi til almennings,“ sagði Sigríður Rut Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður eftir dóminn. „Það að taka mynd af umbjóðanda mínum inni í bílnum, við einkalífsathöfn [að reykja sígarettu], átti ekki neitt erindi til almennings.“

Gísli Hall, lögmaður Garðars, segir niðurstöðuna koma sér á óvart. „Miðað við þau dómafordæmi sem við höfum og það sem gengur og gerist í þjóðfélaginu finnst mér Hæstiréttur ganga langt í því að takmarka það sem á að heita frjáls fjölmiðlun,“ segir hann.

„Það er dapurlegt að dómarar Hæstaréttar skuli velja að teygja sig svona langt til að koma á framfæri skilaboðum um sinn persónulega smekk,“ segir Garðar Örn, sem nú starfar sem blaðamaður á Fréttablaðinu. „Þessi niðurstaða stenst naumast fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu því hér eru lagðar línur um að hefta útgefendur og blaðamenn á Íslandi með alveg óviðunandi hætti.”

Formaður blaðamannafélags:

## Tvíræðni blaðamanna bönnuð

Arna Schram, formaður blaðamannafélagsins, segist hafa áhyggjur af þessum dómi.

„Er Hæstiréttur að segja að blaðamenn megi ekki leika sér með tvíræðni? Telst maður friðhelgur fyrir ljósmyndurum inni í bíl? Hvernig metur Hæstiréttur hvað á erindi til almennings og hvað ekki?“

Hún segir að ekki verði betur séð en að Hæstiréttur sé með þessum dómi sínum að hefta frelsi blaðamanna við störf sín og það finnist henni dapurlegt. - mh



**RYKBINDING Á SÆBRAUT** 25 tonnum af efnablöndunni hefur verið dreift undanfarna fjóra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Svifryksmengun:

## Rykbinding er umhverfisvæn

**UMHVERFISMÁL** Efnablandan sem nú er dreift um götur borgarinnar til að binda svifryk er tuttugu prósenta magnesíumklórlausn og því hættulaus. Efnið er náskylt natríumklóríði og í matvælaiðnaði hefur magnesíumklóríð helst verið notað til að lækka natríuminnihald matvæla.

Saltblandan er sex sinnum dýrari en venjulegt salt, sem annars er dreift á götur borgarinnar. Kostnaðurinn er rúmlega 42.000 krónur á tonnið. Á síðustu fjórum sólarhringum hefur 25 tonnum af blöndunni verið dreift með ágætum árangri því mælingar sýna umtalsvert minna svifryk en áður við svipaðar aðstæður. -shá

Breytingar hjá Stöð 2:

## Kristján Már varafréttastjóri

**FJÖLMIÐLAR Kristján Már Unnarsson fréttamaður hefur verið ráðinn varafréttastjóri Stöðvar 2. Kristján Már tekur við starfinu af Þóri Guðmundssyni sem hefur tekið við starfi ritstjóra visir.is. Sigmundur Ernir Rúnarsson er sem áður fréttastjóri Stöðvar 2. Kristján Már starfaði sem fréttamaður á Stöð 2 frá 1988 en hann hóf fjölmiðlaferil sinn á Dagblaðinu árið 1980.** - sþs




**Námskeið: Umsjónarmenn fasteigna I**

**Fyrir hvern?**
Námskeiðið er ætlað starfandi og verðandi umsjónarmönnum fasteigna úr öllum greinum atvinnulífsins s.s. hjá stofnunum, fyritækjum og fasteignafélögum.

**Markmið**
Að þáttakendur öðlist þekkingu og færni til eftirlits og umsjónar með fasteignum og einnig í samskiptum við starfsfólk, eigendur, íbúa og gesti.

**Megin áherslur**
- Fagmennska umsjónarmannsins
- Gerð viðhaldsáætlana
- Lagna- og hitakerfi
- Umhverfispættir og orkusparnaður
- Verkefnisstjórnun
- Dagbók umsjónarmannsins

Námskeiðið hefst á Iðntæknistofnun *19. mars.*

Nánari upplýsingar og skráning á vef Iðntæknistofnunar *www.iti.is* eða í síma *570 7100.*

Iðntæknistofnun


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÆGIR Á MORGUN**
Segja má að nú með morgninum ríki víða vetur. Snjókoma eða él eru víða um land þó eitthvað sé farið að blotna í úrkomunni syðst. Það er hlýnandi veður í kortunum fyrst sunnan til og vestan í dag en á Norður- og Austurlandi dregur smám saman úr frosti og á morgun verður að líkindum frostlaust með ströndum.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Austan 5-10 m/s. Snjókoma í fyrstu en síðan skúrir eða slydduél. Hiti 0-4 stig, mildast síðdegis.

*um hádegi »*






*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C hálfskýjað | London | 11°C hálfskýjað | Alicante | 23°C lhálfskýjað |
| Þórshöfn | 2°C hálfskýjað | París | 12°C hálfskýjað | Mallorca | 16°C léttskýjað |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 8°C skúrir | Algarve | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 4°C skúrir | Krít | 19°C heiðskírt |
| Gautaborg | 1°C alskýjað | Berlín | 8°C skúrir | Las Palmas | 22°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Danskir dagar




## Jensen´s vörur í úrvali
- frábær matur sem þarf aðeins að hita
- kaldar sósur frábærar með öllum mat




**Hot dog**
- ekta danskar pølser




**Dönsk** ostaveisla
- yfir 30 tegundir af dönskum ostum




**Underground** ís
- 5 bragðtegundir




**Andrés Önd** krakkakex
- skemmtileg nýjung




**Jolly**
- á dönskum dögum




**Merrild**
- mest selda kaffið á Íslandi í dag



**Danevang** rúllutertur
- 3 tegundir




**Bähncke** remulaði
- og sósa á frönsku kartöflurnar




**Odense** frosnar desertkökur
- Ómótstæðilega góðar




**Tulip** álegg og kæfur
- í úrvali á dönskum dögum

Gildir til 12. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Á að refsa fyrir brot á skógræktarlögum?*

| | |
|---|---|
| Já | 83% |
| Nei | 17% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér dómurinn í Bubbamálinu réttlátur?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Hæstiréttur dæmdi karlmann í tveggja ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps:

# Stakk föður sinn með hnífi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á tuttugasta ári hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa stungið föður sinn í síðuna með flökunarhnífi á veitingastað við Laugaveg síðastliðið sumar. Þar af eru nítján mánuðir skilorðsbundnir til fimm ára og dregst þriggja mánaða gæsluvarðhaldsvist mannsins frá refsingunni.

Hæstiréttur kvað upp dóminn í gær og féllst á þá niðurstöðu héraðsdóms að ósannað væri að maðurinn hefði fyrirfram ætlað að drepa föður sinn.

Maðurinn var dæmdur í eins árs fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundna, í héraðsdómi. Hæstiréttur þyngdi dóminn vegna þess hversu hættulegu og stóru vopni maðurinn beitti þegar hann stakk föður sinn, vegna þess að hnífurinn gekk tíu til fimmtán sentimetra inn í síðu mannsins og vegna þeirra afleiðinga sem hlutust af stungunni. Fimm dómarar kváðu upp dóminn og vildu tveir þeirra staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Hæstiréttur tók mið af ungum aldri mannsins við ákvörðun refsingarinnar, auk þess sem hann hafði ekki áður brotið lög.

Manninum var einnig gert að greiða allan sakarkostnað í málinu á báðum dómstigum. Honum var einnig gert að greiða kostnað vegna geðrannsóknar sem hann gekkst undir, sem og að sæta sérstöku umsjónarskilyrði í eitt ár. - ifv



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Karlmaður á tuttugasta ári var dæmdur í tveggja ára fangelsi í Hæstarétti í gær fyrir að hafa stungið föður sinn í síðuna með flökunarhníf.

Sakborningur í London:

# Árásirnar voru bara blekking

**LONDON, AP Hussein Osman, einn sex sakborninga í réttarhöldum út af misheppnuðum sprengjuárásum á London árið 2005, segir að árásirnar hafi aldrei átt að valda tjóni á fólki. Markmiðið hafi aðeins verið að vekja ótta og mótmæla þátttöku Bretlands í Íraksstríðinu.**

**Sprengjuefni, gerð úr blöndu af hveiti og sýru, fundust í neðanjarðarlestum og strætisvagni 21. júlí árið 2005, tveimur vikum eftir að sjálfmorðsárásarmenn drápu sjálfa sig og 52 farþega í London. Talið var að árásirnar hefðu mistekist, en Osman segir sprengjurnar ekki hafa verið raunverulegar sprengjur.** - gb

Gjöf náttúrunnar til þín
Omega-3
FISKIOLÍA




Omega-3 fiskiolía inniheldur hátt hlutfall Omega-3 fitusýra, einkum EPA og DHA sem eru okkur lífsnauðsynlegar.
Fjöldi rannsókna víða um heim hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsuna.

Omega-3 fiskiolía byggir upp ónæmiskerfið á marga vegu og hefur jákvæð áhrif á:

- sjón
- hjarta og æðakerfi
- blóðþrýsting
- kólesteról í blóði
- liði
- rakastig húðarinnar
- minni
- andlega líðan
- námsárangur
- þroska heila og miðtaugakerfis á meðgöngu

Má taka með lýsi.

LYSI
www.lysi.is



**GÖTUSMIÐJAN** Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, var mættur á staðinn ásamt Mumma í Götusmiðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA



**EIGNATALNING** Forstöðumaður fasteigna ríkissjóðs, Snævar Guðmundsson, fór að Efri-Brú í gær til að telja eignir ríkisins. Nánast allt reyndist vera í ríkiseigu.

# Skoðað hvort Byrgið hýsi Götusmiðjuna

**Forstöðumaður fasteigna ríkissjóðs taldi eignir ríkisins að Efri-Brú í gær. Með í för var Guðmundur Angantýsson í Götusmiðjunni ásamt öðrum. Verið er að skoða hvort Götusmiðjan, sem er í lélegu húsnæði, fái inni í gamla Byrginu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Verið er að athuga hvort Götusmiðjan verði flutt í húsnæðið á Efri-Brú, þar sem Byrgið var áður starfrækt, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Annar möguleiki er að hún verði flutt í Arnarholt á Kjalarnesi, en húsnæðið þar stendur nú autt.

Forstöðumaður fasteigna ríkissjóðs, Snævar Guðmundsson, fór að Efri-Brú í gær til að telja eignir ríkisins innanstokks. Þar voru á sama tíma staddir fulltrúi frá félagsmálaráðuneyti, forstöðumaður Barnaverndarstofu, Guðmundur Angantýsson í Götusmiðjunni og fleiri. Gengið var um húsnæðið sem nú hefur verið tæmt að mestu og fékk blaðamaður Fréttablaðsins að fylgja hópnum.

Á Efri-Brú eru samtals sex hús þar sem er svefnaðstaða fyrir 44-46 manns að meðtöldu starfsfólki. Nánast allt sem er í húsunum er í eigu ríkisins, fyrir utan persónulega muni sem fyrrverandi starfsmenn Byrgisins hafa enn ekki sótt.

„Húsnæðið er að hluta til nýlegt og það þarf ekki að fara út í miklar lagfæringar þar,“ sagði Snævar. „En það þarf að gera því eitthvað til góða verði starfsemi flutt þar inn, svo sem að mála og flikka lítillega upp á það.“

Snævar sagði að verið væri að athuga möguleikana á nýtingu húsanna í framtíðinni. Ef ekkert kæmi út úr þeirri athugun yrði það selt.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur kallað eftir framkvæmdaáætlun um úrbætur á húsnæði því sem Götusmiðjan er nú starfrækt í að Akurhóli, sem áður var gamla Gunnarsholt. Að sögn Elsu Ingjaldsdóttur, framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins, er kominn tími á viðhald á húsum þar og lúta athugasemdirnar að því.

„Þetta eru stærri og fjárfrekari úrbætur og því förum við þá leið að kalla eftir framkvæmdaáætlun og taka síðan afstöðu til þess hvort hægt sé að fallast á þau tímamörk sem stjórnendur setja sér,“ sagði hún.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins munu þær lagfæringar sem gera þarf kosta tugi milljóna, jafnvel hundruð milljóna. Því er verið að huga að flutningi starfseminnar í annað og betra húsnæði.

jss@frettabladid.is

Fólk sem dvaldi í Byrginu og Breiðavík hefur leitað til Landspítala:

# Fyrrverandi vistmenn njóta aðstoðar



**BJARNI ÖSSURARSON**

Allstórir hópar fyrrverandi vistmanna Breiðavíkurheimilisins annars vegar og Byrgisins hins vegar hafa leitað aðstoðar hjá Landspítala - háskólasjúkrahúsi frá því að þjónustu fyrir fólkið var hleypt af stokkunum. Hún er í höndum fagaðila, sem ræða við fólkið og leggja línur fyrir áframhaldandi aðstoð við það innan heilbrigðiskerfisins.

Bjarni Össurarson, yfirlæknir á vímuefnadeild LSH, segir að rúmlega tíu manna hópur fyrrverandi vistmanna í Byrginu hafi leitað til deildarinnar.

„Við tökum upplýsingar frá öllum þeim sem til okkar leita og hafa verið í Byrginu. Þess ber að geta að ekki nærri allir í þessum hópi eru konur sem hafa verið misnotaðar. Við leggjum hvað mesta áherslu á að aðstoða þær,“ segir Bjarni. Hann bætir við að rætt sé við fólkið og bráðavandi þess metinn, hvort það þurfi aðstoð félagsfræðinga, hjúkrunarfræðinga eða lækna eða afeitrun á deild. Þá sé verið að finna farveg fyrir frekari sálfræðiaðstoð, einkum handa konunum sem hafi orðið fyrir misnotkun.

Jón F. Sigurðsson, yfirsálfræðingur á geðdeild LSH, sem leiðir teymið er tekur á móti fólkinu sem dvaldi í Breiðavík, segir að allstór hópur hafi leitað sér aðstoðar.

„Það er reynt að bregðast eins fljótt við og auðið er og með eins góðum úrræðum og auðið er,“ segir hann. „Mennirnir koma úr ýmsum áttum, en það eru greinilega fagaðilar úti á landbyggðinni sem sinna þeim líka, auk þess sem félagsmálayfirvöld hafa tekið málið föstum tökum.“

Símanúmer sem fólkið getur beðið um aðstoð í er 543 4074 virka daga milli klukkan 9 og 16 fyrir 31. mars næstkomandi. - jss

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR






## Það er sama hver staðan er, þú getur alltaf hringt kollekt

Viðskiptavinir Símans geta alltaf hringt kollekt sín á milli úr GSM í GSM með því að slá fyrst inn ***888*** og síðan númerið sem þeir ætla að hringja í.

Ótrúlega einfalt - og móttakandinn greiðir fyrir símtalið.

Síminn

ENNEMM / SIA / NM13709

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir málverkið eftir Kjarval sem var selt fyrir metfé?*
2. *Hvað heitir forsætisráðherra Ítalíu?*
3. *Á hvað metur skógræktin tjónið í Heiðmörk?*

SVÖR Á SÍÐU 54

56 ályktanir verða lagðar fyrir 29. flokksþing framsóknarmanna um helgina:

# Vilja fækka ráðuneytum í tíu

**STJÓRNMÁL** Framsóknarflokkurinn stefnir að því að fækka ráðuneytum úr fjórtán í tíu og að gerð verði sérstök jarðgangaáætlun óháð samgönguáætlun. Þetta er meðal þess sem kemur fram í 56 ítarlegum ályktunum sem dregnar hafa verið upp fyrir 29. flokksþing framsóknarmanna um helgina.

Framsóknarflokkurinn vill skýrari verkaskiptingu í Stjórnarráðinu og að verkaskipting ráðuneyta taki tillit til samfélags- og atvinnuhátta. Einnig að tryggja við kosningar til Alþingis persónukjör og vægi kjósenda við röðun á lista og fjölga kjördæmum til að skapa meiri nálægð milli kjörinna fulltrúa og kjósenda. Í ályktunum um atvinnu-, mennta- og byggðamál segir að hafist verði handa við að gera sérstaka jarðgangaáætlun sem ekki hafi áhrif á samgönguáætlun og jarðgangagerð verði á tveimur til þremur stöðum í einu, ár eftir ár í einn til tvo áratugi. Einnig er vilji til að farið verði í átak til að eyða svörtum blettum í vegakerfi landsins.



**FORMANNASKIPTI** Þingið um helgina er framhald 29. flokksþings framsóknarmanna. Í fyrra var blásið til þings til að skipta um forystusveit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einnig má nefna tillögur um að tekjur til lágmarksframfærslu séu ekki skattlagðar, heimilt verði að veiða hvali áfram, sveitarfélögin taki yfir framhaldsskólastigið, fæðingarorlof verði lengt í tólf mánuði og tryggja eigi fjármagn til refa- og minkaeyðingar á landinu. - shá

Samtök atvinnulífsins:

# 300 nýir starfsmenn hjá Alcan

**STÓRIÐJA Störfum í Hafnarfirði mun fjölga verulega komi til stækkunar álvers Alcan í Straumsvík. Starfsmönnum Alcan mun fjölga um rúmlega þrjú hundruð en fyrir hvert eitt starf sem skapast í álverinu verða til 2,4 afleidd störf. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Samtökum atvinnulífsins (SA).**

**Bein afleidd störf í Hafnarfirði verða um fimm hundruð eftir stækkun. Áætlað er að viðskipti Alcan við fyrirtæki í Hafnarfirði rúmlega tvöfaldist og nemi um þremur og hálfum milljarði króna á ári eftir stækkun. - ifv**






**ALLT LOGANDI Í ILLDEILUM** Fólk ætlaði sér greinilega ekki að láta lögregluna taka Ungdómshúsið átakalaust. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Hörð átök á Norðurbrú

**Stríðsástand ríkti í Kaupmannahöfn í gær eftir að lögreglan hafði rýmt Ungdómshúsið á Norðurbrú.**

**KAUPMANNAHÖFN** Allt logaði í átökum í Kaupmannahöfn í gær eftir að lögreglan hóf að rýma Ungdómshúsið á Norðurbrú, sem áratugum saman hefur verið vinsæll samkomustaður unga fólksins í Kaupmannahöfn.

Þúsundir manna mótmæltu rýmingu hússins, köstuðu múrsteinum og öðru lauslegu í lögregluna og héldu mótmælin áfram allt fram á kvöld víða um borgina, einkum þó á Norðurbrú. Mikill mannfjöldi hafði safnast saman á Nørrebrogade síðdegis og víða voru götubardagar þar sem lögreglan beitti meðal annars táragasi. Seint í gærkvöld var síðan boðað til mótmælafundar á Ráðhústorginu og var lögreglan viðbúin átökum þar.

Í Svíþjóð efndi ungt fólk einnig til mótmælafunda í gær, meðal annars í Stokkhólmi og Gautaborg, til þess að lýsa stuðningi við félaga sína í Danmörku.

Meira en hundrað manns höfðu verið handteknir í Kaupmannahöfn síðdegis í gær og þrír höfðu þurft að fá læknisaðstoð, þar á meðal þýskur ríkisborgari á þrítugsaldri sem var barinn í höfuðið og fluttur á sjúkrahús.

Hópur manna var í húsinu þegar hryðjuverkavarnadeild lögreglunnar mætti á staðinn stuttu fyrir klukkan sjö í gærmorgun. Nokkrir lögreglumenn sigu niður úr þyrlum og aðrir byrjuðu á því að sprauta vatni með háþrýstislöngum á mannfjöldann sem safnaðist að húsinu.

Verslanir og fyrirtæki í næsta nágrenni við húsið höfðu varann á og voru spjöld víða negld fyrir glugga.

Ungdomshuset, eða Ungeren, var upphaflega reist sem alþýðuhús í lok 19. aldar en hafði staðið ónotað í nokkra áratugi þegar borgaryfirvöld ákváðu árið 1982 að afhenda húsið ungu fólki til afnota.



**ÁTÖK** Götubardagar geisuðu víða í fyrrakvöld. Þúsundir manna köstuðu öllu lauslegu í lögregluna. FRÉTTABLAÐIÐ HARI

Fyrir sex árum var húsið hins vegar selt fríkirkjusöfnuði í Kaupmannahöfn, sem síðan hefur barist fyrir því að fá húsið rýmt. Unga fólkið vildi þó ekki yfirgefa það fyrr en annað sambærilegt hús hefði fengist í staðinn á sömu slóðum.

Á síðasta ári voru síðan felldir tveir dómsúrskurðir í þessu deilumáli og var unga fólkinu gert að rýma húsið ekki síðar en 16. desember síðastliðinn. Sá frestur leið án þess að nokkuð gerðist fyrr en í gær, þegar lögreglan sendi hryðjuverkavarnadeild sína á vettvang til að rýma húsið.

Kaupendurnir reiknuðu með því að fá aðgang að húsinu strax í gær til þess að meta ástand þess, að því er fram kemur í dagblaðinu Politiken, en gátu ekki svarað því hvernig húsið yrði nýtt.

Lögreglan í Kaupmannahöfn vill hins vegar, samkvæmt Jótlandspóstinum, að húsið verði jafnað við jörðu sem allra fyrst.

gudsteinn@frettabladid.is

Heimilið

Börn

Snyrtivörur

Dömur

Herrar

# Kaupaukinn þinn frá Clinique er í Debenhams

## dagna 1. - 7. mars

Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá Clinique er þessi gjöf til þín.*

- Liquid Facial Soap Mild 30 ml
- Clarifying Lotion no:2 60 ml
- DDML rakakrem 30 ml
- Turnaround Concentrate  7 ml
- Colour Surge augnskuggi
- High Impackt Maskari
- Colour Surge Impossibly Glossy
- Clinique Happy Perfume Spray

**Meðan birgðir endast*




DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!








Fyrrverandi starfsmenn Baugs bera lögreglu sökum:

# Villt um og snúið út úr í yfirheyrslum

**BAUGSMÁL** Tveir fyrrverandi starfsmenn Baugs sögðu nafngreindan lögreglumann hafa reynt að villa um fyrir þeim í yfirheyrslum, og ítrekað snúið út úr ummælum þeirra, þegar þeir báru vitni í Baugsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

„Þetta var ótrúleg lífsreynsla, maður á ekki von á því að þurfa að fara að láta lögreglu taka af sér skýrslu, maður var hálfhræddur,“ sagði Jóhanna Waagfjörd, fyrrverandi fjármálastjóri Baugs.

Hún sagði að Arnar Jensson, fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjónn, hefði ítrekað sagt sér að Baugur hefði veitt stjórnendum og tengdum félögum ólögleg lán. Í ákæru er því haldið fram að slíkar ólöglegar lánveitingar hafi átt sér stað, en því hafa sakborningar ítrekað neitað og sagt að um eðlileg viðskipti hafi verið að ræða.

Auðbjörg Friðgeirsdóttir, sem starfaði við innra eftirlit hjá Baugi til ársins 2005 og var mikið í sambandi við lögreglu til að afla umbeðinna upplýsinga úr bókhaldi Baugs, sagði svipaða sögu. Hún sagðist hafa upplifað yfirheyrslur, sér í lagi hjá Arnari, þannig að reynt væri að snúa út úr því sem hún sagði, ekki hefði verið hlustað á það sem hún hafði að segja og reynt hefði verið að villa um fyrir henni.

„Þeir reyndu að láta mér finnast eins og ég væri á mörkum þess að vera sek,“ sagði Auðbjörg, sem sagði að hún hefði ítrekað verið minnt á að ólöglegt væri að fremja meinsæri, og gert í því að draga úr trúverðugleika hennar.

Auðbjörg svaraði í gær spurningum um frægan kreditreikning frá Nordica í Bandaríkjunum til Baugs, og sagði hún skýringar stjórnenda Baugs á tilkomu reikningsins geta staðist miðað við umfang viðskiptanna.

Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson, tveir ákærðu í málinu, hafa gefið þær skýringar á reikningnum frá Nordica að hann hefði komið til vegna þess að lager hefði safnast upp af vörum frá Nordica, sem Nordica hefði tekið þátt í að greiða með þessum kreditreikningi. Það stangast hins vegar á við framburð Jóns Geralds Sullenberger, eiganda Nordica, sem einnig er ákærður í málinu. Hann segir reikninginn algerlega tilhæfulausan. **- bj**



**VITNALEIÐSLUR** Jóhanna Waagfjörd, fyrrverandi fjármálastjóri Baugs, var ósátt við yfirheyrsluaðferðir lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Í dag er reiknað með að fjögur vitni komi fyrir dóm. Mestur tími mun fara í að spyrja Stefán H. Hilmarsson, sem starfaði sem endurskoðandi hjá KPMG, um málið. Aðrir sem koma fyrir dóminn verða Margrét H. Nikulásdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, Ragnar Þórhallsson, sem starfaði fyrir Fjárfestingarfélagið Gaum, og Þórður Már Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka.

## ORÐRÉTT



*„Þú skilur ekki alveg hvernig bókhald virkar.“*
Auðbjörg Friðgeirsdóttir, sem starfaði við innri endurskoðun hjá Baugi, tók Sigurð Tómas Magnússon, settan ríkissaksóknara í Baugsmálinu, og eflaust fleiri sem staddir voru í réttarsalnum, í kennslustund í uppgjöri hlutabréfa.



*„Hvernig á hún að geta svarað því hvernig þetta gæti hafa gerst, ég mótmæli þessari spurningu. [...] Það eru villandi yfirheyrslur sem eiga hér sér stað.“*
Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, var ekki sáttur við spurningar setts ríkissaksóknara.



*„Það er ekki mín skoðun, en ég skal sleppa frekari spurningum um þetta.“*
Sigurður Tómas var ekki sammála Gesti um spurningarnar, en dró þær engu að síður til baka.



*„Nei, hann kunni ekki á bókhaldskerfið.“*
Jóhanna Waagfjörd sagði Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóra Baugs Group, ekki hafa verið líklegan til að gefa fyrirmæli um hvernig skyldi bóka ákveðnar færslur í bókhald Baugs.


# Lúxus á **einstöku** verði

Úrval lúxusbíla á einstöku tilboði í takmarkaðan tíma. Komdu núna í **Bílaland B&L** og gerðu frábær kaup!



**BMW 530i**
Nýskr: 09/2003, 3000cc
Sjálfskiptur, dökkgrár
Ekinn 25.000 þ.
**Verð kr. 4.890.000**
**Tilboð kr. 4.220.000**



**LAND ROVER - RANGE ROVER**
Nýskr: 09/2003, VOGUE 4400cc
Sjálfskiptur, silfurgrár
Ekinn 67.000 þ.
**Verð kr. 7.480.000**
**Tilboð kr. 6.450.000**



**PORSCHE Cayenne S**
Nýskr: 10/2004, 3000cc
Sjálfskiptur, dökkgrár
Ekinn 90.000 þ.
**Verð kr. 5.680.000**
**Tilboð kr. 4.660.000**



**BMW X5 INDIVIDUAL**
Nýskr: 01/2005, 3000cc
Sjálfskiptur, grænsanseraður
Ekinn 59.000 þ.
**Verð kr. 5.150.000**
**Tilboð kr. 4.350.000**



**TOYOTA Land Cruiser V6**
Nýskr: 01/2006, 4000cc
Sjálfskiptur, hvítur
Ekinn 19.000 þ.
**Verð kr. 5.420.000**
**Tilboð kr. 4.650.000**



**VOLVO XC90 V8**
Nýskr: 11/2005, 4400cc
Sjálfskiptur, hvítur
Ekinn 15.000 þ.
**Verð kr. 6.190.000**
**Tilboð kr. 4.950.000**



**M-BENZ E200**
Nýskr: 05/2006, 1800cc
Sjálfskiptur, silfraður
Ekinn 6.000 þ.
**Verð kr. 4.690.000**
**Tilboð kr. 3.750.000**



**LAND ROVER - RANGE ROVER**
Nýskr: 07/2004, 3000cc dísel
Sjálfskiptur, ljósgrænn
Ekinn 45.000 þ.
**Verð kr. 6.780.000**
**Tilboð kr. 5.850.000**

bílaland B&L notaðir bílar
**bilaland.is**
**575 1230**

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.




KRÓNAN
fyrst og fremst.



**BITIÐ Í JAPANSKA FÁNANN** Suðurkóreskur mótmælandi reyndi að rífa japanska fánann í sundur með tönnunum í gær á útifundi fyrir utan japanska sendiráðið í Seúl. Í gær fögnuðu Suður-Kóreumenn fullveldi landsins, sem hófst með blóðugri uppreisn gegn japönsku nýlendustjórninni hinn 1. mars árið 1919. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísar því á bug að útflutningi á íslenskum landbúnaðarvörum sé ógnað:

# Bændur ættu að vera á verði

**LANDBÚNAÐUR** „Ég veit ekki til þess að erfðabreytt fóður sé notað í nautgripa- og sauðfjárrækt á Íslandi,“ segir Baldvin Jónsson, verkefnisstjóri hjá Bændasamtökunum og vísar þar með á bug ummælum Jóhannesar Gunnarssonar, formanns Neytendasamtakanna, um að notkun erfðabreytts fóðurs ógni útflutningi á íslenskum landbúnaðarafurðum.

Íslendingar hafa markaðssett mjólkurvörur og lambakjöt í Bandaríkjunum og hefur verslanakeðjan Whole Foods Market helst sýnt afurðunum áhuga en þar er áhersla lögð á að bjóða upp á vörur sem eru framleiddar án tengsla við erfðatækni. Baldvin telur ástæðu til að vara sauðfjár- og nautgriparæktendur við notkun á erfðabreyttu fóðri til að íslenskar afurðir geti haldið sérstöðu sinni. Telur hann líklegt að kjúklinga- og svínaræktendur beri ábyrgð á auknum innflutningi á erfðabreyttu fóðri hingað til lands.



**ÍSLENSKT KJÖT** Baldvin Jónsson kveðst ekki vita til þess að bændur hér noti erfðabreytt fóður.

„Ísland var eitt fárra landa í veröldinni sem bönnuðu á sínum tíma notkun á hormónum við ræktun. Það gerði íslenskar afurðir enn eftirsóknarverðari síðar meir, þar sem hormónarnir hafa reynst illa. Bændur ættu einnig að vera á varðbergi gagnvart erfðabreyttu fóðri,“ segir Baldvin en bendir á að fulltrúar Whole Foods Market hafi ekki séð neitt athugavert við íslenskar framleiðsluaðferðir hingað til heldur þvert á móti hrifist mjög af þeim. - kdk

Utanríkisráðherra Rússlands:

# Gagnrýnir einhliða aðgerðir

**MOSKVA, AP Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, varar Bandaríkjamenn við því að ráðast inn í Íran. Jafnframt gagnrýndi hann harðlega í blaðaviðtali það sem hann sagði einhliða viðbrögð Bandaríkjamanna við erfiðum alþjóðamálum.**

**Lavrov sagði Rússa hafa áhyggjur af nýlegum ummælum Dicks Cheney, varaforseta Bandaríkjanna, sem sagði „alla möguleika opna“ til að koma í veg fyrir kjarnorkuvæðingu Írans.**

**Rússar hafa ítrekað sagst algerlega andvígir hörðum aðgerðum gegn Íran.** - gb




# Breytingar á Íbúðalánasjóði umdeildar

**Félagsmálaráðuneytið hefur hækkað lánshlutfall og hámarkslán hjá Íbúðalánasjóði í samræmi við það sem var í haust. „Afleikur,“ segir framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, „sem á eftir að virka sem verðbólgufóður.“**

**HÚSNÆÐISMÁL** Félagsmálaráðuneytið hefur gefið út reglugerð um breytt lánshlutfall og fjárhæð lána hjá Íbúðalánasjóði. Breytingin felur í sér að lánshlutfall almennra lána hækkar úr áttatíu prósentum í níutíu prósent og hámarksfjárhæð almennra lána hækkar úr sautján milljónum í átján milljónir króna. Breytingin tók gildi 1. mars. Lánshlutfallið og hámarksfjárhæðin eru færð í sama horf og þau voru áður en ríkisstjórnin greip til aðgerða í efnahagsmálum í lok júnímánaðar 2006.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra vildi ekki tjá sig um þessa breytingu en Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður félagsmálanefndar Alþingis, segir að félagsmálaráðherra hafi skýra heimild samkvæmt lögum til að afgreiða þetta með reglugerðarbreytingu. Einar Oddur telur að margir muni gagnrýna þessa breytingu og halda því fram að hún sé til marks um lausung í opinberri stjórnsýslu.

„Ég vona að það verði lítil áhrif af þessu en dreg enga dul á að ég tel þessa aðgerð mjög óheppilega. Hún verður til þess að koma inn efasemdum um að menn standi af nógu mikilli einurð að efnahagsmálum,“ segir Einar Oddur og kveðst ekki vita „hvaða nauð rak þá til að gera þetta en þeir gerðu það og ég harma það. Ég tel þetta óheppilegt. Þetta hefði betur verið látið ógert.“



**VILHJÁLMUR EGILSSON** „Á eftir að virka sem verðbólgufóður,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON** „Ég harma það,“ segir Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður félagsmálanefndar.



**PÉTUR BLÖNDAL** „Hækkar hugsanlega verðið,“ segir Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar.



**KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR** Telur breytinguna geta haft þensluáhrif og kveikt í íbúðamarkaðnum.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur að félagsmálaráðherra hafi leikið „mikinn afleik“ með breytingum hjá Íbúðalánasjóði. Hækkun lánshlutfalls og hámarksláns gangi þvert á ákvörðun ríkisstjórnarinnar í kjölfar kjarasamninga „og á eftir að virka sem verðbólgufóður engum til gagns“, segir hann.

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að breytingin hafi ekki komið á óvart, vitað hafi verið um hana með dags fyrirvara. Hann bendir á að greiningaraðilar hafi spáð lækkun fasteignaverðs. Með það í huga sé „ákvörðunin kannski ekki alveg slæm. Hún gæti jafnvel dregið úr þeirri lækkun. Hins vegar hygg ég að margir líti svo á að þessi aðgerð hækki hugsanlega verðið og geti þar með aukið þensluna,“ segir hann.

Katrín Ólafsdóttir hagfræðingur telur breytinguna geta haft þensluáhrif og kveikt í íbúðamarkaðnum.

Ekki náðist í Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra í gær.

ghs@frettabladid.is







Sextán mánaða fangelsi fyrir samfellda brotahrinu:

# Hótaði bíleiganda ofbeldi og lífláti

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur maður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í sextán mánaða fangelsi fyrir samfellda brotahrinu frá því í mars og fram í september á síðasta ári.

Honum var gefið að sök að hafa valdið skemmdum á bifreið með því að bera eld að „Molotovkokteil“ sem hann hafði komið fyrir undir vinstri hlið hennar. Jafnframt að hafa hótað eiganda bifreiðarinnar ofbeldi og lífláti. Þá veitti hann einhvern tíma á síðasta ári viðtöku 190 töflum með anabólískri verkan, sem hann mátti vita að voru ólöglega innfluttar. Auk þessa var maðurinn tvívegis tekinn með ýmis fíkniefni í fórum sínum á síðasta ári. Hann var sakfelldur fyrir vörslu, dreifingu og ætlaða sölu á tæplega 300 grömmum af kannabisefnum, tæplega 23 grömmum af amfetamíni, rúmlega 18 grömmum af kókaíni og nokkrum e-töflum.



**SELFOSS** Héraðsdómur Suðurlands á Selfossi dæmdi manninn til refsingar.

Með brotunum sem sakfellt var fyrir nú rauf maðurinn skilorðsdóm frá því í júlí 2003 og var sá dómur dæmdur með þessu máli. Auk fangelsisdómsins var maðurinn sviptur ökurétti ævilangt og honum gert að greiða ríflega 655 þúsund krónur í málskostnað. - jss

Bæjarstjórn fellir tillögu VG:

# Ekki ókeypis í Kópavogsstrætó

**SAMGÖNGUR** Tillaga Vinstri græns um gjaldfrjálsan strætó til reynslu í upphafi næsta árs var felld á bæjarstjórnarfundi í Kópavogi á mánudag. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins greiddu atkvæði gegn tillögunni, en Samfylkingarfulltrúar studdu tillögu vinstri grænna.

Samkvæmt tillögunni átti bæjarstjórnin að beina því til stjórnar Strætó bs. að gerð yrði tilraun til að hafa ókeypis í strætó fyrstu þrjá mánuði næsta árs, og metið hvaða áhrif sú breyting hefði á notkun vagnanna. - sþs

Ríkisútvarpið vinnur að endurheimt gamalla verðmæta hjá Kvikmyndasafninu:

# Tíu þúsund filmur á stafrænt form

**FJÖLMIÐLAR** Um 10.500 fréttafilmur frá fyrstu tveimur áratugum Ríkissjónvarpsins, frá 1966 til 1984, eru varðveittar í safni RÚV. Þær eru allt frá tuttugu sekúndum að lengd og upp í tuttugu mínútur.

„Lítið af 16 millimetra filmunum hefur glatast," segir Sverrir Kr. Bjarnason, sem vinnur að þessu í Kvikmyndasafni Íslands.

Filmurnar þarf að líma saman á ný, segir Sverrir, því þær voru klipptar til fyrir útsendingu og eru upprunalegar límingar þornaðar upp og detta í sundur við snertingu. Því næst þarf að samhæfa hljóð og mynd, því tónbandið er stakt. Að lokum eru filmurnar sendar til Danmerkur til hreinsunar og settar yfir á stafræn myndbönd.

Innan nokkurra ára verður því hægt um vik fyrir almenning að fá næstum hvaða fréttaefni sem er, frá þeim árum þegar RÚV var eina sjónvarpsstöðin.

Reyndar er lítið sem ekkert til af sjálfum kynningum fréttamanna, því þær fóru á dýr myndbönd, sem mátti endurnýta.

Sverrir telur engar stórar gloppur vera í safninu. Þó sé rétt sem fram hafi komið í Fréttablaðinu að efni utan af landi hafi farið forgörðum, enda hafi myndatökumenn þar oft verið að stíga sín fyrstu spor á ferlinum. Sverrir er tæplega hálfnaður með verkið og er þessa dagana að ganga frá Geirfinnsmálinu.

Fyrstu fimm árin eru nú þegar tilbúin og komin til landsins frá Danmörku. - kóþ



**ÚTVARPSHÚSIÐ** Í safni Ríkisútvarpsins leynist margur fjársjóðurinn. Nú er unnið að því að koma 10.500 fréttafilmum á handhægt og aðgengilegt form.



**SVERRIR KR. BJARNASON** Telur það taka um þrjú og hálft ár að koma því sem eftir stendur af fréttafilmusafni RÚV á varanlegt stafrænt form. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**OLÍUSKIP** Skipaumferð við landið er talin munu marfaldast á næstu árum. Sum skipin flytja mikið magn olíu.

Samgönguráðuneytið:

# Leiðarstjórnun skipa afráðin

**ÖRYGGISMÁL Samgönguráðuneytið hefur falið nefnd um öryggi í siglingum að gera tillögu að afmörkun öruggra siglingaleiða skipa og/eða takmörkun á siglingum skipa og vinna að því að siglingaleiðir sem valdar verða hljóti alþjóðlega viðurkenningu.**

**Í fyrstu verður unnið að því að taka upp leiðarstjórnun við Suður- og Suðvesturland en í framhaldi af því er ætlunin að ráðstafanir til leiðarstjórnunar verði gerðar annars staðar við landið einnig.**

**Leiðarstjórnun hefur ekki verið beitt hingað til hér við land. Leiðarstjórnun er ætlað að auka öryggi í siglingum, minnka líkur á mengunarslysum og draga úr hættu af völdum mengunar frá sívaxandi skipaumferð um íslenskt hafsvæði.** - shá

Kjaradeila grunnskólakennara:

# Foreldrar hafa áhyggjur

**KJARAMÁL** Samband foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur (SAMFOK) lýsir yfir áhyggjum á stöðu samningaviðræðna milli Félags grunnskólakennara og launanefndar sveitarfélaganna.

SAMFOK skorar á báða aðila að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná samkomulagi. Viðræðurnar hafa staðið yfir í vetur og snúast um endurskoðunarákvæði er varða leiðréttingu launa á grundvelli verðbólgu og almennrar kjaraþróunar. - bej

## SIGLUFJÖRÐUR

### Hús sígur undir varnargarði

Bæjarráð Fjallabyggðar vill að Ofanflóðasjóður fái óháðan aðila til að meta hvort framkvæmdir við snjóflóðavarnargarð á Siglufirði hafi orsakað óeðlilegt jarðsig undir einu íbúðarhúsi við Hólaveg.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Ráðherra styrkir útvarp

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hefur ákveðið að veittur verði 500 þúsund króna styrkur úr ríkissjóði til útvarps sem rekið er í Hafnarfirði fyrir nýbúa.


www.volkswagen.is




**Caddy – góður vinnufélagi**

Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn: ASR spólvörn, ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Fjöldi véla í boði: 1,4 l bensín 80 hö., 1,6 l bensín 102 hö., 2,0 l SDI 70 hö., 1,9 l TDI® 105 hö. (fáanlegur með sjálfskiptingu) og 2,0 l EcoFuel 109 hö.

**Verð frá 1.810.000 kr. með vsk**
**eða 28.970 kr. á mánuði***

* Miðað við bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Freistingar til

7% VSK

Gullfiskur 300g

1498 KR.

Roðlaus og beinlaus ýsa

Vistvænar danskar gulrætur

Kílóverð vistvænar gulrætur

198 KR.

Frosnar, danskar kjúklingabringur

Kílóverð kjúklingabringur

1398 KR.

## Bónus býður betur!

Komnar aftur!

3 XL rúllur

298 KR.

3 tröllarúllur

1 kíló!

79 KR.

BÓNUSBRAUÐ

EKKERT BRUÐL

1 KÍLÓ

26 sneiðar

Colgate tannkrem

100 ml

159 KR.

2 lítrar

79 KR.

Coke light

890g

499 KR.

Sjáðu verðið!

Mokkatertan

hans Stjána bakara

890g



að falla fyrir!
Frosinn KS lambahryggur
7% VSK
EKKERT BRUÐL
40% afsláttur við kassann
500 ml
89 KR.
POWERADE
Einiberjakryddað Lúxus Lambalæri
EINIBERJA LAMBALÆRI kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781 KR.
Einiberjakryddað lúxus lambalæri
KS lambahryggur kílóverð nú:
999 KR.
...fyrir góðan dag!
Heill Holtakjúklingur kílóverð nú:
323 KR.
Merkt verð 359 KR.
2L
Chiquita
Vitality
ACE Orange, Carrot, Lemon
2 lítrar
198 KR.
Allar tegundir
Góðir safar
7% VSK
Rynkeby
Tranebær drik
Trópí
Trönuberjasafi 1 lítri
139 KR.
Appelsínusafi 1 lítri
129 KR.
Holta-kjúklingur
Ferskur Holtakjúklingur
ÓKRYDDAÐUR
Ferskur Holta kjúklingur
EKKERT BRUÐL
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**BÚINN UNDIR VÍGSLU** Þessi strákur á Srí Lanka bjó sig í gær undir að verða tekinn í tölu búddamunka við hátíðlega athöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fulltrúi norska Hægriflokksins telur aðild Noregs að ESB líklega upp úr 2010:

# Smáþjóðir smærri utan ESB

**UTANRÍKISMÁL** „Noregur og Ísland eru smáþjóðir og munu alltaf verða smáþjóðir. En þær verða minni þegar þær eru fyrir utan Evrópusambandið,“ sagði Erik Moen, framkvæmdastjóri Alþjóðasambands hægriflokka (IDU), á hádegisverðarfundi Heimdallar og Evrópusamtakanna á dögunum þar sem rætt var um hvort hægrimenn ættu erindi í ESB.

Moen talaði á fundinum sem fulltrúi norska Hægri flokksins, sem er fylgjandi aðild Noregs að ESB. Ræddi hann meðal annars um aukið vægi ESB í alþjóðakerfinu og sagði sambandið vera í auknum mæli samnefnara Evrópu í huga fólks.

Að mati Moen er ólíklegt að spurning um aðild verði formlega tekin fyrir á næstunni í Noregi nema skoðanakannanir bendi til skýrs vilja almennings, þar sem dýrkeypt yrði ef aðild yrði hafnað í þriðja skiptið. Áður gerðist það árin 1972 og 1994.

Mikilvæg breyting hefur þó að sögn Moen orðið í Noregi á afstöðu til ESB, sem kemur fram í nýrri þverpólitískri þingskýrslu um mikilvægi ESB fyrir Noreg. Segir Moen að flestir stjórnmálaskýrendur hafi verið sammála um mikilvægi þessarar nýju skilgreiningar.

Moen kvaðst bjartsýnn á að Noregur yrði meðlimur í ESB fljótlega eftir árið 2010. - sdg



**ERIK MOEN** Segir flestar þjóðir ESB smáar og það mikilvæga sé að fá sæti við borðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Greiðslur í fæðingarorlofi:

# Styrkir karla og kvenna jafnháir

**KJARAMÁL Í stað tekjutengdra greiðslna til mæðra verða greiddir fæðingarstyrkir til foreldra, samkvæmt ákvörðun stjórnar Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BHM, BSRB og KÍ.**

**Þetta hefur í för með sér að fæðingarstyrkir til karla og kvenna verða jafnháir, en hliðsjón er höfð af starfshlutfalli. Þetta nýja greiðslufyrirkomulag fæðingarstyrkja má einkum rekja til þeirrar ákvörðunar stjórnvalda að breyta viðmiðunartímabili greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.**

**Breytingarnar taka gildi 1. júní næstkomandi.** - bem


# Evrópurútur 2007

Sérstaða Evrópurútanna felst í litlu stressi og hefur m.a. þess vegna fallið í góðan jarðveg hjá fólki sem vill njóta, án þess að koma dauðþreytt heim, sannkallað frí. Gist er á góðum hótelum, góður matur og fræðandi tilsögn fararstjóra hefur engan svikið undanfarin ár. Hægt er að skoða myndasafn úr ferðum Friðriks á vefsíðunni www.uu.is > „sérferðir“ > „Evrópurútur“. Friðrik mun veita upplýsingar hjá ÚÚ að Lágmúla 4 þriðjud. og fimmtud. Kl. 14 til 17 í febrúar og fram til 13. mars. Nánari ferðalýsingar eru á heimasíðu Úrvals Útsýnar og má líka biðja um að fá þær heimsendar (Ásta Guðrún 585 4000).

## Antalya í Tyrklandi (E1)
**14. – 24. apríl** **Uppseld**

## Antalya í Tyrklandi (E2)
**24. apríl – 2. maí** **Nokkur sæti laus**

Fararstjóri: Friðrik G. Friðriksson

Lúxushótel við ströndina þar sem allt er innifalið allan daginn. Á meðal skoðunarferða er heimsókn í eitt best varðveitta leyndarmál ferðamála, Kappadokia þar sem kristnir bjuggu þegar á 2. öld.

**Verð aðeins kr. 119.500 í tvíbýli**

## Ítalía (E3)
**4. – 18. júní** **Sæti laus**

Fararstjóri: Friðrik G. Friðriksson

Gist verður á góðum 3ja eða 4ja stjarna loftkældum hótelum með morgunverðarhlaðborði. Heimsótt verða Rómarborg, Vatíkanið, Pompei, Capri (blái hellirinn), Flórens, Písa, Feneyjar og Gardavatn. 12 máltíðir innifaldar.

**Verð kr. 179.000 í tvíbýli**

## Stóru eyjarnar þrjár: Korsíka, Sardinía og Sikiley (E4)
**11. – 25. júní** **Nokkur sæti laus**

Fararstjóri: Guðmundur V. Karlsson

Eyjaferðin er spennandi nýung á íslenskum ferðamarkaði. Í fyrsta sinn gefst tækifæri til að heimsækja þrjár af stærstu eyjum Miðjarðarhafsins undir stjórn staðkunnugs og ítölskumælandi fararstjóra. Morgunverðarhlaðborð og 12 kvöldmáltíðir ætti ekki að svíkja á eyjunum þremur og samtökin frægu á Sikiley gera allt til þess að vernda ferðamennsku.

**Verð kr. 199.500 í tvíbýli**

## Portúgal og Spánn (E5)
**19. – 26. júní** **Sæti laus**

Fararstjóri: Friðrik G. Friðriksson

Hótelið er lúxushótel við Spánarströnd, bæði morgunverður og glæsilegt kvöldverðarhlaðborð eru innifalin. Uppákomur og skemmtun standa til boða flest kvöld á hótelinu. Skoðunarferðir eru innifaldar, m.a. Sevilla og sigling upp eftir landamæraá Spánar og Portúgals með grilli og dans.

**Verð kr. 84.500 í tvíbýli**



Friðrik G. Friðriksson
Fararstjóri



Guðmundur V. Karlsson
Fararstjóri

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK
SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS




**MANZOYOTO ABA MBOMYO NUNEZ** Segir lögregluna hafa beitt sig ofbeldi og vill að lögreglumennirnir sem áttu í hlut verði reknir. Hann telur að um kynþáttafordóma hafi verið að ræða.

# Sakar lögreglu um ofbeldi

## Manzoyoto Nunez, 28 ára spænskur ríkisborgari, segir lögreglu hafa handjárnað sig á höndum og fótum. Hann hefur kært lögregluna fyrir harðræði.

**LÖGREGLUMÁL** „Ég sagði þeim að ég ætlaði að kæra lögregluna og að ég vildi fá einkennisnúmerin þeirra. Þá réðust fjórir lögreglumenn á mig og hentu mér í jörðina. Ég missti meðvitund við höggið. Þegar ég rankaði svo við mér var ég kominn aftur inn í fangaklefann og nú handjárnaður með hendur og fætur fyrir aftan bak líkt og ég væri hryðjuverkamaður,“ segir Manzoyoto Aba Mbomyo Nunez, 28 ára gamall spænskur ríkisborgari, sem hefur kært lögreglu höfuðborgarsvæðisins fyrir ólögmæta handtöku og ofbeldi í sinn garð.

Eftir samskipti hans við lögregluna var hann með kúlu á vinstra gagnauga, kenndi eymsla í baki, hálsi og öxl auk þess sem hann hélt sig kinnbeinsbrotinn. Þá segist hann hafa verið með rispur eftir handjárnin á höndum og fótum.

Manzoyoto hafði farið á tónleika með hóp af vinum sínum aðfaranótt 3. febrúar síðastliðins og var á heimleið þegar ákveðið var að koma við á skemmtistaðnum Pravda. Þar var honum meinaður aðgangur að staðnum vegna klæðaburðar og þegar hann bað um að fá að tala við yfirmann var honum neitað. Í staðinn segir Manzoyoto dyravörð staðarins hafa ráðist á sig. „Hann henti mér á bíl og var með mjög ógnandi tilburði. Ég fékk áfall og það næsta sem ég vissi þá var dyravörðurinn með fótinn á bakið á mér og búinn að snúa upp á hendina. Ég kallaði til fólks sem horfði á að hringja á lögreglu en enginn gerði neitt. Sumir hlógu meira að segja.“

Lögreglan kom um síðir og handtók þá Manzyoto án þess að útskýra það frekar. Hann segist hafa drukkið fjóra bjóra á nokkrum klukkutímum og alls ekki hafa verið mikið ölvaður. „Mér var síðan hent í fangaklefa án klósetts. Ég var mjög ringlaður og í miklu uppnámi. Ég vildi fá útskýringar á veru minni þarna og fá að hringja í konuna mína, spænska konsúlatið og lögfræðing. Mér var neitað um allt þetta.“

Eftir einhvern tíma kom lögreglumaður og hleypti Manzoyoto út og hann hélt þá kröfum sínum áfram. Hann segir lögreglumennina þá hafa ráðist á sig með fyrrgreindum afleiðingum.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir ríkissaksóknara rannsaka allan áburð um það að lögreglumenn hafi brotið af sér í starfi. Því sé ekki eðlilegt að embætti hans tjái sig um þau. Á skrifstofu ríkissaksóknara fékkst staðfest að kæra vegna atviksins hefði borist og að málið væri í rannsókn.

thordur@frettabladid.is

# Tími til að mála!

**Ekki hlaupa eftir gervitilboðum, „fyrri verðum“ eða „afsláttum“ – hjá okkur færðu alltaf hagstætt verð og mikil gæði.**





Allir ljósir litir

**DEKACRYL 7**
Gljástig 7 — 10 lítrar
**Kr. 3.150,-**



**MAKO**
Plastyfirbreiðsla — 20 m²
**Kr. 215,-**



Allir ljósir litir

**DEKAPRO 10**
Gljástig 10 — 10 lítrar
**Kr. 3.515,-**



**DEKAPRO 02**
Loftamálning — 10 lítrar
**Kr. 2.970,-**



**DEKA ROCK**
Samskeytaspartl — 28 kg
**Kr. 1.490,-**



Allir ljósir litir

**DEKAPRO 20**
Gljástig 20 — 4 lítrar
**Kr. 2.495,-**



**SCALA MASTERLACK**
40% gljái — 1 líter
**Kr. 868,-**



**DALAPRO MEDIUM**
Spartl — 3 lítrar
**Kr. 874,-**



**MAKO SETT**
Bakki, rúlla pensill, spartlspaði
**Kr. 570,-**



**DEKA TAK**
Olíugrunnur — 1 líter
**Kr. 650,-**



**HORNAMÁLARI**
**Kr. 585,-**



**BOSTIK**
Akrýlkítti — 300 ml
**Kr. 190,-**



**TECH COLOR Litaspray**
**Kr. 395,-**



**MÁLNINGARLÍMBAND**
50 metrar — 25 mm
**Kr. 224,-**



**PENSILL 70mm**
**Kr. 109,-**

**Hjá okkur færðu aðeins gæðamálningu á góðu verði**

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-15**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

# MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## „ORÐRÉTT“

### Nú er ég hissa

**„Þetta rýrir verulega lánstraust aðila.“**

HÁKON STEFÁNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI LÁNSTRAUSTS, ÚTSKÝRIR FYRIR BLAÐAMANNI HVAÐA ÁHRIF ÞAÐ HEFUR AÐ LENDA Á VANSKILASKRÁ.

**Morgunblaðið 1. mars**

### Gæti svo sem verið

**„Ég man ekki til þess að við höfum verið í lánastarfsemi.“**

LINDA JÓHANNSDÓTTIR, FYRRVERANDI FJÁRMÁLASTJÓRI BAUGS, MAN EKKI ALVEG HVAÐ HÚN VAR AÐ BAUKA Í VINNUNNI.

**Fréttablaðið 1. mars**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BIRGITTA JÓNSDÓTTIR SKÁLD

## *Með menningarsjokk í Níkaragva*



„Ég er nýkomin heim af alþjóðlegri skáldahátíð í Níkaragva og er svona að ná mér niður á jörðina,“ segir skáldkonan Birgitta Jónsdóttir og bætir því við að vikudvölin í Mið-Ameríku hafi verið ákaflega skemmtileg. „Sem skáld fær maður hálfgert menningarsjokk við að koma þangað því í Níkaragva er ljóðið ennþá hluti af alþýðumenningunni. Þarna leggur almenningur það á sig að læra ljóð utan að og fimm ára börn sátu hugfangin og hlustuðu á mig lesa. Það var sannkölluð karnivalstemning á þessari hátíð og mikið líf í bænum. Þarna var fólk í alls konar búningum og við skáldin stóðum á blómum skrýddum vögnum og lásum ljóð,“ segir Birgitta og viðurkennir að hátíðin hafi fengið hana til þess að hugsa mikið um stöðu ljóðsins á Vesturlöndum. „Á skáldahátíðum á Vesturlöndum er allt svo formlegt og háfleygt. Þar eru skáld að lesa fyrir skáld og hámenntaða menningarvita. Skáld ættu að taka meiri þátt í dægurmenningunni til þess að ná til almennings,“ segir Birgitta, sem ætlar að skella sér á fleiri skáldahátíðir á árinu ef hún hefur tíma.

„Það er eiginlega allt of mikið að gera hjá mér. Núna er ég að vinna fyrir Vinstri grænt og líkar það mjög vel. Það styttist í kosningar svo það er nóg af verkefnum. Ég er óttalegur anarkisti í mér og það kom mér á óvart hvað það er skemmtilegt að taka þátt í þessu starfi. Meðfram þessu reyni ég svo að vinna í tveimur bókum sem ég er með í vinnslu,“ segir Birgitta, sem vill þó ekkert gefa upp um efni bókanna. „Það kemur bara í ljós. En ég er nýbúin að gefa út ljóðabók á ensku sem heitir Samtöl við drauga. Ég fékk ítalskan teiknara, sem kallar sig The Hand, í lið með mér og bjó til teiknimyndaljóð. Það er svo gaman að leika sér með ljóðið og prófa eitthvað nýtt,“ segir Birgitta.

## SJÓNARHÓLL

**LÆKKUN VIRÐISAUKASKATTS**

### *Kókið lækkar*



**TRYGGVI PÁLL FRIÐRIKSSON**
Uppboðshaldari og listmunasali.

Virðisaukaskattur hefur verið lækkaður úr fjórtán prósentum niður í sjö prósent, en breytingin tók gildi hinn 1. mars síðastliðinn. Í kjölfarið munu fylgja breytingar á vörugjöldum og tollum í ýmsum matvöruflokkum. Heildaráhrif aðgerðanna eru umtalsverð lækkun neysluvísitölu á næsta ári, auk þess sem kaupmáttur heimilanna eykst. Með lækkuninni ætti matvælaverð á Íslandi að vera orðið sambærilegt við meðalverð á hinum Norðurlöndunum.

Tryggvi Páll Friðriksson í Gallerí Fold, einn helsti uppboðshaldari Íslands, telur þessar breytingar eingöngu vera af hinu góða. Sjálfur hafði hann ekki farið í matvöruverslun þegar samband var haft við hann í gær. Hins vegar tók hann eftir því að verðið á kókdósinni sem hann keypti sér í sjoppu þann daginn hafði lækkað. Hann sér enga ástæðu til þess að óttast það að eigendur matvöruverslunar muni hækka vörurnar aftur. „Þær halda örugglega, við neytendurnir höfum eftirlit með því,“ segir hann. „Ef við verðum vör við annað hættum við einfaldlega að kaupa viðkomandi vöru.“

# Karl í krapinu tilnefndur

**Engum manni hefur enn tekist að fara fótgangandi og syndandi um alla veröldina. Bretinn Karl Bushby hefur undanfarin ár reynt sitt besta og stefnir á að ljúka ferðinni árið 2009 eftir tólf ára þrotlausa göngu. Ingi R. Ingason, kvikmyndagerðarmaður og framleiðandi Kompáss, slóst í för með honum í fyrra. Hann gerði heimildarmynd fyrir BBC um hluta ferðarinnar og hefur hún verið tilnefnd til Royal Television Society-verðlaunanna, sem eru æðstu verðlaun sem sjónvarpsfólki getur hlotnast í Bretlandi.**



**MATUR** Félagarnir Bushby og Kieffer veiða sér dýr til matar á ferðum sínum. Kvikmyndagerðarmönnum BBC þótti uxinn heldur ókræsilegur. MYND/ÚR EINKASAFNI



**BUSHBY LEITAÐ** Á myndinni má sjá Morland Sanders, fréttamann BBC, kvikmyndagerðamanninn Inga R. Ingason og þyrluflugmann þeirra. Saman leituðu þeir að göngugörpunum Bushby og Kieffer og töldu þá af. MYND/ÚR EINKASAFNI



**ÍSBJARNARHAUSKÚPA** Ingi segir betra að vara sig á ísbjörnum þegar maður er á ferð á ísbreiðum. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Þetta eru náttúrlega fávitar,“ segir Ingi þegar hann er spurður út í kynni sín af Karli Bushby og meðhjálpara hans Dimitri Kieffer. Hann tekur þó strax fram að hann beri mikla virðingu fyrir þessum mönnum en það þurfi einhverja undarlega blöndu af áræðni, fífldirfsku og hugrekki til að leggja í þessa för. Án þessara eiginleika hefði þessum mönnum ekki tekist að fara svamlandi yfir Bering-sundið.

„Við fylgdum þeim út á ísinn en þegar gamanið tók að kárna og ísinn að bresta meira og meira í kringum okkur ákvað BBC að sitt fólk skyldi hitta þá síðar,“ segir Ingi. BBC-liðar sömdu við göngugarpana að þeir skyldu hafa samband í gegnum gervihnattasíma daginn eftir, beðið var eftir símtali með óþreyju en án árangurs. „Við höfum þá leit að þeim á þyrlu. Þyrluflugmaðurinn var alvanur leit enda hafði hann verið í Víetnam á árum áður en við fundum ekkert nema spor sem lágu ofan í vök. Það eina sem flugmaðurinn hafði að segja við þann fund var „Mér þykir það leitt,“ og því töldum við þá af,“ segir Ingi.

Símtalið langþráða kom þó öllum að óvörum daginn eftir. „Þeir höfðu þá látið sig vaða ofan í krapið og svamlað áfram.

Straumurinn þarna var svo sterkur að þá hafði borið mikið lengra en búist hafði verið við og því höfðum við ekki fundið þá þó við hefðum leitað vel úr lofti,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn og hrollur fer um hann þegar hann minnist fjörutíu stiga gaddsins sem var á þessum slóðum.

Það verður ekki jafn napurt á verðlaunaafhendingunni sem fer fram 13. þessa mánaðar enda er sjálfur Karl Bretaprins verndari verðlaunanna. Ingi segist þó ekki munu hitta prinsinn. „Ég kemst ekki til Bretlands á þessum tíma því ég verð í Mongólíu þegar afhendinginn fer fram.“

**karen@frettabladid.is**



**DÚÐAÐUR Á ÍSNUM** Það sést lítið af Inga á þessari mynd enda fer um hann hrollur þegar hann minnist gaddsins við Beringsund. Fyrir kvikmyndagerðina á ísnum hefur hann fengið tilnefningu til Royal Television Society-verðlaunanna. MYND/ÚR EINKASAFNI


Lotus Professional pappírsvörur

Á tilboði í mars 2007
LinStyle servíettur og dúkar, JustOne servíettur og servíettubox

Halldór Sigdórsson
Þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV



2.388 kr.



JustOne startpakki
servíettubox og 600 servíettur

794 kr.



LinStyle servíettur
40x40cm, 50stk

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6227A


Framtak til fyrirmyndar:

# Gaf nítján nýjar tölvur

Pétur Gunnarsson, faðir nemanda í Öskjuhlíðarskóla, afhenti skólanum nítján spánnýjar tölvur og tvo prentara síðastliðinn miðvikudag.

Pétur hringdi að eigin frumkvæði í ýmis fyrirtæki og bað þau að styrkja skólann um eina tölvu hvert. Vel var tekið í beiðni Péturs, sem hóf söfnunina upp úr áramótum.

Dagný Annasdóttir skólastjóri var að vonum ánægð með framtakið og sagði þetta mikla bragarbót. „Það var mikill skortur og tölvurnar orðnar gamlar. Þær nýtast gífurlega vel í kennslu fyrir fötluð börn og nú er tölva í hverri einustu stofu hjá okkur.“ **- kóþ**



**FRÁ AFHENDINGUNNI** Pétur Gunnarsson tók upp á því að hringja í fyrirtæki og safnaði nítján tölvum og tveimur prenturum á stuttum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




**1.499** kr/kg. áður 2.679 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur.




**1.559** kr/kg. áður 2.598 kr/kg.
Borgarnes nautahelgarsteik




**1.294** kr/kg. áður 1.848 kr/kg.
Goða ofnsteik m/ítölskum blæ




**1.394** kr/kg. áður 1.858 kr/kg.
SS Caj P´s helgarsteik




**Saclá**

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 2. mars til 4. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H.N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

# Verðið



4.799
~~7.900~~

**Salerni, vegghengt**
8078400



8.399
~~12.900~~

**Sturtutæki, Damixa**
Hitastillt
8078400



59.990
~~99.900~~

40% afsláttur

**Sturtuklefi, Macro**
Chincilla. Hornopnun.
8080102



**Rotþró, 2600 lítra**
8120012

91.900

## Flíspeysur
á dúndur tilboði

60-80% afsláttur



Verð frá
999



107.900

**Tengigrind, 12 kW**
Fyrir sumarbústað
8961594



299
~~495~~

**Málarastrigi, 2 stk**
30x40 sm
5856003



239
~~495~~

**Málningarspaðar**
5 stk í setti
5856124

Sama lága verðið um land allt

# lækkar í Húsasmiðjunni



**3.299** m2

**Eik Rustik**
Mattlakkað, 3ja stafa.
Smellt. Sænsk gæðavara.
146814

**1.399** m2

**Plastparket, 3ja stafa**
Megafloor. Hvíttað asklíki
með möttu yfirborði.
146945



**3.999**
~~7.995~~

**Spegill**
65x120sm
Silfur
5856702



**1.799**
~~2.999~~

**Eldfast mót með fati**
35x25 ??
2000223

## 25% afsláttur af **öllum** flísum

**Úrval af veggflísum frá 10x10 sm upp í 30x60 sm**





**399**
~~599~~

**Pottaleppi**
Coster Silicon
2000243




**599**
~~1.195~~

**Fondue-pottur**
Fyrir súkkulaði
2000990

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## Svona erum við

> Meðalaldur íslenskra togara




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HVAÐ ER VANSKILASKRÁ?

# *Fellur sjálfvirkt af skrá eftir fjögur ár*

**Hvað er vanskilaskrá?**
Vanskilaskrá er tölvutækur gagnagrunnur sem inniheldur upplýsingar um vanskil. Ýmsar stofnanir sem stunda lánaviðskipti af einhverju tagi nota vanskilaskrá sem tæki til að ákvarða lánstraust þeirra sem óska eftir lánafyrirgreiðslu.

**Hvernig er hægt að lenda á vanskilaskrá?**
Skuldir, kröfur eða gjöld sem ekki hafa verið greidd til baka á tilgreindum tíma geta lent á vanskilaskrá. Kröfurnar fara þó ekki samstundis á skrána ef greiðslufall verður af hálfu skuldara. En því lengur sem ekki er greitt af kröfu, þeim mun líklegra er að kröfuhafi fari með málið í löginnheimtu.
Það fer svo eftir því á hvaða stigi krafan er hvenær hún lendir á vanskilaskrá. Í stuttu máli má því reikna með því að mál sé komið á vanskilaskrá þegar það hefur komið til kasta sýslumannsembætta eða héraðsdóms.



**Hvernig falla mál af vanskilaskrá?**
Einfaldasta leiðin er að annað hvort greiða kröfuna eða senda upplýsingar um uppgjörið til Lánstrausts hf. Ef það er ekki gerlegt getur færslan verið á vanskilaskrá í allt að fjögur ár. Að þeim tíma liðnum fellur hún sjálfvirkt af skrá. Í sumum tilfellum má komast að þannig samkomulagi við kröfuhafa um greiðslu kröfunnar að hann telji óhætt að láta afskrá viðkomandi mál af vanskilaskrá áður en það er fulluppgert. Líkurnar á þannig afskráningu aukast ef gengið er frá stærstum hluta kröfunnar sem fyrst.

**Hvaða áhrif hefur skráning á vanskilaskrá?**
Skráning á vanskilaskrá getur heft möguleika lánaumsækjanda. Þeim getur annað hvort verið neitað um fyrirgreiðslu eða þeir látnir afla sér trygginga og ábyrgða umfram það sem óskað er af öðrum lánsumsækjendum. Ef viðkomandi aðili þarf ekki á nokkurri lánafyrirgreiðslu að halda hefur skráning á vanskilaskrá þó takmörkuð áhrif.

**Heimild: Lánstraust hf.**

**SPURT & SVARAÐ**
**ÁHRIF VERÐLÆKKANA Á FERÐAÞJÓNUSTU**

## *Skref í rétta átt*

Virðisaukaskattur á gistingu og veitingar lækkaði í sjö prósent í gær. Birna B. Berndsen er verkefnastjóri ráðstefnuþjónustunnar Congress Reykjavík.



**BIRNA B. BERNDSEN** Verkefnastjóri hjá Congress Reykjavík.

**Samkvæmt Alþjóða efnahagstofnunni WEF er Ísland vinsælt ferðamannaland. En aukast vinsældirnar enn við verðlækkanir?**
Þetta er tvímælalaust skref í rétta átt, þó hefði lækkun tolla á áfenga drykki mátt fylgja í kjölfarið. Það er eðlilegt að erlendir ferðamenn beri saman verð á mat og drykk hér við sitt heimaland, það gerum við sjálf á ferðum okkar erlendis.
**Mun lækkað gistiverð breyta miklu?**
Nei, gistiverðið skiptir ekki sköpum, þar sem það er nú þegar samkeppnishæft við aðrar höfuðborgir Evrópu. Verðlækkun er þó aldrei annað en jákvæð fyrir kaupendur, en bætt skipulag í ferðaþjónustu og ímynd landsins skiptir ekki síður máli.

# Misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum hefur aukist gríðarlega

**Misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum er að verða meiri í heiminum en notkun ólöglegra fíkniefna. Þetta kemur fram í ársskýrslu Alþjóðlega fíkniefnaeftirlitsins (INBC) fyrir árið 2006. Þórarinn Tyrfingsson segir að þróunin hér á landi sé eins. Landlæknir segir niðurstöðuna áhyggjuefni en að átak gegn misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja hafi staðið yfir hér á Íslandi síðustu ár.**

Í ársskýrslu Alþjóðlega fíkniefnaeftirlitsins (INBC) kemur fram að í mörgum löndum Evrópu, Afríku og Suður-Asíu er misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum orðin meiri en notkun ólöglegra fíkniefna eins og kókaíns, heróíns og e-taflna. Í Bandaríkjunum eru næstum því tvöfalt fleiri sem misnota lyfseðilsskyld lyf en fyrir rúmum áratug. Árið 1993 voru þeir tæpar átta milljónir en eru rúmlega fimmtán milljónir árið 2003.

**Mikil aukning á Íslandi**
Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir að sama þróun hafi verið hér á landi síðastliðin ár. Tæp fjörutíu prósent af sjúklingunum á Vogi árið 2005 greindust með fíkn í lyfseðilsskyld lyf. Þórarinn segir að fyrir þrjátíu árum hafi Íslendingar nær einungis misnotað róandi ávanalyf af lyfseðilsskyldu lyfjunum. „Misnotkun á örvandi lyfjum eins og rítalíni og amfetamíni hefur aukist mikið á liðnum árum. Þessi lyf eru notuð miklu meira utan sjúkrahúsa en áður því eftirlit hins opinbera með ávísun þessara lyfja hefur minnkað,“ segir Þórarinn.

**Átak gegn misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum**
Matthías Halldórsson landlæknir segir að aukin misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum sé áhyggjuefni alls staðar í heiminum. Hann segir að heilbrigðisyfirvöld á Íslandi hafi farið í átak gegn misnotkun slíkra lyfja fyrir tveimur árum. Tilkoma lyfjagagnagrunnsins hafi auðveldað yfirvöldum að fylgjast með þessari misnotkun.

Landlæknir segir að nokkrir neytendur fíkniefna sem hann hafi rætt við að undanförnu hafi sagt honum að nú sé erfiðara að verða sér úti um ávanabindandi lyfseðilsskyld lyf en áður. „Þetta fólk segir mér að það sé erfitt að fá ávanabindandi lyfseðilsskyld lyf hjá læknum á Íslandi að ástæðulausu,“ segir Matthías. Hann segir að eftirlit með ávísun lyfseðla fyrir ákveðin lyf hafi aukist, meðal annars svefnlyfsins róhýpnóls. Matthías telur að heilbrigðisyfirvöld séu á réttri leið með að reyna að koma í veg fyrir misnotkun slíkra lyfja.

**Ólögleg framleiðsla lyfseðilsskyldra lyfja**
Alþjóðlega fíkniefnaeftirlitið telur að samfara aukinni eftirspurn eftir lyfseðilsskyldum lyfjum hafi ólögleg framleiðsla slíkra lyfja aukist. Framleiðendur efnagreina lyfseðilsskyld lyf og búa til eftirlíkingar sem þeir selja á svörtum markaði eða í gegnum internetið.

Matthías Halldórsson segist ekki þekkja mörg dæmi þess að lyfseðilsskyld hafi verið framleidd hér á landi en að ekki þurfi að búa yfir mikilli þekkingu til að framleiða mörg lyf, meðal annars amfetamín.



**Í APÓTEKI** Misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum hefur aukist en landlæknir segir að heilsbrigðisyfirvöld hafi farið í átak til að bregðast við því.

**Aukin neysla róhýpnóls**
Höfundar ársskýrslunnar leggja áherslu á að ólögleg framleiðsla og sala á lyfinu fentaníli, sem svipar til heróíns, hafi leitt af sér aukningu á dauðsföllum vegna lyfjamisnotkunar í Bandaríkjunum. Í Skandinavíu hefur aukin eftirspurn eftir róhýpnóli leitt til aukinnar ólöglegrar framleiðslu og sölu á lyfinu.

Hér á landi hefur verið greint frá því í fjölmiðlum að nauðgarar hafi notað róhýpnól til að slæva fórnarlömb sín. Þórarinn Tyrfingsson segir að Íslendingar hafi misnotað róhýpnól um árabil. Hann segir að ekki hafi orðið merkjanleg aukning á misnotkun á róhýpnóli hjá sjúklingum á Vogi.

**Grefur undan baráttu við fíknefni**
Philip O. Emafo, forseti Alþjóðlega fíkniefnaeftirlitsins, segir að aukið framboð og misnotkun lyfsseðilsskyldra lyfja geti grafið undan þeirri baráttu sem háð hafi verið gegn fíkniefnum á alþjóðavettvangi síðastliðna fjóra áratugi. Emafo segir að mörg lyfseðilsskyld lyf séu það sterk að hættan á að neytendur þeirra taki of stóran skammt af þeim geti verið meiri en hættan á því að neytendur ólöglegra fíkniefna geri slíkt hið sama.

Ásgeir Karlsson, fyrrverandi yfirmaður fíkniefnadeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum komi sjaldnast til kasta lögreglunnar því hún flokkist sem brot á lyfjalögum en ekki fíkniefnalögum. Hann segir að þess vegna geti verið mjög erfitt að taka á slíkum málum.

Matthías Halldórsson segir að ef heilbrigðisyfirvöld gruni fólk um misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum, meðal annars ef fólk falsi lyfsseðla eða reyni að kaupa lyf í annarra nafni, bendi þau lögreglunni á að rannsaka málið.

**Grípa þarf til aðgerða**
Í skýrslu Alþjóðlega fíkniefnaeftirlitsins er komist að þeirri niðurstöðu að lönd heimsins eigi að standa saman í því að fylgjast með og deila upplýsingum um útbreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja sem framleidd eru á ólöglegan hátt. Ástæðan er meðal annars sú að ekki eru til neinar upplýsingar um umfang þessarar ólöglegu framleiðslu og dreifingar á lyfseðilsskyldum lyfjum.

Það er álit höfunda skýrslunnar að framboð og eftirspurn hafi aukist gríðarlega og því þurfi lönd heimsins að sameinast í því að stemma stigu við þeirri þróun því meðal annars sé auðvelt að kaupa slík lyf á internetinu.

## SÓTT Í RÍTALÍN OG AMFETAMÍN

Tæp fjörutíu prósent af sjúklingum Vogs árið 2005 greindust með fíkn í lyfseðilsskyld lyf. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir misnotkun á örvandi lyfjum eins og rítalíni og amfetamíni aukist mikið á liðnum árum. Þórarinn segir þróunina á Íslandi vera hina sömu og erlendis, en í mörgum löndum Evrópu, Afríku og Suður-Asíu er misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum orðin algengari en notkun ólöglegra fíkniefna.

Ólögleg framleiðsla lyfseðilsskyldra lyfja hefur aukist mikið í heiminum og segir forseti Alþjóðlega fíkniefnaeftirlitsins að slíkt geti grafið undan baráttunni við fíkniefni.



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON** Yfirlæknirinn á Vogi segir misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja hafi aukist hér á landi, meðal annars vegna þess að neysla rítalíns sé meiri en áður.



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON** Landlæknir segir niðurstöðu skýrslunnar áhyggjuefni en íslensk heilbrigðisyfirvöld hafi verið í átaki gegn misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum síðustu ár.



FRÉTTASKÝRING
INGI FREYR VILHJÁLMSSON
ingifreyr@frettabladid.is




KAUPÞING
NAMUS EST LIFSTILUM
NÁM ER LÍFSSTÍLL
„ÞINN STYRKUR LIGGUR Í NÁMI"
Námsstyrkir Kaupþings
Árlega veitir Kaupþing milljónir króna í námsstyrki.
Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir námsstyrkja Kaupþings og verður tekið á móti umsóknum til 1. maí 2007. Eingöngu er tekið við umsóknum með rafrænum hætti í gegnum heimasíðu bankans á www.kaupthing.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 7.370 **+0,91%** **Fjöldi viðskipta:** 1059 **Velta:** 12.508 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic** | 3,97% | **Teymi** | 1,62% |
| **Kaupþing** | 1,72% | **Eimskipafélagið** | 1,34% |
| **Alfesca** | 1,49% | **Atorka** | 0,54% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,72 -0,54% ... Actavis 68,20 +1,04% ... Alfesca 4,77 +1,49% ... Atlantic Petroleum 590,00 +0,00% ... Atorka 7,34 -0,54% ... Bakkavör 62,40 +0,65% ... Eimskipafélagið 36,90 -1,34% ... FL Group 30,20 +0,33% ... Glitnir 27,30 +0,37% ... Kaupþing 1.003 +1,72% ... Landsbankinn 31,90 +0,00% ... Marel 75,00 +1,35% ... Mosaic Fashions 15,70 +3,97% ... Straumur-Burðarás 20,20 +0,00% ... Össur 118,00 +0,86%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Peningaskápurinn ...

### Handhæg stafræn framköllun

Síminn og Hans Petersen hafa skrifað undir samning um stafræna framköllun í kjölfar þess að Síminn markaðssetti þjónustuna Safnið í fyrra. Safnið er örugg geymsla fyrir ýmis rafræn gögn, en ljósmyndirnar þar er hægt að skoða bæði í tölvu og á sjónvarpsskjá auk fleiri möguleika. Safnið er sagt uppfylla framtíðarsýn Símans um stafræna tilveru þar sem aukið virði fyrir viðskiptavini fyrirtækisins felist í að hafa öruggan aðgang að eigin gögnum í þeirri gátt sem best hentar hverju sinni. Með samstarfinu við Hans Petersen verður eftirleiðis hægt að senda stafrænu ljósmyndirnar í framköllun beint úr Safninu, ásamt því að fá þær sendar heim eða sækja í næsta útibú Hans Petersen.



### Fleiri kostir í stöðunni

Í kynningu Símans á samstarfinu í gær segir að það muni auka enn gæði og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins í gegnum Safnið. Margir kannast hins vegar við og nota jafnvel aðra vinsæla vistunarkosti fyrir ljósmyndir á netinu. Má þar nefna netsamfélag á borð við Flickr, sem er í eigu Yahoo, eða Picasa ljósmyndavef Google. Á þeim bæjum hafa viðlíka samningar og Síminn gerði við Hans Petersen verið gerðir við framköllunarstofur í Bandaríkjunum og spurning hvort Hans Petersen gæti ekki líka hugað að því.

## MARKAÐSPUNKTAR

Actavis hefur gert samstarfssamning við þýska sjúkrasamlagið Allgemeine Ortskrankenkassen (AOK). Í samningnum felst að AOK mælir með að læknar í Þýskalandi ávísi tilteknum lyfjum frá Actavis í þeim tilgangi að lækka kostnað í þýska heilbrigðiskerfinu.

Gengi Mosaic Fashions hækkaði um tæp sex prósent í Kauphöll Íslands í gær eftir að Landsbankinn birti nýtt verðmat þess. Í matinu er vænt verð bréfa 22,9 krónur á hlut en til samanburðar stóð það í 15,70 við lokun markaðar í gær.

Gengi hlutabréfa hélt áfram að lækka á helstu fjármálamörkuðum í Evrópu í gær. Mest lækkaði gengi frönsku CAC-vísitölunnar, sem fór niður um 2,1 prósent.

# M&S fylgist grannt með Sainsbury

Stuart Rose, forstjóri Marks & Spencer, segir að fyrirtækið íhugi að leggja fram tilboð í Sainsbury, þriðju stærstu stórmarkaðakeðju Bretlands. „Eignir sem þessar koma ekki oft inn á markaðinn,“ sagði hann á miðvikudaginn og bætti við að eigendur M&S myndu álíta hann vera fífl ef hann skoðaði ekki málið.

Hlutabréf í Sainsbury hækkuðu um tæp átján prósent í febrúar eftir að þrír fjárfestingasjóðir undir forystu CVC Capital Partners sögðust vera að íhuga að taka Sainsbury yfir. Það myndu verða stærstu skuldsettu fyrirtækjakaup í evrópskri sögu.

Styrkur M&S liggur í fatnaði en Sainsbury hefur sterka stöðu í matvörunni. Ef félögin færu í eina sæng mætti ná fram hagstæðari samningum við birgja og spara tugir milljónir punda í stjórnunarkostnað. Samanlögð velta félaganna yrði 25 milljarðar punda á ári samanborið við 30 milljarða punda hjá Tesco, stærstu stórmarkaðakeðju Bretlands.

Stjórnendur M&S ætla ekki að svo stöddu að leggja fram formlegt tilboð en áskilja sér rétt til þess ef stjórn Sainsbury óskar eftir slíku eða CVC Capital Partners setur fram formlegt yfirtökutilboð. **- eþa**

**Aðalfundur** TM

# Aðalfundur 2007

**Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 15. mars 2007 kl. 16.00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.**

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins, þ.m.t. greiðslu arðs.
4. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
6. Tillögur um eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:
   a. Breyting á 3. gr. um starfssvæði félagsins.
   b. Breyting á 6. gr. um að engin sérstök réttindi fylgi hlutum né að hluthafar verði skyldaðir til að sæta innlausn.
   c. Breyting á 15. gr. um að á dagskrá aðalfundar skuli vera ákvæði um að ákvörðun skuli tekin um ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skuli rekstrarhalla, svo og að á dagskrá aðalfundar skuli vera tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
   d. Um breytingu á 25. gr. þess efnis að félagsstjórn skuli leggja fyrir aðalfund tillögu um ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skuli halla.
   e. Ákvæði um að 26. gr. samþykktanna eigi ekki við þegar breyta skal 10. gr. þeirra.
   f. Endurskoðun á 27. gr. varðandi ákvörðun um slit á félaginu.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).
9. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á hlutum í félaginu.
10. Önnur mál löglega fram borin.

Vakin er sérstök athygli á því að framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar, Aðalstræti 6, Reykjavík, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Reikningar félagsins og tillögur liggja frammi á aðalskrifstofu, hluthöfum til sýnis, viku fyrir fundinn, en verða síðan afhent ásamt fundargögnum til hluthafa á fundarstað.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

ÍSLENSKA SIA.IS TMI 36481 03.2007

# Uppgjör Actavis á pari við spár

**Hagnaður Actavis árið 2006 nam níu milljörðum króna. Vöxtur félagsins á síðasta ársfjórðungi var mestur í Mið- og Austur-Evrópu og Bandaríkjunum.**

Actavis skilaði tæplega 102,7 milljóna evra hagnaði á árinu 2006, sem nemur rúmlega níu milljörðum króna. Hagnaðurinn á fjórða ársfjórðungi nam 32,5 milljónum evra, um 2,9 milljörðum íslenskra króna.

Tekjur félagsins rúmlega tvöfölduðust á árinu og námu 1.379 milljónum evra, 121 milljarði íslenskra króna. EBITDA-framlegðarstig, hlutfall rekstrarhagnaðar fyrir skatta af rekstrartekjum, var 20,8 prósent. Tekjur á síðasta fjórðungi jukust um áttatíu prósent í 350,2 milljónir evra. EBITDA-framlegð á fjórðungnum nam 19,9 prósentum.

Hagnaður Actavis var að mestu leyti í takti við spár greiningardeilda Glitnis og Landsbankans. Tekjur og framlegð voru hins vegar undir væntingum þeirra. Greiningardeild Kaupþings gerði ráð fyrir minni hagnaði á fjórðungnum, eða 23,5 milljónum króna. Skýrist það meðal annars af því að gengishagnaður ársins var mun hærri en gert var ráð fyrir.

Vöxtur Actavis á fjórðungnum var mestur í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu. Þar jókst sala um 31,3 prósent og nam 148,6 milljónum evra. Þá var vöxtur einnig góður í Bandaríkjunum. Salan jókst einnig í Vestur-Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Þar stóðu tekjur hins vegar í stað vegna áhrifa af miklum verðlækkunum í Þýskalandi. Af sömu ástæðu varð samdráttur í sölu til þriðja aðila um 25,5 prósent.

Á kynningarfundi uppgjörsins í gær kom fram að bandaríska lyfjaeftirlitið hefði veitt Actavis viðvörun í kjölfar skoðunar á starfsemi félagsins í Little Falls í New Jersey. Segjast stjórnendur hafa brugðist við henni. Hún muni engin fjárhagsleg áhrif hafa á árinu 2007. **- hhs**

# Fær hálfsárseinkasöluleyfi í Bandaríkjunum

Actavis hefur fengið samþykki bandarísku matvæla- og lyfjastofnunarinnar til að markaðssetja meltingarfæralyfið Ranitidine mixtúru þar í landi.



Í tilkynningu Actavis til Kauphallar Íslands um málið kemur fram að þar sem fyrirtækið sé fyrst til að sækja um markaðsleyfi á lyfinu hafi það fengið 180 daga einkarétt á sölu þess. Lyfið er sagt munu fara í dreifingu á næstu vikum.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, fagnar einkaréttinum og segir þetta í fyrsta sinn í sögu félagsins sem slíkur áfangi náist. Hann segir vonir standa til að lyfið verði á meðal þeirra söluhæstu í Bandaríkjunum á árinu.

Ranitidine mixtúra er samheitalyf frumlyfsins Zantac Syrup frá GlaxoSmithKline og er þriðja lyfið sem Actavis markaðssetur í Bandaríkjunum á árinu. Actavis segir að í fyrra hafi sala lyfsins í Bandaríkjunum numið um 121 milljón Bandaríkjadala, sem nemur um átta milljörðum króna. **- óká**

# Mikill gengishagnaður á Vestfjörðum

**Sparisjóður Vestfirðinga hagnaðist um 800 milljónir.**

Sparisjóður Vestfirðinga skilaði 801 milljón króna í hagnað í fyrra sem er 276,6 prósenta aukning á milli ára. Þar af var tekjufærsla skatta upp á 193 milljónir. Arðsemi eigin fjár var 80 prósent.

Gengishagnaður skýrir þennan mikla hagnað að mestu en hann nam 944 milljónum króna. SPVF átti eignarhlut í fjármálaþjónustufyrirtækinu Existu þegar það fór á hlutabréfamarkað í haust og er enn meðal eigenda.

Athygli vekur að hreinar vaxtatekjur voru 163 milljónir og drógust saman um fjörutíu prósent á milli ára.

Eignir sparisjóðsins námu 9.657 milljónum króna í árslok. Eigið fé var 1.805 og óx um 80,5 prósent á nýliðnu ári. **- eþa**

# MAX PS3

## Heimsins flottasta leikjavél!




## Forsalan er hafin! Takmarkað magn!

**PLAYSTATION 3 ER AÐ KOMA...**

- PlayStation 3 er engri lík - fullkomnasta afþreyingar- og leikjakerfi heims.
- Upplifðu nýja tíma í spilun tölvuleikja - hágæða mynd-og hljóðgæði, raunverulegri en nokkru sinni áður. Meira en 30 leikir fáanlegir frá fyrsta degi.
- PlayStation 3 er einnig fullkominn BD (Blu-ray disc) spilari (sem einnig spilar DVD myndir) - að horfa á kvikmyndir í háupplausn heima er nú loks raunhæfur möguleiki.
- Hágæða 1080p myndgæði sem ekki er hægt að toppa - myndgæðin eru ótrúlega skýr.
- Þráðlausir stýripinnar með hreyfiskynjurum og frumleg stýring leikja gerir öllum kleift að taka þátt og njóta.
- Innbyggður harður diskur (60GB) til að geyma kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir og leiki - hafðu allar skránar þínar á einum stað.
- Kannaðu heim afþreyingar á netinu í sófanum heima - vafraðu um netið og upplifðu hvernig það er að spila tölvuleiki við fólk allsstaðar í heiminum. Tenging í gegnum þráðlaust net.
- Spilaðu gömlu leikina - PlayStation 3 spilar fleiri þúsundir PS one og PlayStation 2 leikja.
- Einstakir tengimöguleikar við PSP (PlayStation Portable) - deildu efni, opnaðu og uppgötvaðu nýja möguleika í spilun tölvuleikja, hvort heldur þú sért heima eða á ferðinni.

**ATH. EKKERT FORKAUPSGJALD**

## Komdu strax í MAX og tryggðu þér Playstation 3 leikjavél

*Þú greiðir 10.000 kr. innborgun og verður með þeim fyrstu sem fær afhenta þessu mögnuðu vél þann 23. mars 2007*






### Með hverri PS3 tölvu sem er keypt í forsölu fylgir Casino Royale Blue Ray diskur, PS3 derhúfa, PS3 diskahulstur, PS3 glas, 6 Burn og 3 Pringles

*Þessi aukapakki verður afhentur samtímis tölvunni 23. mars.*

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Laun grunnskólakennara verður að endurskoða.

# Tvískinnungur í skólamálum

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Átyllidögum er gjarnan talað um mikilvægi menntunar. Rætt er um að menntun sé lykillinn að velsæld lítillar þjóðar og að Íslendingar eigi að skipa sér í fremstu röð þegar kemur að menntun. Þegar á hólminn er komið virðist stundum lítil innistæða fyrir þessum orðum.

Launanefnd sveitarfélaga og samninganefnd Kennarasambands Íslands hafa ekki náð samkomulagi um leiðréttingu á launum kennara eins og endurskoðunarákvæði samnings þeirra kveður á um og svo virðist sem upp úr samningaviðræðum hafi slitnað. Formaður Kennarasambandsins hefur þó sýnt fram á að laun kennara hafi hækkað verulega minna á samningstímanum en önnur laun í samfélaginu.

Byrjunarlaun kennara sem ekki er orðinn þrítugur eru nú 198.741 króna á mánuði. Hafi hann umsjón með 20 nemendum eða fleiri hefur hann 210.844 krónur í laun á mánuði. Mánaðarlaun kennara sem er orðinn 45 ára og með umsjón í jafnstórum bekk eru 240.592 krónur, hafi hann ekki tekið á sig umframskyldur sem raða honum í hærri flokk. Þetta eru laun kennara með þriggja ára háskólanám að baki. Ekki þarf frekar vitnanna við um að þarna er úrbóta þörf

Kröfur til grunnskólakennara á Íslandi hafa aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Kennarar dagsins í dag eru ekki bara kennarar heldur einnig uppalendur enn frekar en áður var. Skóladagur barna hefur lengst og hlutdeild skólans í daglegu lífi þeirra þar með aukist. Auk þess hefur stefna síðustu ára og áratuga verið að öll börn eiga rétt til skólagöngu í heimaskóla sínum. Þetta þýðir að hver kennari hefur með höndum kennslu á hópi barna sem getur haft afar mismunandi námsforsendur en hlutverk kennarans er að sjá til þess að kenna þessum breiða hópi barna, hverju þeirra á sínum forsendum.

Við þetta bætist að skólinn og kennarar þar með, eru undir smásjá foreldra sem eru iðulega afar meðvitaðir um þær skyldur sem skólinn á að uppfylla við börn þeirra. Það er því löngu liðin tíð að kennarinn sé ósnertanlegur og orð hans lög.

Forsætisráðherra vísar kjaradeilunni til aðila málsins, sveitarfélaga og kennara. Ljóst er hins vegar að ef upplausnarástand skapast í grunnskólanum einu sinni enn þá hljóta yfirvöld menntamála að verða kölluð til ábyrgðar. Slíkt upplausnarástand getur haft neikvæð áhrif á starf skóla um langan tíma, eins og dæmin sanna.

Sé það svo að sveitarfélögin í landinu hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða kennurum laun í samræmi við ábyrgð þeirra og menntun þá verður að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga.

Þjóð sem leggur metnað í að eiga háskóla í hópi hundrað bestu í heimi hlýtur einnig að hafa metnað til þess að greiða grunnskólakennurum mannsæmandi laun. Hún hlýtur að vilja tryggja að vinnufriður og starfsánægja ríki meðal þess stóra hóps framúrskarandi kennara sem sinnir uppfræðslu barnanna sem síðar setjast á skólabekk í þessum háskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 90 prósent lán

Tilkynnt hefur verið að Íbúðalánasjóður muni frá og með gærdeginum hækka hámarkslánshlutfall íbúðalána í 90 prósent. Eins og frægt er orðið var þetta eitt af kosningaloforðum Framsóknarflokksins að hækka lánshlutfallið og var slagorðið „90 prósent lán“ mjög vinsælt fyrir fjórum árum. Reyndar var ákvörðunin nokkuð umdeild þegar á reyndi og vilja sumir meina, sérstaklega þeir sem tengjast bönkunum og eru í samkeppni við Íbúðalánasjóð við að lána okkur peninga fyrir húsunum okkar, að 90 prósent lánin hafi verið einstaklega þensluhvetjandi og eigi drjúgan part af verðbólgunni sem hér hefur geisað undanfarin ár. Vegna verðbólgunnar þurfti einmitt á síðasta ári að hætta við 90 prósent lánin og breyta þeim í 80 prósent lán.



### Staðið við loforð

Það er greinilegt að framsóknarmenn ætla ekki að láta hanka sig á því fyrir þessar kosningar að hafa ekki staðið við kosningaloforð síðustu kosninga. Þessi hækkun kom flestum á óvart, nema kannski innmúruðum í félagsmálaráðuneyti og Íbúðalánasjóði. Sjálfstæðismenn sem Fréttablaðið talaði við í gær virðast að minnsta kosti ekki yfir sig hrifnir. Fjármálaráðherra neitar að tjá sig, en Einar Oddur Kristjánsson telur hækkunina „óheppilega“.



### Aukum eftirspurn

Bankamenn virðast ekki vera að fara á límingunum yfir þessari ákvörðun ef marka má fréttabréf greiningadeilda. „Það er því greinilegt að ríkisstjórnin telur nú frekar þörf á því að auka eftirspurn í hagkerfinu en að draga úr henni,“ segir til dæmis í Vegvísi Landsbankans. Ekki er þessi ákvörðun líkleg til að benda til einhverra aðhaldsaðgerða ríkisstjórnarinnar, eða til þess að Seðlabankinn lækki stýrivexti sína á næstunni. En það verður næsta ríkisstjórn sem mun þurfa að takast á við vandann þann. Og svo lánþegar sem munu þurfa að borga meira fyrir lánin sín.

svanborg@frettabladid.is

# Hamingjusöm og umburðarlynd

Síðustu misseri hafa tveir prófessorar á vinstri væng, Stefán Ólafsson og Þorvaldur Gylfason, málað hér skrattann á vegginn. Stefán kveður ríkisstjórnina hafa aukið ójöfnuð hraðar en herforingjastjórn Pinochets í Chile. Þorvaldur líkir Davíð Oddssyni við Kim Il Sung í Norður-Kóreu. Þeir Stefán og Þorvaldur feta í fótspor Jóns Grunnvíkings, sem skrifaði snemma á átjándu öld, að Ísland mætti „raunar kallast einslags hrúgald af grjóti, með grasgeirum frá sjó upp eftir skorað“, og sagði síðan: „Landslýður óróasamur með óþokkamál og eyðir sjálfum sér; yfrið ósamþykkt og sundurlynt fólk, ágjarnt líka, óhreinlynt og illa geðjað. Þeir góðu menn eru miklu færri og fá engu ráðið.“



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

**Í DAG** | Lífsgæði

*Í vandaðri, alþjóðlegri rannsókn, sem Félagvísindastofnun Háskóla Íslands tók þátt í 1999, reyndist íslenska þjóðin ein hin hamingjusamasta á Vesturlöndum. Í könnunum Gallups fást svipaðar niðurstöður.*

Líklega telja þeir Stefán og Þorvaldur sig til þeirra góðu manna, sem engu fá ráðið. En alþjóðlegar mælingar ganga þvert á áróður þessara Grunnvíkinga okkar daga. Samkvæmt víðtækri rannsókn hagstofu Evrópusambandsins, sem birtist í febrúarbyrjun 2007 og skoða má á heimasíðu Hagstofu Íslands, er fátækt (þegar hún er skilgreind við lágtekjumörk) einna minnst í heimi á Íslandi. Tekjuskipting er líka tiltölulega jöfn hér. Í Evrópu er hún aðeins jafnari í Slóveníu, Danmörku og Svíþjóð, en ójafnari í 27 löndum. Kjör fátæks fólks eru auðvitað samkvæmt skilgreiningu aldrei góð, en óhætt að fullyrða, að þau eru óvíða skárri en á Íslandi.

Við Íslendingar erum líka til fyrirmyndar um það, að við sameinum vistvænan atvinnurekstur og arðsaman. Á sama tíma og útgerðarfyrirtæki í flestum öðrum löndum þurfa mikla opinbera styrki, er afkoma slíkra fyrirtækja bærileg hér. Kvótakerfið er ekki fullkomið, en það er skásta kerfið, sem fundist hefur til að takmarka aðgang að takmarkaðri auðlind. Meginkostur þess er, að útgerðarmenn hafa beina hagsmuni af því að nýta auðlindina skynsamlega. Á sama tíma og aðrar þjóðir brenna olíu og kolum til að hita upp hús og bræða ál og losa þannig stórkostlegt magn af koltvísýringi út í andrúmsloftið, öflum við hita og raforku með gufu- og vatnsaflsvirkjunum. Þannig leggjum við mikið af mörkum til að minnka loftmengun í heiminum.

Í vandaðri, alþjóðlegri rannsókn, sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands tók þátt í 1999, reyndist íslenska þjóðin ein hin hamingjusamasta á Vesturlöndum. Í könnunum Gallups fást svipaðar niðurstöður. Í reglubundnum hamingjumælingum hollenska félagsfræðiprófessorsins Ruut Veenhoven komast Íslendingar jafnan einna efst á blað. Í könnun tveggja hagfræðiprófessora 2005, Andrew Leigh í Ástralíu og Justin Wolfers í Bandaríkjunum, reyndust Íslendingar hamingjusamastir allra vestrænna þjóða. Breski sálfræðiprófessorinn Adrian White vann 2006 skýrslu úr ýmsum hamingjumælingum annarra, og taldi hann Íslendinga í fremstu röð.

Hvers vegna eru Íslendingar hamingjusamir? Í fyrsta lagi mælast fámennar þjóðir jafnan hamingjusamari en fjölmennar, meðal annars vegna þess að menn lenda þar sjaldnar utangarðs, þar eð fjölskyldu- og vinatengsl eru sterk. Í öðru lagi er heilsufar hér gott og meðalaldur hár. Þriðja ástæðan er, að hagsæld er mikil á Íslandi og tækifæri til að komast út úr fátækt mörg. „Því er stundum haldið fram, að kapítalismi geri fólk óhamingjusamt,“ segir White. „En þegar fólk er spurt, hvort það sé hamingjusamt, svarar það frekar játandi, ef það nýtur góðra lífskjara og aðgangs að heilsugæslu og skólagöngu.“ Hann bætir við, að ýmis áhyggjuefni vestrænna nútímamanna virðist blikna í samanburði við skortinn víða, til dæmis í Rússlandi, Kínaveldi og Indlandi, svo að ekki sé minnst á örsnauð Afríkulönd.

Samkvæmt nýbirtri könnun Háskólans í Belfast eru Íslendingar líka í hópi umburðarlyndustu þjóða. Svíar voru einir umburðarlyndari gagnvart minnihlutahópum, en fast á hæla okkar fylgja Danir og Kanadamenn. Þrátt fyrir nöldur þeirra Grunnvíkinga, Stefáns Ólafssonar og Þorvalds Gylfasonar, hefur aldrei verið betra að búa á Íslandi. Vonandi telur fólk ekki mark á þeim, enda væri þá hætta á, að gamli þýski spádómurinn rættist: Ef skrattinn er málaður á vegginn, þá kemur hann.

# Launalegt réttlæti til handa grunnskólakennurum!

**UMRÆÐAN**

Kjaramál



**ÓLAFUR LOFTSSON**

Á liðnu hausti og það sem af er vetri hafa farið fram viðræður milli aðila um endurskoðunarákvæði í kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga (LN) og Kennarasambands Íslands (KÍ) vegna grunnskólans. Þar á að meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjaraþróun frá undirritun kjarasamnings 17. nóvember 2004, fram á haust 2006, gefi tilefni til viðbragða og ákveða þær ráðstafanir sem aðilar verða sammála um. Ljóst er að aðilar eru sammála um að almenn efnahags- og kjaraþróun gefi tilefni til viðbragða, en það er það eina sem aðilar eru sammála um.

LN hefur boðið 0,75% hækkun frá síðustu áramótum sem gerir það að samningsbundin launahækkun upp á 2,25% hækkar í 3%. Þessu til viðbótar býður LN hækkun um 1,25% ofan á 2,25% hækkun launa 1. janúar 2008 gegn framlengingu kjarasamningsins til 31. maí 2008.

Félag grunnskólakennara (FG) telur þetta tilboð LN engan veginn mæta efnahagsþróun síðustu tveggja ára og áhrif þeirrar þróunar á kaupmátt launa kennara.

Forstöðumaður kjarasviðs LN segir nýverið í blaðagrein að við samanburð FG á kjaraþróun leikskólakennara og þroskaþjálfa gleymi FG að taka tillit til möguleika á yfirvinnu í grunnskólanum, en að mínu viti tekur maður ekki yfirvinnu, viðbótarvinnu við 1800 stundir á ári, inn í dæmið þegar dagvinnulaun eru borin saman.

Forstöðumaður kjarasviðs LN segir ennfremur að kostnaðarauki kjarasamnings grunnskólakennara hafi verið svo mikill 2004 að ekki sé ástæða til að leiðrétta hann á grundvelli almennrar efnahags- og kjaraþróunar. Að mínu viti er aukaatriði hvað síðasti kjarasamningur kostaði LN í upphafi, endurskoðunarákvæðið stendur sjálfstætt.

LN þarf að axla ábyrgð gagnvart starfi grunnskólanna í landinu, ef sveitarstjórnarmenn vilja sýna að þeir vilji í raun metnaðarfullt skólastarf og að þeir vilji halda menntun í landinu í fremstu röð OECD landa, þá þarf að hækka laun grunnskólakennara og gera þau samkeppnishæf á við laun annarra háskólamenntaðra starfsmanna á Íslandi.

*Höfundur er formaður Félags grunnskólakennara.*


MAX
Frábær tækjakaup
69.999 kr.
Fullt verð 84.999
15stk
Landsins mesta úrval raftækja á lágMAXverði
Dúndur heitt pakkatilboð!
119.999 kr.
Fullt verð 139.999
AEG B3123M
• Helluborð með tímastilli
• Tvær stækkanlegar hellur
• Suðuvörn
• 1200W, 2200W og 2400W
• Digital stjórnborð
• Stærð í (bxd): 56x49,2sm
AEG B335124
• Bakarofn
• Heitur blástur
• Digital klukka
• Þrefalt gler
• Afþýðingarkerfi
• Gratín stilling
• Grill
• Orkuflokkur A
• Stærð (hxbxd): 60x59x56sm
10stk
Siemens WM14E470
• 1400 snúninga og 6kg þvottavél
• Rafeinda/Mekanískur kerfisveljari
• Hámarksvinda 1400 snúningar
• Tekur 6kg af þurrum þvotti
• Ullarvagga
• Hraðkerfi
• Þvotthæfni A
• Orkunýting A
• Vinduhæfni B
37.999 kr.
Fullt verð 49.999
Tecnowind PE58AV
• 60sm keramik helluborð
• 4 hellur -snertitakkar
• 2x 18sm 1800w hellur
• 2x 14,5sm 1200w hellur
• Tímastilling
• Barnalæsing
30% afsl.
27.999 kr.
Fullt verð 39.999
Xper XO5500
• Stál bakarofn
• Með blæstri
• Multifunction 5
15stk
31.999 kr.
Fullt verð 39.999
32.999 kr.
Fullt verð 39.999
7.999 kr.
Fullt verð 9.999
14.999 kr.
Fullt verð 16.999
Tecnowind C1P60IX
• 60sm stál háfur
• 400m3 á klst
• 4 stillingar á sogi
• 2x20w halógen lýsing
• Fitufilter úr áli
Kenwood VC1807
• 1800w ryksuga
• 2 fylgihlutir
• Litur: Silfur
Scancool SKF220
• 144sm kæliskápur
• 167 lítra kælir
• 45 lítra frystir
• 5 glerhillur í kæli
• Orkunýtni A
• Mál (hxbxd): 144x55x60sm
10stk
Scancool SKS260
• 144sm kæliskápur
• Kælir 250 Lítrar
• Orkunýting A
• 5 Glerhillur
• Grænmetisskúffa
• Mál (hxbxd): 144x55x57sm
Tilboð gilda til 5. mars eða meðan birgðir endast.
MAX RAFTÆKI
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# Má ekki minnast á færeyska kerfið?

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegsmál


JÓN KRISTJÁNSSON

Í grein í Fréttablaðinu 22. 2. 2006 sagði Jóhann Ársælsson að Samfylkingin teldi að ekki hefði komið fram neitt betra kerfi til stjórnar fiskveiðum en kvótakerfið sem við Íslendingar búum við. Því hefði Samfylkingin „byggt tillögur sínar á því að stuðst verði áfram við aflamarkskerfið“.

Því vil ég minna Jóhann á að í Færeyjum eru notaðar aðrar aðferðir til stjórnunar fiskveiða, s.k. dagakerfi, en það er eins og ekki megi minnast á það.

Almenn sátt ríkir í Færeyjum um dagakerfið, þeir vilja meina að það sé besta kerfi í heimi - fyrir þá. Færeyska kerfið byggist á að stjórna veiðiátakinu. með því að ákvarða fjölda veiðidaga og veiðisvæði hinna ýmsu skipaflokka og veiðarfæra (línu, troll og handfæri; ekki eru nein takmörk á dagsafla, fisktegundum sem veiða má eða heildarafla alls flotans).

Þannig bregst flotinn umsvifalaust við breytingum sem verða á umhverfi og lífríki. Aukning eða minnkun í fiskstofnum kemur strax fram í afla.

Unnt er að versla með veiðidaga, ekki þó milli skipaflokka. Það er gert til að koma í veg fyrir að þeir stóru gleypi þá litlu, og aðskilnaður veiða og vinnslu er bundinn í lögum.

Íslenska kerfið grundvallast hins vegar á að stjórna hve mikið er tekið úr hafinu. Skammtur ársins, það sem veiða má af hverri tegund, ákvarðast nokkrum mánuðum áður en veiðar hefjast og byggir á eins árs gömlum upplýsingum eða ágiskunum um stærðir hinna ýmsu stofna.

Á þeim tíma geta orðið ófyrirséðar breytingar, bæði á umhverfisþáttum og fiskstofnum. Jafnvel þó stofnstærð væri þekkt, þá greinir menn á um hve mikið eigi að veiða, hvar, hvenær og hvort veiða eigi smáan eða stóran fisk. Þá leiðir skömmtun afla til þess að menn reyna að hámarka verðmætin með því að koma með verðmætasta fiskinn að landi.

Geta má þess að Alþingi Íslendinga ályktaði fyrir nokkrum árum að skoða skyldi kosti og galla færeyska kerfisins, en ekki hefur orðið af því enn.

*Alþingi Íslendinga ályktaði fyrir nokkrum árum að skoða skyldi kosti og galla færeyska kerfisins, en ekki hefur orðið af því enn.*

Hvernig hefur gengið í Færeyjum? Dagakerfið var tekið upp 1996 eftir að kvótakerfi upp á íslenska vísu hafði verið innleitt tveimur árum fyrr að kröfu Dana. Að kröfu færeyskra fiskifræðinga var dögum fækkað um 17% fram til ársins 2000 en um 5% frá þeim tíma til dagsins í dag. Fiskifræðingar í Færeyjum hafa alltaf lagt til sóknarminnkun, oftast um 25-35% á ári, og stundum bann við þorsk- eða ýsuveiðum. Færeyska lögþingið, sem árlega ákvarðar fjölda veiðidaga, hefur ekki farið eftir þessum ráðleggingum.

Hefði alltaf verið farið að tillögum um fækkun fiskidaga, en fiskifræðingar hafa umreiknað ráðlagða sóknarminnkun yfir í afla, hefði þorskaflinn einungis orðið 153 þús. tonn 1996-2006 en veidd voru 212 þús. tonn, sem er 39% umfram ráðleggingar. Framúrkeyrsla í ufsa var 69% og í ýsu 38%.

Skyldi þá ætla að fiskur væri nú upp urinn, en svo virðist ekki vera. Árin 2005 og 2006 var metveiði af ufsa, 60 þús. tonn hvort ár. Ýsuafli er nú minnkandi og þorskafli er lítill. Heildar botnfiskafli er með mesta móti, hefur vaxið úr 90 þús. tonnum 1996 í 124 þús. tonn 2006.

Ekki hafa Færeyingar miklar áhyggur af litlum þorskafla enda þekkt að hann sveiflast mjög mikið og telur forstjóri Fiskirannsóknastofunnar í Færeyjum að hér sé á ferðinni náttúruleg sveifla en ekki ofveiði.

*Höfundur er fiskifræðingur.*

# *Er rafhlaðan tóm?*

**UMRÆÐAN**
Forvarnir


RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR

Eitt af jákvæðustu og skemmtilegustu verkefnum í forvarnastarfi VÍS er móttaka leikskólabarna sem koma í heimsókn í Þjónustumiðstöð félagsins reglulega. Þar fá börnin m.a. fræðslu um umferðarreglurnar, hjálmanotkun, öryggi barna í bílum auk þess sem þau fá að sjá litla kvikmynd um Venna Vísa, skrítinn karl sem er að bisa við að setja upp reykskynjara, skipta um rafhlöðu, hjóla í umferðinni, ganga yfir gangbraut, tala í símann á hjólinu sínu án handfrjáls búnaðar og fl. Börnin eru m.ö.o. virkjuð til þess að koma skilaboðum áleiðis til mömmu og pabba, þ.e. að spenna bílbeltin, tala aldrei í farsíma í akstri án handfrjáls búnaðar o.fl.

Eitt af því sem við fræðum þau um er að reykskynjari á að vera í hverju svefnherbergi og það sem meira er – það þarf að gæta þess að skipta um rafhlöðu einu sinni á ári. Þessi skilaboð komast svo sannarlega til skila, ef marka má frásagnir leikskólakennara og foreldra barnanna. Og þar með er ég komin að kjarna málsins. Með aukinni tæknivæðingu heimilanna, er nú svo komið að barna/unglingaherbergið er orðið tæknivæddasta herbergi hússins og þar með eykst hættan á bruna í jöfnu hlutfalli við fjölda tækja. Flestir unglingar nútímans hafa alls kyns rafmagnstæki í svefnherbergi sínu, s.s. sjónvarp, dvd-spilara, hljómflutningstæki, tölvu, prentara og þaðan af fleiri rafmagnstæki. Ungmennin hafa oft kveikt á þessum tækjum alla nóttina og gæta þess ekki að rjúfa strauminn, t.d. af sjónvarpinu áður en þau sofna. Auk þess læsa þau mörg að sér á nóttunni. Það er því ljóst að hættan er umtalsverð ef eldur verður laus í barna/unglingaberginu því reykurinn er lengi að komast fram á ganginn, þar sem e.t.v. er reykskynjari. Það er því lífsnauðsynlegt að koma fyrir reykskynjara í loftið á öllum svefnherbergjum hússins og að auki í sameiginlegum rýmum á hverri hæð. Þá er góð regla að skipta um rafhlöðu einu sinni á ári, t.d. þegar aðventan byrjar. Ég hvet einnig alla til að kanna útgönguleiðir og gera rýmingaræfingu með allri fjölskyldunni, því það er of seint að vera vitur þegar skaðinn er skeður.

Því miður virðist sem alltof margir átti sig ekki á þeirri hættu sem felst í því að fylla svefnherbergin af rafmagnstækjum. Margir slökkva t.d. á sjónvarpinu í svefnherberginu með fjarstýringunni sem er alls ekki nægilegt þar sem það er enn straumur á tækinu. Þá er algengt að fólk láti unglinginn hafa eldra sjónvarp inn til sín; sjónvarp sem kann að vera yfirfullt af fínu ryki sem er oft ástæða þess að það kviknar í sjónvarpinu.

Skilaboðin eru því einföld: Slökkvið á stærstu rafmagnstækjunum í svefnherberginu með aðalrofa áður en gengið er til náða og hafið reykskynjara með virkri rafhlöðu í loftinu. Gerið rýmingaráætlun fyrir heimilið og æfið hana. a.m.k. einu sinni á ári með öllum fjölskyldumeðlimum. Tryggingar eru öllum nauðsynlegar en þær bæta þó aldrei líf og heilsu ástvina okkar.

*Höfundur er forvarnarfulltrúi hjá VÍS.*

# Af hverju er reynt að fela árangur í efnahagstjórnun?

**UMRÆÐAN**
Efnahagsmál


GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Ég skil ekki hvers vegna forsvarsmenn Sjálfstæðisflokksins með Hannes Hólmstein í broddi fylkingar virðast skammast sín fyrir þróun efnahagsmála. Þekkt er að þeir hafa í stórblöðum erlendis hrósað sér af því að hafa haft sjónarmið frjálshyggju að leiðarljósi við mótun efnahagsstefnu á Íslandi og náð lengra en þau ríki sem talin eru hafa náð lengst í þessum málum. Hvers vegna vilja Hannes Hólmsteinn og forsvarsmenn Sjálfstæðisflokksins alls ekki kannast við árangur sinn hér á landi.

Tveir prófessorar við háskólann, Stefán Ólafsson og Þorvaldur Gylfason, hafa sýnt fram á með haldgóðum rökum að kaupmáttaraukning hafi verið ójöfn. Einnig hefur komið fram rannsókn sem þriðji háskólaprófessorinn, Ragnar Árnason, hefur gert, að ekki sé við kjarasamninga á vinnumarkaði að sakast í þessum efnum, þar hafi laun verið hækkuð jafnt upp allt kerfið og lægstu laun jafnvel fengið ívið meiri hækkun. Stefán hefur lýst þróun yfir tíma og notaði sama hugtakið allan tímann. Tölur hans standa fyllilega fyrir sínu, Gini-stuðullinn hefur hækkað á liðnum árum. Hann hefur augljóslega verið að hækka meira ef horft er til heildartekna með fjármagnstekjum en heildartekna án fjármagnstekna. Þ.e. auknar fjármagnstekjur eru að skýra hluta af auknum ójöfnuði. Gini-stuðull ráðstöfunartekna er að hækka mest þar sem markvist hefur verið dregið úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins. Minnkandi tekjujöfnunaráhrif skattkerfisins má rekja til nokkurra þátta:

*Skattleysismörkin eru sá þáttur skattkerfisins sem helst jafnar tekjuskiptinguna þegar aðeins er eitt skattþrep. Á þetta hefur verkalýðshreyfingin margoft bent.*

1. Persónuafslátturinn lækkaði á árunum 1993-2006.
2. Hátekjuskatturinn hefur verið aflagður.
3. Skattur af fjármagnstekjum er lægri en af öðrum tekjum. Vaxandi vægi fjármagnstekna í heildartekjum hefur þess vegna leitt til þess að munur á tekjudreifingu heildartekna fyrir og eftir skatt hefur minnkað.
4. Meðaltekjur hinna tekjuhæstu hækkaði umfram tekjur annarra, einkum fjármagnstekjur þeirra.
5. Tekjur hinna lægst launuðu hefur hækkað það mikið að margir þeirra sem áður voru skattlausir greiða nú skatt.

Það dregur úr jöfnuði, en nákvæmlega hversu mikið geta menn deilt um, en að hafna þessari þróun er skrumskæling á sannleikanum. Það eru ákvarðanir stjórnvalda sem hafa mest áhrif á kaupmátt og ekki síst hjá þeim lægstlaunuðu. Nær öll vestræn ríki hafa aukið jöfnunaráhrif skatt- og velferðarkerfa sinna. Jöfnun með sköttum og bótakerfi velferðarkerfisins hér á landi hefur minnkað. Skattleysismörkin eru sá þáttur skattkerfisins sem helst jafnar tekjuskiptinguna þegar aðeins er eitt skattþrep. Á þetta hefur verkalýðshreyfingin margoft bent og bent á að annað hvort verði að hækka skattleysismörk og binda þá við launavísitölu eða taka upp fjölþrepa skattkerfi. Ef skattleysismörk fylgja ekki launavísitölu er gengið í átt til aukins ójafnaðar í tekjuskiptingunni á Íslandi. Einnig hafa frítekjumörk og skerðingarákvæði stjórnvalda valdið fátæku fólki hér á landi miklum skaða.

Einnig má benda á að ríkisstjórnarflokkarnir gengu bak orða sinna frá því í sumar, þeir lofuðu að bætur í vaxtabótakerfinu myndu ekki skerðast frá því sem þær hefðu verið. Stjórnarliðar breyttu vaxtabótakerfinu þannig að umtalsverður hópur ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu fær ekki þær vaxtabætur sem fólkið gerði ráð fyrir þegar það keypti sína fyrstu íbúð. Barnabætur hafa auk þess lækkað. Allt þetta eykur ójöfnuð enn frekar og bilið milli allra þrepa tekjustigans.

Það er svo margt sem ég skil ekki, t.d. má benda á hvers vegna sjálftaka alþingismanna og ráðherra úr ríkissjóði sé ekki til umfjöllunar þessa dagana. Hér á ég við eftirlaunaósómann og lífeyrisréttindin. Samkvæmt útreikningum hagdeildar SA má leggja umframlífeyrisskjör þingmanna að jöfnu við 23-35% mánaðarlega launauppbót. Umframlífeyriskjör ráðherra sem gegnir embætti í þrjú kjörtímabil eru ígildi 85-102 m.kr. starfslokagreiðslu og 66-79% mánaðarlegrar launauppbótar. Umframlífeyriskjör forsætisráðherra sem situr í tvö kjörtímabil eru ígildi 113 m. kr. starfslokagreiðslu eða 122% launauppbótar.

*Höfundur er formaður Rafiðnaðarsambandsins.*

# Stúdentablaðið og Stern skýrslan

**UMRÆÐAN**
Hagfræði


ANDRI GUNNARSSON


GUNNAR EGILL EGILSSON

Í síðasta tölublaði Stúdentablaðsins er að finna grein eftir Pétur Ólafsson sem ber heitið Stern skýrslan og Björn (sic) Lomborg. Grein þessi fjallar um skýrslu hagfræðingsins Nicholas Stern, Kýótó-bókunina, en ekki síst viðtal Háskólablaðsins við Bjørn Lomborg sem birtist í síðasta tölublaði, sem kom út í desember.

Pétur gefur tóninn í upphafi greinar sinnar með því að fjalla um spádóma Stern skýrslunnar, og segir að samkvæmt skýrslunni kunni efnahagur heimsins að taka 20% dýfu, hiti muni hækka um 5ºC og því samfara muni sjávarmál hækka um 5-6 metra. Spá Sterns um hækkun sjávarmáls um 500-600 sentímetra í kjölfar 5ºC hitaaukningar eru algerlega á skjön við allar spár í þessum efnum. Vert er að geta þess að í viðtalinu sem birtist í Háskólablaðinu segir Bjørn Lomborg að sjávarmál muni líklega hækka um 30-50 sentímetra. Í nýlegri skýrslu Intergovernmental Panel on Climate Change (IPCC) segir að sjávarmál muni líklega hækka um 18-59 sentímetra. Flestir vísindamenn hafa verið sammála um að ef ekkert yrði gert til að sporna við hlýnun jarðar gæti kostnaðurinn verið allt að 3% af heildar þjóðarframleiðslu ríkja heimsins, en ekki 20% eins og Stern skýrslan gaf til kynna. Þá gerir Stern skýrslan ekki ráð fyrir neinum mótvægisaðgerðum eins og byggingu varnargarða eða öðru slíku.

Spár sem eru meira en tífalt hærri en ýtrasta svartsýnisspá hóps vísindamanna sem settur var saman fyrir tilstuðlan Umhverfisráðs Sameinuðu þjóðanna hljóta að vekja athygli. Það þarf því ekki að vekja furðu að sýnt hefur verið fram á að við vinnslu á Stern skýrslunni var notast við gögn sem nú hefur verið sýnt fram á að hafi verið röng, tölur um hlýnun voru gróflega ýktar, tölfræði hafi verið valin með það að markmiði að sýna fram á ákveðna niðurstöðu og meðferð gagna hafi bent til hlutdrægra vinnubragða.

Þeim sem áhuga hafa á að kynna sér gagnrýni á Stern skýrsluna er bent á mjög fróðlega grein sem birtist í okt.-des. hefti tímaritsins World Economics, sem ber heitið The Stern Review: A Dual Critique. Þar hlýtur skýrslan ítarlega endurskoðun, annarsvegar vísindalega úrvinnslu á gögnum skýrsluhöfunda og hins vegar hagfræðilega úrvinnslu skýrslunnar. Er þar farið mjög hörðum orðum um skýrsluna og niðurstöður hópanna segja allt sem segja þarf:

„Við komumst að þeirri niðurstöðu að Stern skýrslan væri hlutdræg og reyndi að vekja ótta með túlkun sinni á gögnum. [...] Skýrslan byggir nánast einvörðu á niðurstöðum manna og stofnana sem hafa í gegnum tíðina hafa gefið út hlutdrægar skýrslur um hlýnun jarðar. [...] Sneitt er framhjá gögnum vísindamanna sem sýnt hafa fram á öndverðar niðurstöður. [...] Breska ríkisstjórnin þarf að leita á önnur mið, vilji hún fá óhlutdrægar og áreiðanlegar upplýsingar um loftslagsmál.

[...]

[Stern skýrslan] er langt frá því að geta verið nothæft gagn um hagfræðilegar afleiðingar hlýnunar jarðar, enda stórgölluð.“

Í ljósi þess að Pétur virðist byggja trú sína á þessum vafasömu forsendum er kannski hægt að skilja þá afstöðu sem hann virðist hafa til Kýótó-bókunarinnar og Lomborg.

*Síðari hluti greinarinnar verður birtur innan skamms.*

*Höfundar sitja í ritstjórn Háskólablaðsins, tímarits stúdenta við Háskólann í Reykjavík.*

**FLUG OG BÍLL**
Tilboðsdagar standa yfir hjá Toyota þessa dagana. Með hverjum kaupum á bíl fylgir gjafabréf fyrir tvo með Icelandair.
TILBOÐ 6



**FRJÁLST FIÐURFÉ**
Kristinn Gylfi Jónsson rekur hænsnabú í Mosfellsbæ ásamt bróður sínum og mágkonu, þar sem vistvæn egg eru framleidd.
MATUR 3





## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ
LANGUR LAUGARDAGUR ]

**Blóðrudagar** eru í herrafataversluninni Blaze á Selfossi dagana 2.-3.mars. Veittur er 5-100 prósenta afsláttur. Blaze er að Austurvegi 9 á Selfossi.

**Langur** laugardagur er í miðbænum á morgun. Þá eru verslanir opnar lengur og sumar hverjar með góð tilboð.



**Stjörnukokkurinn** Michelin Jean-Yves Johany, frá veitingastaðnum Le Cagnard við Cagnes sur Mer á frönsku Rívíerunni verður á Hótel Holti dagana 14.-18. mars. Í boði verður ljúffengur hátíðarmatseðill.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 2. mars, 61. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.33 | 13.40 | 18.48 |
| Akureyri | 8.22 | 13.25 | 18.29 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Ingibjörg segir að nauðsynlegt sé að eiga eitthvert grænmeti í ísskápnum og smá pasta til að hægt sé að elda naglasúpuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Öndvegis naglasúpa úr afgöngum

***Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eldar stundum súpu úr afgöngum sem hún finnur í ísskápnum hjá sér. Súpuna kallar hún naglasúpu.***

„Ég kalla súpuna naglasúpu því ég elda hana úr því sem til fellur heima hjá mér þegar ég gleymi að koma við í búðinni eða kemst ekki í búðina og þarf að búa eitthvað til í snarhasti,“ segir Ingibjörg.

Súpan er mjög einföld og fljótlegt að elda hana að sögn Ingibjargar. „Allt sem ég þarf að eiga heima hjá mér er svolítið pasta og afgangsgrænmeti í ísskápnum. Ég tek grænmetið; gulrætur, lauk, púrru, chili og hvítlauk eða það sem til er og saxa það niður og steiki. Ég hræri einum pakka af minestronesúpu saman við grænmetið og set svona einn og hálfan lítra af vatni út í og svolítið af tómatpúrru. Síðan bæti ég út í kjötkrafti, paprikudufti og nýrri steinselju ef ég á hana. Ég set gjarnan líka chili út í svo að súpan rífi svolítið í. Að lokum set ég tvisvar handfylli af pasta og sýð allt saman í tíu mínútur, korter. Þá er komin alveg öndvegis súpa.“

Ingibjörg segir að þegar hún vilji hafa súpuna virkilega góða kaupi hún stundum eitthvað sérstaklega í hana. „Stundum kaupi ég út í súpuna svona ferskt pasta með fyllingu og ef ég á skinku eða beikon set ég það út í. Það er því svolítið breytilegt hvernig súpan er en yfirleitt notast ég bara við það sem til er. Það verður samt náttúrulega alltaf að vera til eitthvert grænmeti svo ég geti eldað hana.“

Naglasúpan er mjög vinsæll réttur á heimili Ingibjargar að hennar sögn. „Svona súpa er bara alveg heil máltíð ef hún er borðuð með góðu brauði og smjöri og osti. Svo tekur bara örskamman tíma að elda hana þannig að þetta getur verið góð redding fyrir upptekið fólk.“

*emilia@frettabladid.is*


JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Veldu möguleika
Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Sunnudagssteikin** er alltaf jafn frábær. Hvað er betra en að bjóða allri fjölskyldunni á sunnudegi og njóta þess að borða saman steik eins og í þá gömlu góðu daga?










Sellerí er grænleit jurt sem getur orðið allt að 1 m há og 30 cm í þvermál, með 3-6 cm löngum og 2-4 cm breiðum blöðum. Jurtin þrífst best í votlendi við sjó en vex víða um Evrópu, Asíu, Afríku, Ameríku og Eyjaálfu svo dæmi séu tekin.

# Lostæti með osti og villibráð

***Sellerí er margnýtanlegt hráefni.***

Sellerí, stundum kölluð blaðsilla, er í seinni tíð orðið að einni vinsælustu matjurt sem völ er á. Er það ekki að ástæðulausu þar sem hægt er að nýta alla hluta jurtarinnar í eldamennsku auk þess sem mörgum þykir hún hreinasta lostæti.

Heimildir um notkun sellerís ná alveg aftur til daga Forn-Grikkja. Sellerí náði þó ekki almennum vinsældum sem matjurt fyrr en á 15. eða 16. öld þegar Ítalir fóru að rækta það afbrigði hennar sem nú er þekktast (Apium graveolens dulce). Nú er jurtin ræktuð víða, einkum vegna stökkra stönglanna.

Blöð sellerís eru notuð í súpur, seyði og salöt. Fræin eru þurrkuð og notuð sem krydd. Stönglarnir eru borðaðir hráir eða soðnir, gufusteiktir, bakaðir eða gratíneraðir og notaðir í súpur, pottrétti, kássur. Rótarhýðið er líka notað til matargerðar. Þá þykir sellerí gott með eplum, hnetum, osti og villibráð. Svo er alveg tilvalið að nota það sem snakk með ídýfu.

Sellerí er auk þess hollt: hitaeiningasnautt, trefjaríkt og inniheldur C-vítamín. Hómópatar nota sellerí til að mynda við þvagsýrugigt og til að losa eiturefni úr líkamanum.

**-rve**



Krydd er unnið úr sellerí-fræjum, sem sýnir hversu mikið notagildi jurtin hefur.

## SELLERÍSÚPA MEÐ GULRÓTUM OG STEIKTUM GRASKERSKJÖRNUM FRÁ SÖSTRENE GRENES

***Fyrir 4***

**Innihald súpu:**
½ sellerí
2 laukar
½ dl sítrónuolía
1,2 l hænsnakraftur
1,5 dl sýrður rjómi, 38%

**Innihald gulrótarsafa:**
3 flysjaðar gulrætur
1 msk. fennikufræ
½ dl sítrónuolía
Einn poki af graskerskjörnum frá Önnu og Klöru til skreytingar

**Aðferð við gerð súpu:**
Selleríið er hreinsað og skorið í grófa teninga. Steikið selleríið ásamt lauknum í sítrónuolíunni þar til það er farið að mýkjast en látið það ekki brúnast. Krafturinn er settur út í og látið malla í hálftíma. Blandið svo öllu saman og sigtið aftur ofan í pottinn. Látið suðuna koma upp og smakkið til með salti og pipar. Áður en súpan er borin fram er sýrða rjómanum hrært út í og eftir það má súpan ekki sjóða!

**Aðferð við gerð gulrótarsafans:**
Gulræturnar eru skornar í tvennt og velt upp úr olíu og fennikufræjum. Svo eru þær bakaðar í ofni við 160°C í 45 mínútur. Svo eru þær settar í matvinnsluvél með restinni af olíunni og smakkað til með salti og pipar. Nú má hella gulrótarsafanum á flösku. Ef hann er of þykkur má þynna hann með smá vatni.

Gulrótarsafinn er notaður til að skreyta súpuna ásamt graskerskjörnum.

*Heimildir: Matarást, wikipedia.co.uk, islenskt.is og grenes.dk*




Er matarboð um helgina?

- úrval af ferskum fiski og tilbúnum fiskréttum

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

fiskisaga.is

FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60

# Hamingjusamar hænur

*Kristinn Gylfi Jónsson rekur eggjabú í Mosfellsbæ ásamt bróður sínum og mágkonu, þar sem vistvæn egg eru framleidd.*



Það ríkti sannkölluð partístemning í hænsnabúinu þegar ljósmyndari smellti þessari af. Hænurnar dreif hvaðanæva að enda forvitnar um þennan óvænta gest.

Áhugi fyrir vistvænum og lífrænum matvælum hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Kristinn Gylfi Jónsson eggjabóndi ákvað að bregðast við þessari þróun með því að hefja framleiðslu á vistvænum eggjum á Teigi í Mosfellsbæ þar sem hænurnar ganga lausar.

„Við tókum okkur nokkur til, ég og bróðir minn Björn og eiginkona hans Herdís Þórðardóttir, og fluttum sérstakan, norskan hænustofn inn til landsins fyrir þremur árum,“ segir Kristinn. „Stofninn gefur af sér brúnar hænur, sem framleiða brún egg gagnstætt íslensku hænunum. Egg af þessu tagi eru vinsæl víðs vegar um Evrópu en hafa ekki sést á Íslandi áður.“

Að mati aðstandenda Brúneggja, sem er heiti fyrirtækisins, eru brúnu eggin bragðbetri en þau hvítu sem Íslendingar eru vanir, þótt þeir vilji ekki fullyrða hver ástæðan sé fyrir bragðmuninum. „Eggjabúið er náttúrulega öðruvísi þar sem hænurnar ganga frjálsar um gólf og verpa í hreiður.



Kristinn Gylfi Jónsson leggur mikla áherslu á að hænurnar á Teigi hafi það sem best. Þær ganga lausar og verpa í hreiður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þær eru almennt hafðar í búrum. Við gætum þess líka að hænurnar fái úrvalsfóður. Það er því ekki annað hægt að segja en að þær hafi það gott hérna, þessi grey.“

Kristinn segir brúnu eggin hafa fengið ágætis viðtökur hérlendis. „Sala brúnu eggjanna er sífellt að aukast eins og um allan heim þar sem vistvæn og lífræn matvara verður sífellt eftirsóttari. Fólk er almennt farið að hugsa meira um uppruna og framleiðsluferli matvæla en það gerði. Það er smám saman að hverfa aftur til upprunans.“

roald@frettabladid.is






Stundum passa mælieiningar í uppskrift ekki við mælieiningar á mælitækjunum í eldhúsinu.

## Úr únsum yfir í kíló

EINFALDAR REIKNIVÉLAR Á NETINU ÞEGAR UMREIKNA ÞARF MILLI MÆLIKERFA.

Það hefur stundum vafist fyrir ástríðukokkum að reikna út Farenheit, únsur og pund yfir í þær mælieiningar sem tíðkast hér á Íslandi. Fyrir tíma netsins var eflaust töluvert flóknara að notfæra sér erlendar matreiðslubækur, enda mikil fyrirhöfn hjá flestum að finna út úr þessum málum ... svo ekki sé minnst á að margar vörur og hráefni sem tíunduð eru í erlendum matreiðslubókum hafa ekki verið fáanlegar hér á landi.

Það fólk sem er með góða nettengingu heima hjá sér (nánast allir) getur leyst þessa útreikninga með því að fara á netið. Til dæmis er hægt að fara á www.google.com og slá inn hverju á að umbreyta og í hvað, og innan skamms kemur google-reiknirinn með niðurstöðuna. Á matarvef BBC, www.bbc.co.uk/food er einnig að finna góða reiknivél sem umbreytir þyngd, rúmmáli og hitastigi, yfir í það sem okkur þykir skiljanlegt hvort sem um er að ræða únsur, bolla, grömm, pund, lítra eða pintur. *- mhg*

## Hversu holl er máltíðin í raun?

Á VEFNUM ISLENSKT.IS MÁ FINNA ÝMSAR ÁHUGAVERÐAR STAÐREYNDIR.

Meðal þess sem kemur fram á vef íslenskra garðyrkjubænda, www.islenskt.is, er að jurtafita er á engan hátt minna fitandi en dýrafita. Hún kann að innihalda heppilegri fitusýrur, en í hitaeiningum talið er munurinn nær enginn. Það er því tálsýn að notkun jurtaolíu sé einhvers konar megrunaraðferð.



veislutertur.is

Allar tertur á heildsöluverði



Frí heimsending
Stór-Reykjavíkursvæðinu
Sími 849 5004


# Sjómannadagatal

*Landssamband smábátaeigenda gefur út sitt eigið almanak og auk þess að telja daga vora er þar girnilegar fiskuppskriftir að finna. Hér er til dæmis ein frá Gunnlaugi Antonssyni á Tona EA 62 á Dalvík.*




**Innbökuð lúða að hætti Gulla**

700-800 g lúða, beinlaus
1/2 dós ananaskurl
1/2 dós sveppir
1/4 l rjómi
1 laukur
Smjör
Brauðrasp
Smjördeig 1 plata
Aromat
Piparblanda

Öll brún fita er hreinsuð af fiskinum og lúðan skorin í sneiðar, krydduð með aromati og piparblöndu og steikt í smjöri á pönnu. Síðan er lúðan færð á útflatt deigið.

Sveppirnir eru saxaðir og léttsteiktir á pönnu, laukurinn brúnaður, rjóma og ananas með safa hellt yfir og gott er að setja rjómaost út í. Þykkt með brauðraspi. Fyllingin sett yfir fiskinn og deigið lagt yfir svo úr verður fallegur braggi. Bakað á plötu í ofni.

Gott er að borða ristað brauð með smjöri og hvítlauksdufti með.



# Vinjettukaffi

KAFFI OG VINJETTUR ERU GÓÐ BLANDA AÐ MATI REYNIS ÁRMANNSSONAR.

Í Kaffitári í Reykjanesbæ er hægt að fá svokallað vinjettukaffi, en vinjettur eru eins konar örsögur eða örlýsing á atburði, stað eða persónu. Hugmyndin er að hægt sé að setjast niður, fá sér kaffibolla og lesa eina eða fleiri sögur. Kaffimenningu og bókmenntum er þannig tvinnað saman.

Utan á sjálfum kaffipokanum er ein vinjetta og hægt er fá bók með vinjettum. Vinjetturnar eru eftir Ármann Reynisson en hann hefur samið fjölda slíkra sagna.

*-tg*





Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Föstudags-sjávarréttasúpa 1, 2 og 3

Það er frábært að eiga pakka af frosnum sjávarréttakokteil í frystinum. Hvenær sem aðstæður krefja að glæsiveisla sé göldruð fram á tíu mínútum, er hægt að þíða pakkann í skyndi undir rennandi vatni eða í örbylgju og svo... einn, tveir og þrír, ómótstæðileg og matarmikil veislusúpa er komin á borðið.

1 pk. frosið sjávarfang (t.d. sjávarréttakokteill frá Snæfiski)
ólífuolía til steikingar
2 gulrætur
1 laukur
1 kúfuð msk. meðalsterkt karrímauk
1 tsk. chili mauk (má sleppa)
1/2 dl hvítvínsedik
500 ml matreiðslurjómi
1 dós teningaðir tómatar með hvítlauk
1 og 1/2 dl frosnar grænar baunir
Salt og pipar
Ferskt dill til skreytingar

1. Látið sjávarréttakokteilinn þiðna. Skerið lauk og gulrót mjög smátt og steikið í ólífuolíu í potti. Setjið karrímaukið og chilimaukið (sé það notað) með í pottinn og steikið áfram í 1-2 mínútur. Hellið þá edikinu út á og látið sjóða upp.

2. Setjið rjómann í pottinn, hrærið í og hellið svo tómötunum út í líka. Hrærið vel í súpunni og smakkið hana til með salti og pipar. Sjávarréttarkokteillinn og grænu baunirnar fara síðast í pottinn og eru látin hitna í gegn í súpunni í um það bil 5 mínútur.

3. Setjið súpuna í skálar, skreytið með fersku dilli og berið með ljúffengu ostabrauði.




INDVERSK MATARGERÐARLIST Á AUGABRAGÐI

AUSTURLANDA HRAÐLESTIN

Hlíðasmára 8 * Sími 564 6003 | Hverfisgötu 64a * Sími 552 6007

FRÁBÆR KOSTUR Í HÁDEGINU Í KÓPAVOGI



FÁÐU ÞÉR SÆTI EÐA TAKTU MEÐ

Opið í hádeginu virka daga í Hlíðasmára
mán.-fös. 11:30-22:00 * lau.-sun. 17:00-22:00

Opið á Hverfisgötu alla daga 17:00-22:00

www.hradlestin.is

ÍSLENSKA/SIA.IS AUS 36530 03/07



Brugg.is
vín og bjórgerðarefni

Panntaðu á netinu!!
GSM: 511-1820
Netfang: brugg@brugg.is

Allt til víngerðar !

www.brugg.is

Verslaðu á netinu á lægra verði

Íslenska Margmiðlunarfélagið ehf - Við erum í netverslun

**Langir laugardagar** eru tilvaldir til að gera sér glaðan dag á Laugaveginum og kaupa eitthvað fallegt handa elskunni og fara síðan út að borða.


Hjá Steinunni hönnuði kennir ýmissa grasa og er hægt að nálgast íslensk föt, húsgögn og listaverk hjá henni.

# Fyrsti rúllustigi landsins

***Kjörgarður var einn af fyrstu eiginlegu verslanamiðstöðvum Íslands. Þar var meðal annars settur upp fyrsti rúllustigi landsins.***

Þegar Kjörgarður var byggður var hann einn af risum samtíðarinnar. Þar var settur upp fyrsti rúllustigi Íslands og þar var fjöldinn allur af verslunum, verksmiðja og skrifstofur. Í dag er öldin önnur og Kjörgarður dvergur í samanburði við risana Kringluna og Smáralindina. Húsnæðið er þó langt í frá líflaust þó svo að starfsemi í húsinu sé nokkuð frábrugðin því sem áður var.

Í dag er húsið best þekkt sem Bónus á Laugavegi 59, en bleiki grísinn er búinn að hreiðra vel um sig á fyrstu hæðinni. Hann er þó langt í frá eina verslunin í húsinu. Í kjallaranum er hin stórskemmtilega Herrafatabúð Kormáks og Skjaldar. Þar eru ný og notuð föt fyrir herramenn og spjátrunga auk allra aukahluta sem herramennsku fylgja.

Á annarri hæðinni er eitt af fjölmörgum kaffihúsum Laugavegarins, Lóuhreiðrið. Heimilisleg stemning dregur að sér þá sem vilja í örskotsstund sleppa frá skarkala borgarlífsins. Við hlið Lóunnar býr annar og stærri fugl, Storkurinn garnaverslun, en hún er elsta verslunin í húsinu. Þar má finna garn í öllum regnbogans litum, prjónauppskriftir og þjónustu sem á engan sinn líkan.

Hönnuðurinn Steinunn hefur einnig sitt aðsetur á hæðinni. Hún hannar kvenföt og er íslenskt hráefni í hávegum haft. Í verslun hennar má einnig finna fjöldann allan af verkum annarra íslenskra hönnuða og eru vörurnar hver annarri þjóðlegri.

Steinunn er ekki eini hönnuðurinn á hæðinni því þar má einnig finna arkitekta, grafíska hönnuði, iðnhönnuði og svo mætti lengi telja. Sé farið hærra upp, á þriðju hæð hússins, taka lögfræðingar og sálfræðingar við, en fjöldi þeirra er með skrifstofur sínar í húsinu. Til að toppa fjölbreytnina þá er kvenkirkjan einnig til húsa í Kjörgarði.

*tryggvi@frettabladid.is*



Kjörgarður hefur hýst ýmsa starfsemi gegnum árin. Nú er þar fjöldi hönnuða að störfum, verslanir og skrifstofur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Lóuhreiðrið er notalegt kaffihús á annarri hæðinni.


Garnabúðin Storkurinn er elsta búðin í Kjörgarði.

# Myndlist í miðbæ Reykjavíkurborgar

***Á löngum laugardegi er tilvalið að bregða sér á myndlistarsýningu með fjölskyldunni.***

Sýningin Að mynda orð samanstendur af nýjum og eldri verkum myndlistarmanna og ljóðskálda sem notast bæði við texta og myndræna þætti í verkum sínum. Hoffmannsgallerí er í húsnæði Reykjavíkurakademíunnar á Hringbraut 121. Aðgangur er ókeypis.

Bókalíf Unnar Guðrúnar Óttarsdóttur er sýnd á sama stað. Aðgangur er einnig ókeypis.

Einn fremsti samtímalistamaður Frakka, Pierre Huyghe, sýnir í Listasafni Reykjavíkur. Sýningin kallast Í beinni og er opin frá klukkan 10-17 daglega.


Listaverk Ásmundar Sveinssonar eru alltaf jafn falleg og skemmtileg að skoða með fjölskyldunni á löngum laugardegi.

Helgi Hjaltalín Eyjólfsson og Pétur Örn Friðriksson sýna Markmið í Kling & Bang, Laugavegi 23. Sýningin er opin klukkan 14-18.

Nánari upplýsingar um yfirstandandi sýningar má finna á vef Sambands íslenskra myndlistarmanna, www.sim.is.

Fallegar íslenskar peysur
Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • Iðu, Lækjargötu 2A.
s. 552 1890 • www.handknit.is






Fermingakjólarnir komnir
Mikið úrval af
Fermingakjólum
Ermum
Pilsum
Toppum
FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201



Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

**55%** Bónus býður best þessa vikuna en þar eru 2 l kókflöskur með 55 prósenta afslætti. Áður kostuðu þær 139 krónur, en núna kosta þær 79 krónur.













**Þín verslun**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Pólskar pylsur | 625 | 834 | 1.248 | 25 |
| Villikryddað hátíðarlambalæri | 1.399 | 1.866 | 1.468 | 25 |
| Brink hrískökur 100 g | 89 | 117 | 990 | 25 |
| Pickwick Te grön 20x2 g | 159 | 229 | 448 | 30 |
| Finn Crisp Original 200 g | 79 | 129 | 445 | 40 |
| Finn Crisp Lille Lyse 250 g | 79 | 157 | 356 | 50 |
| Finn Crisp Hi-Fibre 200 g | 69 | 109 | 395 | 35 |
| Swiss Miss, venjulegt, 737 g | 389 | 579 | 541 | 35 |
| Swiss Miss kakó með Marsh 737 g | 389 | 579 | 541 | 35 |
| Hunts tómatsósa, flaska 680 g | 109 | 169 | 175 | 35 |
| AB brauð 40 g | 79 | 149 | 2.475 | 45 |
| Daloon kínarúllur 720 g | 379 | 539 | 554 | 30 |
| Daloon Shoo Van 720 g | 379 | 539 | 554 | 30 |
| Daloon vorrúllur 720 g | 379 | 539 | 554 | 30 |

Tilboðin gilda til 7. mars

**KRÓNAN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísakótelettur | 844 | 1.406 | 844 | 40 |
| Krónu pylsur | 281 | 351 | 547 | 20 |
| Super tómatsósa | 49 | 65 | 99 | 25 |
| Super sinnep | 49 | 65 | 99 | 25 |
| Kea bjúgu | 319 | 352 | 319 | 10 |
| Goða dömsk sælkerasteik | 920 | 1.314 | 920 | 30 |
| Goða skinka léttreykt, 170 g | 177 | 224 | 1041 | 20 |
| AB mjólkurdrykkur, 3 tegundir, 250 ml | 48 | 72 | 192 | 35 |
| Myllu heimilisbrauð | 84 | 168 | 109 | 50 |
| Heimilisostur 17% | 743 | 874 | 743 | 15 |

Tilboðin gilda til 4. mars

**NÓATÚN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ungnautahakk | 799 | 1.312 | 799 | 40 |
| Ungnauta Rib Eye | 2.498 | 3.469 | 2.498 | 30 |
| Lambainnlæri Thai Mahal | 2.498 | 3.189 | 2.498 | 20 |
| Keilusteik með karrí | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Ýsuflök með roði | 599 | 839 | 599 | 30 |
| Móa kjúklingabringur | 1.886 | 2.515 | 1.886 | 25 |
| Myllu heilhveiti samlokubrauð | 199 | 262 | 258 | 25 |
| Nóatúns eldhúsrúllur | 299 | 375 | 75 | 20 |
| Kellogs Special K | 299 | 361 | 598 | 15 |
| Pepsi/Pepsi Light 2 l | 99 | 202 | 45 | 50 |

Tilboðin gilda til 4. mars

**HAGKAUP**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalifur úr kjötborði | 187 | 328 | 187 | 45 |
| Svínahjarta úr kjötborði | 187 | 328 | 187 | 45 |
| Svína spareribs úr kjötborði | 561 | 834 | 561 | 35 |
| Svínakam úr kjötborði | 937 | 1.500 | 937 | 40 |
| Underground vanilluís, 810 ml | 750 | nýtt | 882 | - |
| Underground karamelluís, 810 ml | 750 | nýtt | 882 | - |
| Underground bananaís 810 ml | 750 | nýtt | 882 | - |
| Dagens lasagne, 1 kg | 656 | nýtt | 656 | - |
| Jensens spareribs, 750 g | 1.499 | nýtt | 2.000 | - |

Tilboðin gilda til 4. mars

**BÓNUS**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| KS lambahryggur frosinn | 998 | 1.295 | 998 | 25 |
| KF kindasúpukjöt 1. flokkur | 399 | Nýtt | 399 | - |
| Holta ferskur kjúklingur heill | 359 | 512 | 359 | 30 |
| KF lambalæri einiberja | 1.069 | 1.599 | 1.069 | 35 |
| Bónus kornbrauð 1 kg | 79 | 139 | 79 | 40 |
| Kók light 2 l | 79 | 179 | 79 | 55 |
| Rynkeby trönuberjasafi 1 lítri | 139 | 198 | 139 | 30 |

Tilboðin gilda til 4. mars

# Gott á gólfin

***Parkett og flísar á góðu verði í Múrbúðinni.***

Í Múrbúðinni, Kletthálsi 7, má fá parkett og flísar á góðu verði. Allt frá austurrísku gæðaparketti og rakavarins plastparketts til gólf- og veggflísa.

Til dæmis má fá gæðaparkett úr eik á 2.230 krónur fermetrann og parkett úr hlyn á 2.190 krónur. Rakavarið plastparkett með beyki- og eikarmynstri fæst á 690 krónur fermetrinn. Veggflísar eru frá 795 krónum og gólfflísar frá 1.195 krónum.

Í Múrbúðinni má einnig fá allt á einum stað til lagningar á bæði parketti og flísum. Til dæmis undirlag, parkettlím og lista, flísalím og fúgu. Nú er ekkert að vanbúnaði að lífga upp á heimilið með nýju gólfefni.



Í Múrbúðinni má fá parkett á góðu verði.

# Bíll og flug

***Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair fylgir hverjum bíl frá Toyota betri notuðum bílum.***

Tilboðsdagar standa yfir hjá Toyota þessa dagana. Með hverjum kaupum á bíl fylgir gjafabréf fyrir tvo með Icelandair. Þá er hægt að taka 100 prósent lán hjá Glitni en sem dæmi kostar þriggja dyra Yaris 13.651 krónu á mánuði miðað við 100% lán á Gullvildarkjörum Glitnis. Afborgun á Corolla sem kostar 2.350 þúsund er 18.882 krónur á mánuði og afborgun á RAV4 sem kostar 2.350 þúsund er 34.282 krónur á mánuði.




Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair fylgir hverjum bíl.

## Afsláttur í Body Shop

VINSÆLAR VÖRUTEGUNDIR MEÐ AFSLÆTTI.

Nú er afsláttur veittur af vinsælum vörutegundum í Body Shop. Aloe vera-andlitsvörur, sólgylltur farði, hár- og sturtusápa fyrir herra í „Of a Man“ vörulínunni, rakagefandi sjampó með hunangi og möndluolíu og húðnæring með papæjaolíu eru á meðal þess sem fæst á lækkuðu verði. Er þá fátt upptalið. Verslanir Body Shop eru í Smáralind, Kringlunni og á Akureyri.



## Tölvur frá 49.900 krónum

TÖLVUTEK Í BORGARTÚNI ER MEÐ TILBOÐ Á TÖLVUM.

Tölvutek hefur til sölu tölvur frá GIGABYTE sem eru nú á tilboði. Verð er frá 49.900 krónum og boðið er upp á vaxtalausar greiðslur í 10 mánuði.

Hjá Tölvutek er mikið úrval af tölvum og tölvubúnaði ásamt fjölbreyttri þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Tölvutek er vottað af Microsoft sem Certified Partner samstarfsaðili auk þess að vera dreifingaraðili fyrir GIGABYTE, OCZ og Creative á Íslandi.

GIGABYTE var stofnað árið 1987 og er í dag stærsti framleiðandi í heimi á móðurborðum og skjákortum.

Sjá www.tolvutek.is



Pergo-dagar standa nú yfir í Rými með tilheyrandi tilboðum.

## Pergo-dagar hjá Rými

RÝMI KYNNIR PERGO-DAGA OG ER MEÐ PARKETT Á MIKLUM AFSLÆTTI. HÆGT ER AÐ MÁTA PARKETTIÐ VIÐ MISMUNANDI STOFUR Á NETINU.

Pergo-dagarnir bjóða upp á slitsterkt og álagsþolið parkett með allt að 70 prósenta afslætti. Parkettið er 100 prósent náttúrulegt og er hægt að skoða í sýndarveruleika á vef Pergo.

Pergo-dagarnir standa fram í byrjun mars. Rými er til húsa að Háteigsvegi 7 í Reykjavík og Furuvöllum 13, Akureyri. www.pergo.com



## Ævintýri með nýjum rúmum

MEÐ HVERJU RÚMI FRÁ HÚSGAGNAHEIMILINU FYLGIR NÚ DISNEY SKREYTINGAPAKKI AÐ ANDVIRÐI 5-10.000 KRÓNUR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

Húsgögn og heimili eru með barnahúsgögn sem stækka með barninu. Hægt er að nota sama rúmið frá því að barnið hættir í grindarúmi og fram á unglingsár.

Nú eru tilboðsdagar og veglegur Dinsney skreytingapakki að andvirði 5-10.000 krónur sem fylgir hverju rúmi, sem er um 20 prósent af andvirði rúmsins. Tilboðið varir á meðan birgðir endast.

Húsgagnaheimilið er til húsa að Fossaleyni 6-12. www.husgogn.is









# sirkus

2. mars 2007

Bankamaðurinn **Ármann Þorvaldsson** keypti framtíðarhúsnæði á Íslandi og borgaði 92 milljónir fyrir villu í Laugarási. **BLS. 2**





Birta Björnsdóttir

# DRAUMURINN AÐ LIFA Á FATAHÖNNUN



# fréttir

## Heyrst hefur



### Hagnaðist um milljarða og keypti sér Porsche

Fjárfestingafélagið Milestone, sem er í eigu systkinanna Karls, Steingríms og Ingunnar Wernersbarna og er til að mynda annar stærsti hluthafi Glitnis, hagnaðist um rúman 21 milljarð á síðasta ári en félagið birti ársreikning sinn fyrir árið 2006 fyrir skömmu. Þessu þótti rétt að fagna og fór **Ingunn** í síðustu viku og festi kaup á einum Porsche Cayenne Turbo, rétt rúmlega 500 hestafla kvikindi. Sem er ekki skrýtið þar sem hún hefur viðurkennt í viðtali að ástin á Porsche sé einn af hennar helstu veikleikum.





### Árshátíðarslagur í Hafnarfirði

Það verður nóg um að vera í Hafnarfirði næstkomandi laugardag. Þá mun lyfjarisinn Actavis halda árshátíð sína í íþróttahúsinu að Ásvöllum og Hafnarfjarðarbær heldur sína árshátíð í Kaplakrika. Athyglisvert er að skoða að **Róbert Wessman** og fyrirtæki hans Actavis heldur árshátíð sína á heimavelli Hauka að Ásvöllum jafnvel þótt fyrirtækið sé helsti styrktaraðili Íslandsmeistara FH í fótbolta en Hafnarfjarðarbær heldur sína á heimavelli FH-inga jafnvel þótt bæjarstjórinn **Lúðvík Geirsson** sé fyrrverandi formaður Hauka.





### Elfar selur B5

Athafnamaðurinn **Elfar Aðalsteinsson** hefur selt hið vinsæla kaffihús sitt B5 í Bankastræti. Staðurinn hefur notið töluverða vinsælda frá því að hann var opnaður og var kaupverðið um 30 milljónir. Það var enskur viðskiptajöfur sem keypti kaffihúsið í slagtogi við Óskar Einarsson sem ku ekki vera þekktur í íslenska veitingabransanum.





**FRAMTÍÐARHEIMILI Í LAUGARÁSNUM** Það mun væntanlega ekki væsa um Ármann og Þórdísi á Dyngjuveginum þegar þau ákveða að flytja heim frá Bretlandi. SIRKUSMYND/GVA



**ATHVARF Í SKUGGAHVERFINU** Ármann og Þórdís eiga glæsilega íbúð á 10. hæð í þessu fallega húsi við Vatnsstíg. Svo skemmtilega vill til að Kaupþing á hina íbúðina á hæðinni.

BANKAMAÐURINN ÁRMANN ÞORVALDSSON KAUPIR FRAMTÍÐARHÚSNÆÐI Á ÍSLANDI

# Borgaði 92 milljónir fyrir villu í Laugarási

Nei, nei, við erum ekki á leiðinni heim á næstunni," segir Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kaupþings í Bretlandi, en hann og eiginkona hans, badmintonstjarnan fyrrverandi Þórdís Edwald, festu nýverið kaup á tæplega 350 fermetra einbýlishúsi á Dyngjuvegi í Laugarásnum sem er með stórfenglegu útsýni yfir borgina. Ármann og Þórdís borguðu 92 milljónir fyrir húsið en seljendur eru Björg Kofoed-Hansen, ekkja Agnars Kofoed-Hansen, fyrrverandi lögreglustjóra í Reykjavík og flugumferðarstjóra, og dótturdóttir hennar, Irene Lyberopoulos. Ármann og Þórdís hafa undanfarin ár búið í Bretlandi þar sem Ármann hefur stýrt starfsemi Kaupþings þar í landi og er nú forstjóri bankans Singer & Friedlander, sem er í eigu Kaupþings.

Björg Kofoed-Hansen segir í samtali við Sirkus að hún eigi eftir að sakna hússins mikið en kannski sérstaklega útsýnisins sem sé stórbrotið. „Mér finnst það alla vega æðislegt," segir Björg, sem er orðin 89 ára og ætlar að flytja í minni íbúð áður en hún fer inn á elliheimili, eins og hún orðar það sjálf.

Ármann vill ekkert tjá sig um húsið eða fyrirætlanir þeirra hjóna með það en Björg Kofoed-Hansen segir að húsið, sem var byggt árið 1950, sé að miklu leyti í upprunalega ástandi. Það má því búast við því að húsið verði tekið í gegn í heilu lagi þegar Ármann og Þórdís fá það afhent 1. maí næstkomandi.

Fyrir eiga þau Ármann og Þórdís glæsilega íbúð í Skuggahverfinu, nánar tiltekið á Vatnsstíg 21. Sú íbúð er tæplega 165 fermetrar á stærð og er á 11. hæð. Heimildir Sirkuss herma að sú íbúð verði ekki seld þrátt fyrir kaup hjónanna á einbýlishúsinu á Dyngjuvegi.

Ármann hefur vakið mikla athygli undanfarin ár fyrir stórglæsilegar nýársveislur sínar í London. Í fyrra fékk hann Tom Jones til að taka nokkur lög fyrir gesti sína en í ár gerði hann enn betur og bauð upp á sjálfa Duran Duran.

oskar@frettabladid.is



**FLOTTUR** Ármann Þorvaldsson keypti hús í Laugarásnum fyrir 92 milljónir og lét sig síðan ekki muna um að punga út nokkrum tugum milljóna fyrir Duran Duran í árlegri nýársveislu sinni.

# Handcrafted for Bubbi Morthens





**Gítarinn var smíðaður hjá Martin-fyrirtækinu sem er með aðsetur í Nasaret í Pensylvaníu í Bandaríkjunum.**

Þetta er besti gítar sem ég hef átt. Það er bara þannig," segir Bubbi Morthens um nýja sérsmíðaða Martin-kassagítarinn sem hann keypti fyrir skömmu. Martin-gítararnir þykja þeir bestu í heimi en gítarinn hans Bubba er einstakur. „Þetta er Rollsinn í gítarnum – eins og að fá handsmíðaðan bíl. Það var engin maskína sem smíðaði gítarinn," segir Bubbi sem á fyrir þrjá aðra Martin-kassagítara, einn Gibson og einn Ovation.

En nýi gítarinn er einstakur. Bubba hafði lengi langað í hann og lét svo tilleiðast. Og þá var engu til sparað. Gítarinn var byggður upp frá grunni. Viðurinn sérvalinn og þurrkaður í þrjátíu ár áður en hafist var handa við að sníða í hljóðfærið og það sérstaklega fyrir Bubba. Og það má líka lesa á gítarnum: „Handcrafted for Bubba Morthens by Martin" stendur inni í hljóðfærinu og á hálsinum með perlumóðu innleggi: „Bubbi".

„Nýi gítarinn er alveg ofboðslega góður – hann er einstakur. Ég held meira að segja að þetta sé eini gítarinn í Skandinavíu og jafnvel sá eini í þessum flokki í Evrópu," segir tónlistarmaðurinn stoltur enda kostaði gítarinn sitt. „Hann kostaði marga hundrað þúsund kalla. Það kostar sitt að eiga gott hljóðfæri," segir Bubbi en samkvæmt heimildum Sirkuss kostaði gítarinn í kringum eina milljón.

Andrés Helgason, eigandi Tónastöðvarinnar, sem var milligöngumaður Bubba um gítarinn, leynir ekki aðdáun sinni á hljóðfærinu. „Þetta er æðislegur gítar. Gjörsamlega geggjaður," segir Andrés sem hefur haft milligöngu um kaup á fleiri gítörum þótt þeir séu ekki í sama flokki og gítarinn hans Bubba. „Það hefur færst í vöxt að íslenskir tónlistarmenn láti smíða fyrir sig gítara og það er mjög ánægjulegt að geta boðið upp á svona þjónustu," segir Andrés í Tónastöðinni.



**Bubbi Morthens hefur spilað stoltur á gítarinn enda sérsmíðaður fyrir hann af besta gítarframleiðanda heims.**


SAMBÍÓIN
25 ára
– til hamingju!
Emmessís óskar Sambíóunum til hamingju með þau 25 ár sem þau hafa glatt kvikmyndaunnendur. Fyrirtækin hafa átt ánægjulegt samstarf undanfarin ár og bíógestir notið þess með svalandi og ljúffengum ís frá Emmessís.
Njótum lífsins – förum í bíó og fáum okkur Emmessís!
Häagen-Dazs
Mars
Ice Cream
emmessís
JARÐARBERJA
SJEIK
MJÓLKURHRISTINGUR
emmessís

# fréttir

## Heyrst hefur

LÚÐURINN
ÍSLENSKU AUGLÝSINGAVERÐLAUNIN

### Lúðrahátíð í kvöld

Það verður allsherjar veisla hjá starfsfólki í auglýsingageiranum í dag og í kvöld þegar Ímark-verðlaunin verða afhent með pomp og prakt á Hótel Nordica. **Íslenska auglýsingastofan** fékk flestar tilnefningar til lúðra en svo eru verðlaunin sem veitt eru nefnd, í ár, eða nítján talsins. Þar á eftir kemur Auglýsingastofan **Jónsson og Lemacks** með fjórtán tilnefningar. Mikil spenna er annars í öllum flokkum nema í flokki útvarpsauglýsinga en þar hefur Jónsson & LeMacks þegar tryggt sér einn lúður enda hreppti stofan allar tilnefningarnar fimm í þeim flokki. Eigendur stofunnar, **Viggó Jónsson**, **Agnar Tr. LeMack** og **Hilmar Þ. Hilmarsson**, eru því eins og gefur að skilja í skýjunum yfir tilnefningunni enda aðeins tvö ár síðan stofan var opnuð.





### Sýnt frá fæðingu

Sjónvarpsþátturinn **Fyrstu skrefin** hefur aftur hafið göngu sína á **Skjá einum**. Þættirnir vöktu nokkra athygli fyrir ári síðan, ekki síst hjá verðandi foreldrum, og var meðal annars tilnefndur til Edduverðlaunanna. Hin margreynda fjölmiðlakona **Guðrún Gunnarsdóttir** stýrði þáttunum í fyrra en hún hefur söðlað um og stýrir nú helgarútvarpinu ásamt **Felix Bergssyni** leikara. **Sigurlaug M. Jónasdóttir** hefur tekið við stjórninni af Guðrúnu en hún er einnig margreynd fjölmiðlakona. Sigurlaug á ekki langt að sækja hæfileikana enda dóttir Jónasar Jónassonar útvarpsmanns. Fyrstu skrefin hófu göngu sína í fyrradag en seinna í þáttaröðinni verður sýnt frá fæðingu.



### Hrafninn með bönkunum

**Ingvi Hrafn Jónsson** er kominn á fullt með sjónvarpsstöðina sína **Ísland nýjasta nýtt** sem send er út á Netinu, Breiðbandinu, ADSL Símans og gegnum stafræna lykla 365. Ingvi Hrafn á í samstarfi við fyrirtækið Mentis um að senda út efni í sjónvarpstæki landans en fyrirtækið er í eigu Glitnis og Tölvumiðstöðva sparisjóðanna. Mentis sendir út efni undir heitinu Fjármálasjónvarpið en eins og nafnið gefur til kynna beinir sjónvarpsstöðin sjónum sínum að fjármálamarkaðinum. Hugmyndin með samstarfi Ingva Hrafns og Mentis er að á milli upplýsinga um fjármál verði innslög frá Íslands nýjasta nýtt og má bóka að þar verði allt látið flakka enda Ingvi Hrafn þekktur fyrir allt annað en að liggja á skoðunum sínum.



ANDREA BRABIN OG KEMUR ÍSLENSKUM FYRIRSÆTUM AÐ Í BOLLYWOOD

# ESKIMÓARNIR GERA ÞAÐ GOTT Á INDLANDI

Það hefur verið mjög mikið að gera hjá okkur á Indlandi. Við erum með í kringum þrjátíu indversk módel á samningi hjá okkur og álíka mörg „freelance“ módel,“ segir Andrea Brabin, einn eigenda módelskrifstofunnar Eskimo sem hefur verið að gera góða hluti á Indlandi undanfarið. Fyrirsætur á vegum Eskimo hafa prýtt forsíður hinna ýmsu tímarita þar í landi, setið fyrir í auglýsingum og leikið í Bollywood-myndum svo fátt eitt sé nefnt. „Svo erum við með sex til tólf íslenskar fyrirsætur úti. Þær dvelja úti frá tveimur mánuðum og alveg upp í eitt og hálft ár.“

### Íslenskar stúlkur í Bollywood

Að sögn Andreu eru íslensku stelpurnar eftirsóttar á Indlandi. „Þær þykja mjög duglegar og það er gott að vinna með þeim. Síðan eiga Íslendingar og Indverjar eitthvað sameiginlegt. Það er erfitt að segja hvað það er en okkur hefur liðið mjög vel þarna úti – bæði fyrirsætunum og okkur sem rekum skrifstofuna.“

Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir, Tinna Bergsdóttir og Heiða Rún Sigurðardóttir hafa slegið í gegn sem fyrirsætur á Indlandi.

„Sigríður Hrönn hefur t.d. fengið tvö veigamikil hlutverk í bíómyndum á Indlandi á síðastliðnum tveimur árum. Svo erum við að lesa tvö önnur handrit fyrir hana og erum að meta hvort þetta séu rétt hlutverk fyrir hana,“ segir Andrea sem vill þó ekki meina að aðstandendur Eskimo séu að verða ríkir af öllu bröltinu á Indlandi. „Þó að vel gangi þá verður enginn ríkur af því að reka módelskrifstofu eina og sér. En það er hins vegar þannig að þegar þú kemst inn í þennan „celebrity“ heim á Indlandi þá opnast margar dyr að stórum samningum. Það er til dæmis samasem-merki á milli þess að vera fyrirsæta og leikkona í Bollywood því ef þér vegnar vel sem fyrirsæta færðu oft tilboð um að leika í bíómyndum. Svo er það hins vegar spurning hvort fólk geti leikið,“ segir Andrea og tekur dæmi af fyrirsætunni Heiðu Rún sem hóf leiklistarferilinn þar ytra. „Hún byrjaði ferilinn á að leika í auglýsingum á Indlandi. Nú er hún á leið í leiklistarskóla í London og með samning við ICM umboðsskrifstofuna sem er ein sú stærsta í heimi.“



**Heiða Rún Sigurðardóttir er ein af íslensku fyrirsætunum sem hafa slegið í gegn á Indlandi.**



**Tinna Bergs og Sigríður Hrönn hafa slegið í gegn á Indlandi.**

### Miklar breytingar á Indlandi

„Við förum út á tveggja til þriggja mánaða fresti og það eru gríðarlega hraðar breytingar að verða á Indlandi. Þar spretta verslunarmiðstöðvar og bíóhús upp eins og gorkúlur og annað sem hefur ekki þekkst þar áður. Ég er mjög ánægð með að við höfum farið þar inn, og á hárréttum tíma,“ segir Andrea. „Það eru endalaus tækifæri á Indlandi en það er margt að varast og fólk má heldur ekki láta glepjast og höfum við lært ýmislegt af okkar starfsemi þar í landi undanfarin tvö ár.“

Andrea segir að hún og meðeigandi hennar í Eskimo, Ásta Kristjánsdóttir, hafi frá byrjun horft á stóru myndina. „Við höfum frá byrjun séð Eskimo sem miklu meira en umboðsskrifstofu og höfum unnið markvisst að því að gera nafnið þekkt öllu því sem tengist tísku og glamúr með það í huga að byggja upp vörumerkið Eskimo. Síðastliðið ár höfum við unnið að því að þróa hugmyndir að fatalínu og snyrtivörum.“ segir Andrea. Fyrstu prufur af fatalínu Eskimo undir nafninu E-wear munu koma til Íslands á næstu dögum.





**Andrea Brabin og Unnur Birna láta fara vel um sig á Indlandi. Að sögn Andreu hefur Íslendingunum liðið vel þar enda eiga þeir margt sameiginlegt með Indverjum.** SIRKUS/ÚR EINKASAFNI

# Með Súpermantattú á upphandleggnum

Margir þekkja Jón Þór Ólason undir heitinu hinn íslenski Clark Kent enda sláandi líkur hliðarsjálfi Súperman, eða Stálmannsins eins og hann hefur verið nefndur á íslensku. Færri vita hins vegar að Jón Þór skartar merki Stálmannsins á upphandleggnum og hefur gert um árabil. Glöggir gestir World Class í Laugum tóku eftir húðflúrinu á upphandleggnum en Jón Þór lyfti lóðum þar um tíma. Jón Þór vildi sem minnst tjá sig um húðflúrið þegar blaðamaður Sirkuss leitaði til hans. Neitaði í raun alfarið að tjá sig um það.

Þótt Jón Þór sé sláandi líkur Clark Kent starfar hann ekki sem blaðamaður eins og sá síðarnefndi heldur sem lögfræðingur hjá ríkissaksóknara. Jón Þór starfaði einnig um skeið sem lögfræðingur hjá dómsmálaráðuneytinu og kom fram fyrir hönd V-dagsins fyrir nokkru. Jón Þór á ekki langt að sækja hæfileikana enda sonur fréttahauksins Óla Tynes sem flutt hefur fréttir á Stöð 2 um árabil og stjórnaði sínum eigin þætti á hinni sálugu sjónvarpsstöð NFS. Clark Kent og Stálmaðurinn eru hins vegar afkvæmi þeirra Jerry Siegel og Joe Shuster sem hafa skrifað og skreytt nokkrar sögur um þá félaga.





**Jón Þór Ólason lögfræðingur er sláandi líkur Clark Kent, hliðarsjálfi Stálmannsins. Ekki spillir fyrir að hann ber merki Stálmannsins á upphandleggnum.**

# Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette



- Mjúkt að innan
- Stökkt yfirborð
- Frískandi bragð
- Gómsæt blanda af ávöxtum og myntu
- Bragð sem kemur á óvart




KORTER.IS

# 25%

afsláttur af Fruitmint

www.nicorette.is

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

# partí

## Hverjir voru hvar




Mikið fjör var á tónleikum frönsku rokksveitarinnar Díonýsos í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu á laugardaginn var. **Daníel Ágúst Haraldsson** og **Gabríela Friðriksdóttir** létu sig ekki vanta og dilluðu sér í takt við tónana. Annars var heldur hátt hlutfall franskra á sjálfum tónleikunum og þá ekki síst franskir skiptinemar sem mættu til að berja landa sína augum.



Á Kaffibarnum var margt um manninn eins og svo oft áður en meðal gesta voru **Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir**, betur þekkt sem söngkonan Lay Low, handboltakappinn **Markús Máni Michaelsson Maute**, sem virðist vera búinn að jafna sig eftir erfiða leiki á heimsmeistaramótinu, og **Glúmur Baldvinsson**, upplýsingafulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins.




Sálin hans Jóns míns hélt tónleika á Nasa við Austurvöll um síðustu helgi. **Ásgeir Kolbeinsson**, Rauði turninn, var á svæðinu ásamt **Guðmundi Breiðfjörð**, kynningarstjóra Senu, og **Jóni Gunnari Geirdal** sem einnig starfar hjá Senu. Þá sveimaði **Jóhann Sigurðarson** leikari einnig um svæðið.





**TALIÐ NIÐUR** Gestir Apóteksins töldu niður og fögnuðu nýju ári.



Söngkonan **Heiða**, og **Andrés Pétur** létu sig ekki vanta á Apótekið sem og **Hilmar Bender** og **Laufey** í Blend.

# NÝJA ÁRINU FAGNAÐ Á APÓTEKINU

Það var líf og fjör á Food and Fun hátíðinni sem fram fór í síðustu viku. Hátíðin stóð frá miðvikudagskvöldi fram á sunnudag og að venju var gerður góður rómur að hátíðinni.

Svokallað nýárspartí var haldið á Apótekinu á fimmtudagskvöldinu og var engu til sparað. Kveikt var á stjörnuljósum, sprengjur fíraðar og að sjálfsögðu talið niður þegar komið var að miðnætti.

Margmenni var samankomið á Apótekinu og meðal gesta voru t.d. Þórhallur Gunnarsson úr Kastljósinu, Siggi Hall og kona hans, Svala Jónsdóttir, Andrés Pétur fasteignasali og Heiða söngkona sem sló í gegn í Idolinu.

Í matreiðslukeppni Food and Fun hátíðarinnar sem haldin var í Hafnarhúsinu á laugardagskvöldinu kom sá og sigraði finnski matreiðslumeistarinn Kai Kalliio. Tólf þekktir kokkar víðs vegar að úr veröldinni elduðu dýrindis rétti úr íslensku hráefni. Kai Kalliio hóf störf við matargerð aðeins fjórtán ára en vinnur nú á Savoy-veitingahúsinu í Helsinki. Meðal rétta sem Kalliio reiddi fram voru humar, lamb og eftirréttur borinn fram í múmínálfaskríni. Þetta var í sjötta sinn sem hátíðin er haldin.



**FURÐUFÓLK** Starfsfólk Apóteksins klæddi sig upp í tilefni dagsins og fagnaði eins og um alvöru nýárspartí væri að ræða.



**Svala Jónsdóttir**, eiginkona Sigga Hall, skemmti sér konunglega á Apótekinu ásamt **Robert Wiedmaier** frá Bandaríkjunum.




G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007

**Collection 2007 komið.**
**Full búð af nýjum vörum.**

**Langur laugardagur á morgun, opið til kl. 18. 200 bílastæði í kjallara.**

G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · marc newson · g-star.com






**Við lögum okkur að þínum þörfum**

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálafyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

www.spar.is

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Fíton/SÍA

# GRUNNURINN LAGÐUR MEÐ GÖMLUM GARDÍNUM

**Birta Björnsdóttir** hefur haft áhuga á tísku frá unga aldri. Hönnun Birtu hefur lengi verið vinsæl á meðal íslenskra kvenna en eftir að sjónvarpstjarnan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir klæddist kjólum Birtu í söngvakeppni sjónvarpsins hefur orðið sprenging.





**Birta** segir að erfitt sé að sameina fyrirtækjarekstur og móðurhlutverkið en hún eignaðist sitt fyrsta barn, Storm Björn, fyrir tveimur árum. Birta telur Íslendinga vera framarlega í fatahönnun en hún hefur hannað föt á fallegustu konur landsins sem og leikkonuna Juliu Stiles. SIRKUSMYND/VALLI.

Ég hef haft áhuga á tísku frá því ég var lítil og var farin að sauma á mömmu úr gömlum gardínum þegar ég var tíu ára," segir Birta Björnsdóttir í júniform en hönnun Birtu hefur heldur betur slegið í gegn eftir að sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir birtist í kjólum hennar í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Kjólarnir, sem voru vinsælir fyrir, voru á allra vörum eftir keppnina svo lögin sjálf urðu hreinlega að lúta í lægra haldi. Svo mikið er að gera hjá Birtu þessa daga að hún hefur engan veginn undan að hanna föt á íslenskar konur sem æstar eru í þessa flottu kjóla.

### Kostir og gallar að vinna ein

Birta og vinkona hennar, Andrea Magnúsdóttir, stofnuðu fatahönnunarmerkið júniform fyrir um fimm árum. Andrea hefur nú snúið sér að öðru og hefur Birta því séð um júniform einsömul í eitt og hálft ár. „Við Andrea byrjuðum í þessu með engin plön og meira til að leika okkur og hafa gaman af. Við vorum tvær ólærðar stelpur að leika okkur að sauma bómullarboli og lita efni. Síðan hefur þetta mikið þróast," segir Birta en þær stöllur seldu í nokkrar verslanir í Reykjavík til að byrja með. „Fljótlega urðum við leiðar á því að sauma heima enda voru efnin út um allt, saumavélarnar alltaf uppi á borðum og títuprjónar að festast í skóm kærastanna okkar. Þess vegna leituðum við okkur að húsnæði og fundum það hér á Hverfisgötunni. Í fyrstu ætluðum við aðeins að hafa hér vinnustofu en þar sem áhuginn var mikill breyttist húsnæðið fljótlega í verslun." Birta segist hafa verið hálf einmana eftir að Andrea yfirgaf hana enda vön að vinna með öðrum. „Í fyrstu fannst mér þetta alveg ómögulegt en það að vinna ein hefur líka sína kosti. Mér fannst óþægilegt að geta ekki rætt hönnunina og fengið „feedback" frá henni en í dag er ég vön að vera ein og finnst það fínt þótt það hafi kannski verið skemmtilegra að hafa einhvern með sér í þessu. Ég er núna með góða stelpu í vinnu hjá mér og við vinnum mikið saman og gengur sú samvinna mjög vel."

### Gerði sér ekki grein fyrir sprengingunni

Birta segist aldrei hafa getað trúað sprengingunni sem átti sér stað eftir að Ragnhildur Steinunn birtist í kjólum hennar. „Þetta er búið að vera ótrúlegt og tvisvar hef ég þurft að loka versluninni þar sem hún hefur einfaldlega verið tóm. Ragnhildur Steinunn er glæsileg kona en ég gerði mér ekki grein fyrir hversu mikil áhrif hún hefði. Ef ég hefði getað ímyndað mér viðbrögðin hefði ég undirbúið mig betur," segir Birta sem er farin alvarlega að leita sér að framleiðsluaðilum á erlendri grundu. „Ég er að fá saumakonur og saumastofur til að sauma fyrir mig auk þess sem ég er alltaf að, en það er bara dropi í hafið miðað við eftirspurnina. Ólíkt öðrum merkjum er nánast hver flík einstök og mikill tími á bak við hana og því hentar það illa til fjöldaframleiðslu, þess vegna þarf ekki mikið til að tæma mína litlu búð."

### Kvenlegir og klæðilegir

Það er engin furða að kjólar Birtu hafi vakið svo mikla athygli eins og raun ber vitni því um glæsilega og öðruvísi kjóla er að ræða. Birta segir nokkrar konur hafa beðið um eins kjóla og sáust í söngvakeppninni en slíkir kjólar eru aðeins gerðir í einu eintaki. „Ég hanna undir tveimur merkjum, júniform sem eru nokkur eintök af hverri flík og júnik þar sem engin flík er eins. Mér finnst skemmtilegast að leika mér með óvenjuleg snið, hanna út fyrir rammann og stöðugt vera að finna eitthvað nýtt. Ég reyni að halda fötunum kvenlegum og klæðilegum og hef voðalega gaman af því að vinna með óhefðbundin efni. Óneitanlega fer gífurlegur tími í það að finna þessi efni. Ég hef verið að versla þessi efni alls staðar að úr heiminum, stundum alla leið frá Japan, á mörkuðum, gömlum efnalagerum, mikið í gegnum netið og þegar fjölskyldan fer í frí erlendis hef ég augun alltaf opin."

### Hannar á fallegustu konur landsins

Birta er lærður förðunarfræðingur en færði sig smám saman yfir í fatahönnunina eftir að hafa kennt og starfað sem skólastjóri í förðunarskóla No name um árabil. Reglulega skoðar hún tískublöð en innblástur fær hún einnig úr umhverfinu, frá efnunum og hjá vinkonum sínum. Aðspurð um uppáhalds fatahönnuði fer það algjörlega eftir tímabilum. „Gríski hönnuðurinn Sophia Kokosalaki hefur lengi verið í uppáhaldi hjá mér.Á síðasta ári fannst mér Balenciaga standa upp úr og Ann Demeulemeester er að gera það gott í ár." Birta hefur hannað kjóla á margar fallegustu konur landsins auk þess sem Hollywood-stjarnan Julia Stiles féll fyrir hönnun hennar er hún kíkti í verslunina um árið. Stiles keypti kjól og peysu í júniform þegar hún var stödd hér á landi við tökur á kvikmyndinni Little Trip to Heaven. Birta hefur þó aldrei séð leikkonuna í fötunum í tímaritum eða sjónvarpi en viðurkennir að það hefði verið skemmtilegt.

### Erfitt að sameina bisnessinn og móðurhlutverkið

Birta og maðurinn hennar eignuðust sitt fyrsta barn fyrir tveimur árum en sonurinn heitir því fallega nafni Stormur Björn. Birta viðurkennir að það hafi verið talsverður höfuðverkur að sameina fyrirtækjareksturinn móðurhlutverkinu og sér í lagi núna þegar svo mikið sé að gera. „Ég er alltaf með hugann við vinnuna og get oft ekki sofnað þar sem það er svo mikið að gerast í hausnum á mér. Það er skemmtilegt að hafa áhuga á vinnunni sinni en ég viðurkenni alveg að ég væri stundum til í að vinna við eitthvað sem ég þyrfti ekki að taka með mér heim á kvöldin. Sonurinn er svo ungur og auðvitað vil ég eyða sem mestum tíma með honum. Áreitið getur verið mikið og ég er oft heldur orkulaus þegar ég kem heim á kvöldin. Ég er þakklát velgengninni en álagið má ekki vera of mikið."

### Með ýmislegt á prjónunum

Þrátt fyrir að Birta hafi gaman af því að reka sitt eigið fyrirtæki segist hún léleg við að taka sénsa. „Ég held að ég sé frekar léleg bisnesskona," segir hún hlæjandi en bætir við að henni þyki gaman að vera með puttana í þessu. „Í rauninni trúði ég aldrei að ég gæti lifað á hönnuninni og því er þetta algjör draumur," segir hún og bætir við að möguleikarnir og leiðirnar séu margar og fjölbreyttar. „Það væri gaman að koma vörunni á markað erlendis og það er ýmislegt á döfinni," segir hún leyndardómsfull á svipinn.

### Hannar minnst handa sjálfri sér

Birta segir Íslendinga framarlega í tísku og að íslensk hönnun sé á uppleið. „Við erum mjög framarlega í tísku en landið er lítið og þótt margir reyni að vera öðruvísi endum við því miður oft á því að vera öll voðalega svipuð. Það er hins vegar mikil gróska í gangi og mikið af ungum hönnuðum að spretta upp," segir hún. Aðspurð hvort hún verði ekki að eiga suma kjólana sem hún saumi segist hún hálf dofin fyrir framleiðslunni. „Ég er stundum búin að vinna svo mikið með efnin og sniðin að mér finnst ég hafa verið hundrað sinnum í flíkinni þó ég hafi aldrei farið í hana. Samt verð ég þó að segja að það er gaman að geta hannað sínar flíkur sjálf og geng ég mest megnis í minni eigin hönnun," segir Birta glöð í bragði að lokum.

indiana@frettabladid.is

### Sparileg en þægileg

**„Föt Birtu eru í miklu uppáhaldi hjá mér og mér finnst gaman að fötum sem enginn annar á eins. Fötin eru glæsileg og svala minni glysgirni með glitrandi pallíettum og steinum. Þau eru líka þægileg og ég gat notað mikið af þeim yfir alla meðgönguna þótt þau séu sparileg. Ég hef oft komið fram í fötum frá henni auk þess sem ég gifti mig í kjól frá Birtu."**

**Selma Björnsdóttir söngkona**



### Fékk mikla athygli vegna kjólsins

**„Ég klæddist kjól frá Birtu þegar ég fór á kvikmyndahátíðina Shooting Star árið 2003. Ég fékk mjög mikla athygli frá stelpunum frá hinum löndunum sem urðu alveg sjúkar þegar þær sáu kjólinn sem var svona prinsessu-pæjukjóll. Eftir það hef ég verið dugleg að kaupa kjóla og allskyns önnur föt frá henni og er mjög ánægð með þau."**

**Nína Dögg Filippusdóttir leikkona**



### Birta er í uppáhaldi

**„Birta er mitt uppáhald og ég hef gengið í fötum frá henni í mörg ár. Hún hannaði til dæmis brúðkaupskjólinn minn og gerði það alveg ótrúlega vel svo ég treysti henni fyrir öllu. Hún er svo vandvirk í öllum smáatriðum og hugmyndarík og kemur með sniðugar lausnir. Þú færð ekki svona kjóla hvar sem er og því er gaman að geta farið ti hennar og fengið flotta kjóla."**

**Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona**



# skenkar
# sófar
# púðar



Laura Skenkur með skúffum **131.900** kr.



Laura Bókahilla **107.200** kr.



Laura Tv skenkur **83.800** kr.



Laura 4ra hurða skenkur **144.300** kr.



Frábært úrval af flottum púðum



3ja sæta leðursófi **107.800** kr.





Leðurhornsófi **199.800** kr.

LÍNAN
HÚSGÖGN

**SUÐURLANDSBRAUT 22**
**SÍMI 553 7100 • www.linan.is**

## Lítil og látlaus athöfn

„Við gengum í það heilaga um verslunarmannahelgina," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, en hún og eiginmaður hennar, Hjörleifur Sveinbjörnsson, höfðu búið saman í tólf ár áður en þau létu pússa sig saman árið 1994. Athöfnin og veislan fóru fram í gróðurskála í Grasagarðinum í Laugardalnum og samkvæmt Ingibjörgu rigndi lítillega á brúðkaupsdaginn. Spurð um brúðkaupskjólinn segist Ingibjörg hafa keypt sér tvískiptan kjól. „Ég ákvað að kaupa mér kjól sem ég gæti notað við ýmis tilefni enda hafði ég engan áhuga á brúðarkjól sem ég myndi aldrei nota. Þetta var falleg og látlaus athöfn, spilað var á tvær þverflautur og aðeins nánustu vinir og fjölskylda viðstödd. Við fórum ekki í neina brúðkaupsferð heldur aðeins út að borða með okkar nánustu vinum um kvöldið," segir Ingibjörg og bætir við að séra Karl Sigurbjörnsson hafi gefið þau saman. Ingibjörg segir þau Hjörleif sjaldan hafa hugsað út í brúðkaup öll árin sem þau bjuggu saman ógift. „Við hugsuðum lítið um að formfesta þessa sambúð okkar en þegar þess var gætt að ég ráðlagði öðrum konum að gifta sig svo réttarstaða þeirra væri skýr varð hálf öfugsnúið að ég væri ógift. Við ákváðum að slá til enda vorum við löngu búin að gera það upp við okkur að við ætluðum að ganga saman okkar æviveg og styðja hvort annað og styrkja."

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Hjörleifur Sveinbjörnsson á brúðkaupsdaginn.**



## Hugsuðu málið í 13 ár

„Við hugsuðum okkur um í 13 ár áður en við létum loks til skara skríða," segir Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona en hún og eiginmaður hennar, Þorkell Jóelsson, gengu í það heilaga hinn 20. júní árið 1987. Sigrún og Þorkell ætluðu sér að flytja búferlum til Ítalíu en þar gátu aðeins hjón leigt íbúð. „Þetta hafði þó staðið til lengi," segir hún og bætir við að Ítalíuferðin hafi ýtt á þau. „Dagurinn var ógleymanlegur en athöfnin fór fram í Mosfellskirkju í frábæru veðri sem spillti ekki fyrir. Veislan fór svo fram í félagsheimilinu Fólkvangi á Kjalarnesi." Diddú gifti sig í jakka sem saumaður var af Maríu Lovísu en tengdamamma hennar saumaði pilsið. Í tilefni dagsins fór hún í hárgreiðslu og lét í fyrsta skiptið á ævinni lakka neglur sínar. „Hárgreiðslan var einföld þar sem ég var með stutt hár en ég var ofsalega fín með hárauðar neglurnar," segir hún hlæjandi og bætir við að þau hjónakornin hafi ekki setið á altarinu eins og venjan sé. „Kirkjan var troðfull af gestum og við urðum að sitja á fremsta bekk ásamt foreldrum okkar. Það var varla pláss fyrir okkur," segir Diddú og hlær dátt. „Mamma, tengdamamma og systur mínar hjálpuðu mér að útbúa pinnamat og snittur og svo var sungið og dansað í veislunni enda mikið af hæfileikaríku fólki í kringum okkar. Um kvöldið fórum við fínt út að borða en þangað komu um 30 bestu vinir okkar svo veislan hélt áfram. Þetta var yndislegur dagur."



**Sigrún Hjálmtýsdóttir og Þorkell Jóelsson.**

BRÚÐKAUPSDAGURINN ER EINN ALLRA STÆRSTI DAGURINN Í LÍFI FLESTRA. SIRKUS RÆDDI VIÐ FJÖGUR ÁSTFANGIN HJÓN OG SPURÐI ÚT Í BRÚÐKAUPSDAGINN. ÖLL ERU ÞAU SAMMÁLA UM AÐ DAGURINN HAFI VERIÐ YNDISLEGUR.

# YNDISLEGUR & ÓGLEYMANLEGUR DAGUR

## Hafði beðið hennar tvisvar

„Athöfnin fór fram í Dómkirkjunni og veislan á Kaffi Reykjavík," segir Andrés Þór Björnsson, innanhússarkitekt og fyrrverandi Herra Ísland, sem gekk að eiga kærustuna sína, Evu Ingimarsdóttur, sem einnig er innanhússarkitekt, hinn 10. júní í fyrra. Andrés hafði beðið Evu tvisvar áður en þau létu pússa sig saman. „Fyrra bónorðið kom fyrir átta árum þegar við vorum á leiðinni til Akureyrar en Eva er að norðan. Í Borgarfirðinum stoppaði ég bílinn og batt fyrir augu hennar en ég hafði komið fyrir kampavíni, jarðarberjum og hringunum á fallegum stað. Síðan fórum við út í nám og ekkert varð að brúðkaupinu svo ég skellti mér á skeljarnar aftur í Mílanó og þá var þetta skothelt," segir hann brosandi. Andrés og Eva héldu partí í brúðkaupsveislunni og voru sjálf síðust til að yfirgefa fjörið. „Þetta var frábær endir á frábærum degi. Við höfðum gist hvort í sínu lagi daginn fyrir brúðkaupið svo ég sá Evu ekki í kjólnum fyrr en í kirkjunni og hún var stórglæsileg. Um kvöldið leigðum við hljómsveit og barinn var opinn alla nóttina. Um fjögurleytið röltum við svo á svítuna sem við höfðum leigt okkur." Spurður um brúðkaupsferð segir Andrés að öll fjölskyldan hafi farið saman til Mallorka. „Við eigum tvö börn, strák sem er tveggja ára og sjö ára dóttur. Við tókum þau með okkur í týpíska og notalega fjölskylduferð til Mallorka."



**Andrés Þór Björnsson og Eva Ingimarsdóttir giftu sig í Dómkirkjunni í Reykjavík.**



## Keypti brúðkaupskjólinn mörgum árum áður

„Dagurinn var alveg yndislegur en athöfnin fór fram í Háteigskirkju," segir Halldóra Björnsdóttir leikkona sem giftist eiginmanni sínum, Úlfari Lúðvíkssyni, 28. ágúst árið 1999. Um litla og notalega athöfn var að ræða þar sem aðeins nánustu fjölskyldu var boðið. Spurð um bónorðið segir Halldóra að Úlfar hafi ekki farið niður á hnén. „Hann gaf mér hins vegar svo fallega hálsfesti þegar hann kom úr ferðalagi frá Kína um vorið að ég ákvað að giftast honum," segir hún en þau höfðu verið saman í tólf ár áður en þau létu pússa sig saman. Halldóra hafði fjárfest í brúðkaupskjólnum nokkrum árum áður og hálsfestin smellpassaði við kjólinn. „Ég sá kjólinn í búðarglugga á Laugaveginum og fannst hann svo fallegur. Ég greiddi mánaðarlega inn á hann þangað til ég eignaðist hann en svo var hann geymdur inni í skáp þangað til við höfðum ákveðið daginn. Úlfar vissi aldrei neitt um kjólinn," segir Halldóra og bætir við að dagurinn hafi verið yndislegur. „Þrátt fyrir að athöfnin hafi verið lítil var þetta allt svo hátíðlegt og æðislegt."

indiana@frettabladid.is

**Halldóra Björnsdóttir og dætur hennar á brúðkaupsdaginn.**


15%
afsláttur
alla helgina
60% afsláttur af útsöluvörum á Laugaveginum
FRIIS COMPANY
Kringlan • Laugavegur 55

# Hollywood Hanna

## Minnir hann á einhvern?

Hinn bráðskemmtilegi þáttur Ugly Betty hefur loksins hafið sýningar á Íslandi. Þátturinn fjallar um nördalega stelpu sem fær starf sem aðstoðarkona ritstjóra tískublaðs í New York. Þættirnir hafa farið sigurför vestanhafs og America Ferrera, aðalleikkona þáttarins, hefur unnið hver fyndasta við þáttinn er það að einn aðalleikarinn í þættinum, ritstjórinn sjálfur minnir óneitanlega mikið á Frey Eyjólfsson, útvarpsmann á Rás 2, og ekki er það leiðum að líkjast því báðir eru þeir stórmyndarlegir. Það er Eric Mabius sem fer með hlutverk ritstjórans. Endilega tékkið á þættinum og gerið síðan upp hug ykkar.



**Freyr Eyjólfsson, útvarpsmaðurinn knái, þykir sláandi líkur Eric Mabius.**

## Segðu að þetta sé ekki satt!

Natalie Portman og Gael García Bernal sáust koma saman út af hóteli í Berlín á dögunum. Það eina sem hægt er að segja við þessu er nei! Af hverju eru þau byrjuð að hittast aftur? Hann er orðinn Íslandsvinur og margar íslenskar stelpur eflaust búnar að láta sig dreyma um að kynnast kappanum næst þegar hann kemur til landsins. Lífið getur verið svo óréttlátt.



**Natalie Portman og Gael García Bernal koma út af hóteli í Berlín á dögunum. Mörg íslensk hjörtu verða kramin með þessari mynd.**



**Melanie Brown er komin sex mánuði á leið.**

## Eddie Murphy er hálfviti

Djöfull hlýtur Melanie Brown, betur þekkt sem Scary Spice, að líða illa. Eddie Murphy dömpaði henni um leið og hún varð ófrísk eftir hann og svo neitar hann að hafa verið með henni. Kappinn var varla hættur með Mel er hann byrjaði að hitta aðra konu. Nú situr Mel litla uppi ein og ófrísk. Við vitum öll að Eddie var að ljúga og er algjör hálfviti. Framinn gengur voða vel hjá honum núna um þessar mundir. Vonandi heldur honum áfram að ganga vel svo að



# AÐALDJAMMIÐ Í HOLLYWOOD



**Kvikmyndaáhugamenn bíða eftir Óskarnum allan ársins hring á meðan Hollywoodáhugamenn bíða eftir myndum úr skemmtilegustu partíum ársins í Hollywood sem eru einmitt haldin strax á eftir Óskarsverðlaunahátíðinni. Sirkus tók saman nokkur skemmtileg móment.**



**KOSS Á KÆRASTANN Petra Nemcova kyssir kærasta sinn, James Blunt.**



**TJILLAÐ Leikkonan Kristen Dunst og bróðir hennar létu fara vel um sig í Vanity Fair-veislunni.**



**BRÁÐMYNDARLEGIR William Dafoe og Adrien Brody slógu á létta strengi á Óskarskvöldinu.**





**ÞÚ ERT SNILLINGUR Madonna hrósar leikaranum Forest Whitaker fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni The Last King of Scotland. En hann hefur sópað að sér hverjum verðlaununum á fætur öðrum fyrir frammistöðu sína.**



**SÚPERKONUR Nicole Kidman, Meryl Streep, Mary J. Blige og Oprah tóku sig vel út saman.**



**UMVAFÐIR DROTTNINGUNNI Helen Mirren var svo sannarlega í stuði, enda aðaldama kvöldsins. Jamie Foxx og Vince Vaughn virtust þó eitthvað súrir.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 7596



Háskólanemar í SKO eru ánægðir með lífið.

# „Fáránlega ódýrt!“

Acer 5684WLMib • 1.83GHz Intel Core 2 Duo 2GB minni • 160GB harðdiskur • DVD skrifari 15.4" WXGA • GF7600 skjákort • Windows Vista

**VERÐ 149.900**

## 5

FRÁ 698 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

acer

19" Acer AL1916C LCD skjár • 1280x1024 upplausn • 700:1 í skerpu • 5ms viðbragðstími VGA tengi • aðeins 5.6kg • silfurlitur

**VERÐ 24.900**

## 6

FRÁ 923 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

acer

Acer AL2016W 20" LCD breiðtjaldsskjár 1680x1050 upplausn • 700:1 í skerpu • 4ms viðbragðstími • VGA og DVI tengi

**VERÐ 32.900**

## 7

FRÁ 1.119 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

acer

19" Acer 1951CS Gamers Edition Slimline LCD skjár CrystalBrite • 1280X1024 upplausn • 700:1 í skerpu • 4ms • VGA og DVI tengi • 2 hátalarar

**VERÐ 39.900**

## 8

Gjafabréf

TÖLVULISTINN

Er ferming í fjölskyldunni? Þá eru Gjafabréf Tölvulistans góð hugmynd Tölvulistinn alltaf betra verð

## 9

FRÁ 642 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

WD Western Digital

500GB My Book er flott fermingargjöf frá Western Digital, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 22.900**

## 10

FRÁ 698 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Logitech

Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum

**VERÐ 24.900**

# TÖLVULISTINN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tölvulistinn. | Nóatúni | 17 | Reykjavík. | 414 1700 |
| Tölvulistinn. | Glerárgötu | 36 | Akureyri. | 414 1730 |
| Tölvulistinn. | Hafnargötu | 90 | Keflavík. | 414 1740 |
| Tölvulistinn. | Miðvangi | 2-4 | Egilsstaðir. | 414 1735 |

# Ásakanir í garð Frjálslynda flokksins

**UMRÆÐAN**
Málefni innflytjenda


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Frjálslyndi flokkurinn hefur setið undir ótrúlegum ásökunum síðustu vikurnar vegna málefna innflytjenda. Okkur hefur verið borið ýmislegt á brýn. Mér er til efs að nokkur íslenskur stjórnmálaflokkur hafi legið undir eins ósanngjörnum og ósvífnum árásum og talsmenn Frjálslynda flokksins hafa mátt þola.

Stefna Frjálslyndra hefur verið sú rödd skynseminnar að vilja hafa stjórn á því hverjir koma til landsins. Kannað sé hvort um sé að ræða fólk sem hafi eitthvað misjafnt í pokahorninu, og síðan að taka ekki við fleirum en íslenskt velferðarsamfélag ræður við.

Sömuleiðis hefur það verið stefna Frjálslynda flokksins að taka þannig á móti gestum að þeir geti aðlagast íslensku samfélagi og að þeim sem taka þátt á vinnumarkaði bjóðist kjör í samræmi við kjarasamninga og að ekki séu ástunduð félagsleg undirboð.

Hver hafa viðbrögð samfélagsins verið? Almenningur hefur tekið undir með okkur í Frjálslynda flokknum og sagt þetta nauðsynlega umræðu sem verði að fara fram og að nauðsynlegt sé að bregðast við ástandinu.

*Hvernig væri að formaður mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar væri látinn rökstyðja þessar ósönnu dylgjur með einhverjum hætti?*

Hver hafa viðbrögð pólitískra andstæðinga verið? Þau hafa verið allt önnur. Forsvarsmenn annarra flokka hafa oft látið hafa eftir sér hin ótrúlegustu ummæli. Þeir hafa haft hátt um meinta andúð Frjálslyndra í garð barna af erlendum uppruna og fleira í þeim dúr.

Lengst hafa Framsóknarmenn gengið í ósvífnum ásökunum. Sjálfur varð ég fyrir því að kona í ábyrgðarstöðu í Framsóknarflokknum laug upp á mig ummælum sem ég átti að hafa látið mér um munn fara á fundi í Menntaskólanum við Sund.

Í Ríkisútvarpinu fyrr í þessum mánuði flutti Sæunn Stefánsdóttir makalausan pistil, en hún er þingmaður Framsóknarflokksins og sömuleiðis formaður útlendingaráðs. Hún sakaði formann Frjálslynda flokksins um að ganga alla leið í andúð sinni gegn erlendu fólki og ala á ótta fólks í landinu við útlendinga. Nákvæmlega ekkert í ræðu Guðjóns Arnars gaf þingmanninum tilefni til að leggja út af ræðunni á þennan veg.

Þegar óskað var eftir því að hún fyndi þessum meiningum einhvern stað, og ef ekki - þá biðjast afsökunar, þráaðist hún við og hélt áfram að afflytja skynsamlega ræðu Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Ekki var hún ein um það heldur tóku undir það bæði þingmenn og ráðherrar Framsóknarflokksins.

Fleiri í Framsókn hafa tekið þátt í þessum lygakór. Nefna má Marsibil Sæmundsdóttir sem er formaður mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar. Hún leyfir sér á opinberum vettvangi á bloggsíðu sinni þann 26. þ. m., að láta þau skilaboð frá sér fara að það væru sérstaklega dapurleg tíðindi þegar spurðist út hverjir myndu leiða framboðslista flokksins í Reykjavík í vor. Útlit væri fyrir að Reykvíkingar þyrftu að hlusta á fordómafulla frambjóðendur halda á lofti stefnu fasista í innflytjendamálum!

Hvernig væri að formaður mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar væri látinn rökstyðja þessar ósönnu dylgjur með einhverjum hætti? Hvar eru fjölmiðlar landsins sem eiga að veita aðhald og spyrja gagnrýninna spurninga? Sérstaklega væri það viðeigandi eins og í þessu máli þegar formaður mannréttindanefndar á í hlut. Það gerist samt alls ekki, heldur virðist sem fjölmiðlar spili frekar undir vitleysunni en hitt, - að ég tala nú ekki um dálka- og leiðarahöfunda.

Nýlega tók einn blaðamaður Morgunblaðsins, Kristján Jónsson, þátt í þessu undirspili og sagði á sinni bloggsíðu að Frjálslyndi flokkurinn væri mælikvarði á grugg í þjóðarsálinni og að flokkurinn höfðaði til minnipokakenndar þar sem allt væri nothæft. Já, það gerði þessi umræddi blaðamaður erlendra frétta í Morgunblaðinu án þess að finna þessum skrifum sínum neinn stað í því sem einhver í Frjálslynda flokknum hefur sagt eða átt að hafa sagt. Þannig er nú um gagnrýna blaðamennsku á þeim bænum.

*Höfundur er alþingismaður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

OPIÐ HÚS HJÁ SVFR
Föstudaginn 2. mars
Dagskrá:
::: Áhrif veiða og sleppa á laxastofna og veiðitölur Guðni Guðbergsson frá veiðimálastofnun
::: Veiðistaðalýsing – Flugu- og maðveiðistaðir Elliðaánna
::: Hilmar Hansson – Rússlandsveiði í Yokonga
::: Myndagetraunin sívinsæla
::: Happahylurinn gjöfuli
ALLIR VELKOMNIR - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00
SVFR

# Hver ber ábyrgð á börnunum?

**UMRÆÐAN**
Uppeldismál


HELGI GRÍMSSON


SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR

Síbyljan segir: Börn eru meira og minna í skólastofnunum allan sinn vökutíma. Síbyljan segir: Börnin eru afgangsstærð í lífsgæðakapphlaupi foreldranna. Síbyljan segir: Leik- og grunnskólakennarar bera sífellt meiri ábyrgð á uppeldi og menntun barna. En síbyljan segir ekki satt.

Málþroski tekur sér hvorki helgarfrí, jólafrí né sumarfrí. Það er forvitnilegt að reikna út hve stóran hluta af árlegum vökutíma sínum fimm ára gamalt barn er í leikskólanum og tíu ára og fjórtán ára gamalt barn í grunnskóla (miðað við tilteknar forsendur varðandi svefn og fjölda skóladaga). Fimm ára barnið er tæplega 35% af vökutímanum í leikskólanum. Tíu ára barnið er tæplega 20% af vökutímanum í grunnskóla og fjórtán ára barnið er rúmlega 20%. Þetta eru blákaldar staðreyndir. Það er því einfaldlega ekki rétt þegar sagt er að leik- og grunnskólabörn verji megninu af vökutíma sínum í skóla.

Foreldrar gegna mjög mikilvægu hlutverki í uppeldi og menntun barna. Það dýrmætasta sem foreldrar geta gefið börnum sínum er tími og því skiptir miklu máli hvernig fjölskyldan ver frítíma barnanna. Það er öllum hollt að spyrja sig: Hvaða veganesti gefur frístundaiðkun og samskipti fjölskyldunnar börnunum? Er tímanum varið til þess að stuðla að auknum mál-, vitsmuna-, siðferðis-, félags- og líkamsþroska barnanna?

Að sjálfsögðu ber starfsfólk skóla einnig ábyrgð á uppeldi og menntun æskunnar. Íslenskar fjölskyldur eru heppnar að hér eru afburðagóðir skólar jafnt á leik- og grunnskólastigi. Í íslenska skólakerfinu starfa fagmenn sem gera sitt besta til þess að börnin njóti sín og þroskist í námi, starfi og leik. En verum þess minnug að börnin okkar verja minni tíma í skólum en virðist við fyrstu sýn. Það er innihaldslaus frasi að börnin okkar verji lunganum af vökutímanum í skólum. Stærstan hluta vökutímans eru börnin á ábyrgð og í umsjón foreldra sinna. Við vitum að foreldrar sinna uppeldishlutverki sínu af alúð og gera sitt besta til þess að hlúa að menntun og þroska barna sinna. Þið vitið að ábyrgðin er ykkar. Látið engan telja ykkur trú um annað.

*Helgi er skólastjóri Sjálandsskóla í Garðabæ og Sigrún er leikskólastjóri á Hofi í Reykjavík.*

**ÁRLEG SKÓLADVÖL BARNA**

| 5 ára barn í leikskóla* | Tímar | Hlutfall |
|---|---|---|
| Tímar í sólarhring á ári | 8.760 | |
| Svefn á sólarhring 10 klst. | 3.650 | |
| Árlegur vökutími | 5.110 | |
| Leikskóli 222 dagar í 8 klst. | **1.776** | **34,76%** |
| Á ábyrgð og í umsjón foreldra | **3.334** | **65,24%** |

** Barnið er alla virka daga í leikskólanum, að frádregnum 4 vikum í sumarleyfi og 4 skipulagsdögum. Barnið tekur tvo auka frídaga um jól. 1. maí og 17. júní eru á virkum degi.*

| 10 ára barn í grunnskóla* | Tímar | Hlutfall |
|---|---|---|
| Tímar í sólarhring á ári | 8.760 | |
| Svefn á sólarhring 9 klst. | 3.285 | |
| Árlegur vökutími | 5.475 | |
| Grunnskóli 180 dagar í 6 klst. | **1.080** | **19,73%** |
| Á ábyrgð og í umsjón foreldra | **4.395** | **80,27%** |

** Barnið er 180 virka daga í grunnskóla. Engir skertir dagar (í flestum tilvikum eru þeir í reynd 4-10)*

| 14 ára barn í grunnskóla* | Tímar | Hlutfall |
|---|---|---|
| Tímar í sólarhring á ári | 8.760 | |
| Svefn á sólarhring 8 klst. | 2.920 | |
| Árlegur vökutími | 5.840 | |
| Grunnskóli 180 dagar í 6,5 klst. | **1.170** | **20,03%** |
| Á ábyrgð og í umsjón foreldra | **4.670** | **79,97%** |

** Barnið er 180 virka daga í grunnskóla. Engir skertir dagar (í flestum tilvikum eru þeir í reynd 8-10)*

# Opið bréf til formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga

**UMRÆÐAN**
Kjaramál

Í nóvember á liðnu ári var haft eftir þér sem nýjum formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga að þú vildir bæta samskipti sveitarfélaga og grunnskólakennara. Þú vildir aðskilja launaviðræður frá umræðum um gæði og innihald skólastarfs, taka upp nánara samstarf við skólana og eyða um leið þeim sárindum sem urðu við síðustu kjarasamninga kennara.

Núna nokkrum mánuðum síðar hafa viðræður um leiðréttingu launa grunnskólakennara með hliðsjón af ákvæði í kjarasamningi siglt í strand en í þessu ákvæði segir: „Aðilar skulu taka upp viðræður fyrir 1. september 2006 og meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjaraþróun gefi tilefni til viðbragða og ákveða ráðstafanir sem þeir verða sammála um.“

Grunnskólakennarar reyndu í heilt ár að fá fram viðræður en ekkert gekk. Aðkoma ríkissáttasemjara hafði ekkert að segja. Launanefnd sveitarfélaga hefur boðið 0,75% hækkun ofan á umsamda 2,25% hækkun 1.1. 2007 en verðbólga hefur verið 6.5% yfir verðbólgumarkmiðum Seðlabankans í nóvember 2004 , fyrir tímabilið frá nóvember 2004 til nóvember 2006.

Í desember 2006 voru meðaldagvinnulaun grunnskólakennara um 30.000 kr. lægri en hjá leikskólakennurum og hátt í 50.000 kr. lægri en hjá framhaldsskólakennurum. Þessar viðmiðunarstéttir höfðu hækkað langt umfram grunnskólakennara þó þær séu örugglega ekkert ofsælar af sínu. Þá má og benda á að launavísitala opinberra starfsmanna hefur hækkað um 11,3% fyrstu 11 mánuði ársins 2006. Á sama tíma hækkuðu laun grunnskólakennara um 2,5%.

Þetta er kannski dálítil talnasúpa en ekki þarf annað en að skoða byrjunarlaun grunnskólakennara til að sjá alvöru málsins en þann 1. janúar sl. námu þau 198.741. Þetta eru laun fyrir nýútskrifaðan kennara eftir 3 ára háskólanám.

Það er gríðarleg óánægja hjá grunnskólakennurum með þessa þróun. Þessi óánægja snýst ekki síst um að því er virðist algert tómlæti sveitarstjórnarmanna sem bera fyrir sig sína eigin launanefnd og segjast ekkert geta gert. Þessi óánægja er mikið áhyggjuefni. Hún veldur því að los kemur á kennara sem þá hverfa til annarra starfa hver sem betur getur.

Það vantar ekkert upp á fínu samþykktirnar og ályktanirnar sérstaklega fyrir kosningar þegar talað er um menntamál. Þannig segir t.a.m. í skólastefnu Kópavogsbæjar sem er eitt af stærri sveitarfélögum landsins: „Almenn samstaða ríkir um mikilvægi góðs menntakerfis fyrir farsæld einstaklingsins og samfélagsins í heild. Sýnt hefur verið fram á með óyggjandi rökum að vaxandi velmegun og lífsánægja almennings hefur haldist í hendur við bætt tækifæri til menntunar. Skólayfirvöld í Kópavogi leggja ríka áherslu á að grunnskólar bæjarins séu í fararbroddi...“

*Það er gríðarleg óánægja hjá grunnskólakennurum með þessa þróun. Þessi óánægja snýst ekki síst um að því er virðist algert tómlæti sveitarstjórnarmanna sem bera fyrir sig sína eigin launanefnd.*

Það virðist ljóst af þessum orðum að þeir sem eiga að sjá um að stuðla að vaxandi velmegun og lífsánægju almennings sem og farsæld einstaklingsins séu ekki mikils virði þegar kemur til launa.

Næsta haust verður hægt að segja upp kjarasamningi grunnskólakennara sem yrðu þá að öllu óbreyttu lausir um áramót. Sé tekið mið af undanfarandi viðræðum (eða viðræðuleysi) er ekkert á þessari stundu sem bendir til annars en að sami leikurinn endurtaki sig þ.e. verkfall, óánægja og flótti úr stéttinni sem þegar er vaxandi.

Kennarar eru yfirleitt hugsjónafólk sem vill hag nemenda sinna sem mestan. Það virðist því miður ekki hægt að segja það sama um sveitarstjórnarmenn sem með framgöngu sinni virðast vera að koma þeim skilaboðum á framfæri að grunnskólakennar séu lítils virði og þar með það starf sem þeir vinna því þar verður varla skilið á milli.

Kæri Halldór, í framhaldi þessa langar okkur að spyrja þig nokkurra spurninga sem við vonumst til að þú svarir.

1. Hvernig hyggst þú og þín samtök eyða þeim sárindum sem urðu við síðustu kjarasamninga kennara?

2. Ert þú ánægður með að launanefnd sveitarfélaga skuli ekki ljá máls á leiðréttingu launa miðað við verðbólgu og kjaraþróun þrátt fyrir ákvæði þar um ?

3. Hvers vegna er hægt að semja við aðra svipaða eða sambærilega hópa um launabætur en ekki þegar kemur að grunnskólakennurum? (Ekki bera fyrir þig kostnaðarhækkanir sem ekkert hafa með laun grunnskólakennara að gera).

4. Hvernig áætla sveitarstjórnarmenn að laða að ungt hæfileikafólk til kennslu þegar byrjunarlaunin ná ekki 200 þús. kr. á mánuði?

5. Er menntun barnanna okkar lítils virði?

*Almennur kennarafundur Digranesskóla.*

# Mikið úrval

## af húsgögnum á frábæru verði

### borðstofuhúsgögn, sófasett, rúm og margt fleira



| | | | |
|---|---|---|---|
| Skápur m/gleri | 59.990kr | Borðstofuborð | 59.990kr |
| Skápur án glers | 59.990kr | | |
| Skennkur | 69.990kr | | |



| | | | |
|---|---|---|---|
| Borðstofuborð | 59.990kr | Spegill | 19.900kr |
| Borðstofustólar | 14.900kr | Skennkur | 84.900kr |
| Skápur m/gleri | 69.900kr | | |



ÞÚ SPARAR 67.400kr

TILBOÐ 202.500kr
Listaverð 269.900,-

**Hægindasófi**
- fæst með 2 eða 4 hallandi stólum
- fáanlegur með leður eða tau áklæði

**Leður hægindasófi** 2322 (með 4 hallandi stólum)



ÞÚ SPARAR 60.000kr

TILBOÐ 169.900kr
Listaverð 229.900,-

**Leðursófasett** 2323



TILBOÐ 111.800kr
Listaverð 149.000,-

ÞÚ SPARAR 37.200kr

**Hægindasófi** 2322



TILBOÐ 63.700kr
Listaverð 84.900,-

ÞÚ SPARAR 21.200kr

**Hægindastóll** 2322



ÞÚ SPARAR 21.200kr

TILBOÐ 63.700kr
Listaverð 84.900,-

**Hægindastóll** 2324



TILBOÐ 93.600kr
Listaverð 124.900,-

ÞÚ SPARAR 31.300kr

**Hægindasófi** 2213



ÞÚ SPARAR 15.700kr

TILBOÐ 47.200kr
Listaverð 62.900,-

**Hægindastóll** 2213



Gott verð 3.990kr

**Púðar**

**40% AFSLÁTTUR AF IMPERIAL RÚMUM**

| Rúmstærð | Verð nú | Verð áður | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|
| 120X200 | 49.600kr | ~~82.680kr~~ | 33.080kr |
| 150X200 | 58.900kr | ~~98.280kr~~ | 39.380kr |
| 180X200 | 71.900kr | ~~119.880kr~~ | 47.980kr |




AFSLÁTTUR 40%

**Imperial rúm**

Gildir til 9. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**JOHN IRVING RITHÖFUNDUR ER 65 ÁRA**

*„Að skrifa skáldsögu er í raun leit að fórnarlömbum. Þegar ég skrifa leita ég að hinum slösuðu og sögurnar afhjúpa þá.“*

*Irving á að baki bækur á borð við The World According to Garp og Cider House Rules.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. MARS 1969

## Jómfrúarflug Concorde-þotunnar

Þennan dag árið 1969 var Concorde-farþegaþotunni flogið í fyrsta sinn. Farþegaþotan er sú hraðfleygasta sem gerð hefur verið, nær nálægt tvöföldum hljóðhraða, en smíði hennar var samstarfsverkefni Breta og Frakka.

Jómfrúarflugið var eins og smurt, en vélin tók á loft frá Toulouse í Frakklandi og var í loftinu í 27 mínútur áður en flugmaðurinn, Andre Turcat, ákvað að lenda henni. „Fuglinn stóri er loksins kominn í loftið og ber sig nokkuð vel,“ sagði hann eftir lendinguna. Í fyrsta fluginu fór vélin í um þriggja kílómetra hæð (10.000 fet), en flaug ekki hraðar en 480 kílómetra hraða á klukkustund. Hún átti hins vegar eftir að fljúga á yfir tvö þúsund kílómetra hraða. Concorde-þotan rauf hljóðmúrinn í fyrsta sinn 1. október sama ár.



Farþegaflug með Concorde hófst svo 21. janúar árið 1976. Þegar komið var fram með Concorde-þotuna var olíuverð í hámarki og sú staðreynd að vélin gat ekki keppt í flugi yfir Kyrrahafið vegna mikillar eldsneytisnotkunar og smárra tanka gerði hana óhagkvæma. Þá féll heldur á ímynd Concorde-þotunnar þegar ein slík brotlenti nærri París 25. júlí 2000 með þeim afleiðingum að 113 biðu bana.

Um tveimur milljónum króna var eytt í að bæta öryggi vélanna og þær aftur teknar í notkun í nóvember 2001, en í apríl í fyrra tilkynntu svo British Airways og Air France að notkun vélanna yrði hætt. Félögin sögðu færri vilja fljúga með Concorde en áður, auk þess sem viðhaldskostnaður væri mikill. Síðasta farþegaflug Concorde var 23. október 2004.

### MERKISATBURÐIR

**1801** Spánn segir Portúgölum stríð á hendur.

**1836** Texas lýsir yfir sjálfstæði frá Mexíkó.

**1933** Kvikmyndin „King Kong“ frumsýnd í New York í Bandaríkjunum.

**1940** Fyrsta árásin á íslenskt skip í seinni heimsstyrjöldinni þegar togarinn Skutull frá Ísafirði verður fyrir árás þýskrar herflugvélar við Bretland. Enginn slasaðist.

**1982** Bíóhöllin hóf starfsemi í Reykjavík, þá stærsta kvikmyndahús landsins.

**1999** Áburðarverksmiðja ríkisins seld Haraldi Haraldssyni og fleirum fyrir tæplega 1,3 milljarða króna. Verksmiðjan var staðgreidd.

### AFMÆLI



**Viðar Víkingsson** kvikmyndagerðarmaður er 56 ára.



**Ilmur María Stefánsdóttir** myndlistarkona er 38 ára.



**Carlos Ari Ferrer** sóknarprestur er 46 ára.



**Stefanía Thors** leikkona er 36 ára.



**Þorsteinn J. Vilhjálmsson** fjölmiðlamaður er 43 ára.



**Kolbrún Anna Björnsdóttir** leikkona er 33 ára.




*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Málfríður Sigurðardóttir,**
Stillholti 9, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi miðvikudaginn 28. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðmundur Ó. Guðmundsson**
**Sigurður Guðmundsson** **Hulda Guðbjörnsdóttir**
**Björgvin Guðmundsson** **Lidia Andreeva**
**Birgir Guðmundsson** **Ragnheiður Hafsteinsdóttir**
**Jón Þór Guðmundsson** **Ástríður Jónasdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Hjálmarsdóttir**
Lindasíðu 4, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri 25. febrúar. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 5. mars kl. 14.00.

**Bjartur Stefánsson** **Rósa Óskarsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Einarsson**
Hjallaseli 55 (Seljahlíð), Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 18. febrúar.
Útförin fer fram í dag frá Fossvogskirkju kl.13.

**Ingveldur Jónasdóttir**
**María Jónsdóttir** **Axel Stefán Axelsson**
**Leifur Jónsson** **Bryndís Petersen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Auglýsingar sendist á
**auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5000.


**SÍÐAN SKEIN SÓL:** Á TUTTUGU ÁRA AFMÆLI Í ÁR

# Gengur fyrir sólarorku

Hljómsveitin Sssól, eða Síðan skein sól eins og hún hét á fyrstu starfsárum sínum, fagnar 20 ára afmæli um þessar mundir. Í tilefni þess ætlar hún að halda órafmagnaða tónleika í Borgarleikhúsinu 18. apríl auk þess sem ný plata er í farvatninu.

Helgi Björnsson, söngvari sveitarinnar, man vel eftir kvöldinu þegar Síðan skein sól kom fyrst fram. „Það var í lok mars 1987, við spiluðum í Hlaðvarpanum, þar sem Tapas barinn er líklega til húsa í dag.

Þetta var í pínulitlum sal og fyrir utan kyngdi niður snjónum, þannig að þetta voru bara notalegir og skemmtilegir tónleikar.“

Ekki er ofsagt að Sssól sé ein vinsælasta poppsveit landsins fyrr og síðar og hefur átt ófáa smelli í gegnum tíðina. Auk Helga skipa sveitina Eyjólfur Jóhannsson gítarleikari, Jakob Smári Magnússon bassaleikari, Hafþór Guðmundsson trymbill, Hrafn Thoroddsen hljómborðsleikari og Stefán Már Magnússon gítarleikari. Helgi, Eyjólfur og Jakob hafa verið í bandinu frá upphafi og segir Helgi þá hafa strax smollið vel saman. „Við komum úr ólíkum áttum; Eyjó og Jakob höfðu verið í Tappa tíkarrass og ég í Grafík en við náðum vel saman. Við líka óhræddir við að prófa eitthvað nýtt og spiluðum frá hjartanu, vorum óragir við það.“



**HELGI BJÖRNSSON** Hlakkar til órafmögnuðu tónleikanna 18. apríl enda henta mörg laganna slíkri útsetningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SÍÐAN SKEIN SÓL** Eyjólfur Jóhannesson, Helgi Björnsson og Jakob Smári Magnússon skipuðu sveitina frá upphafi og Ingólfur Sigurðsson barði húðirnar fyrstu árin.

Helgi hlakkar mikið til órafmögnuðu tónleikanna, sem ber upp á síðasta vetrardag. „Mörg laga okkar henta mjög vel fyrir órafmagnaða útsetningu og voru samin þannig. Í seinni tíð fórum við að spila meira á böllum en til að byrja með, fyrstu tvö árin eða svo, spiluðum við nánast eingöngu á tónleikum. Við fórum heilan túr um landið og spiluðum órafmagnað, löngu áður en „Unplugged“ tónleikarnir komust í tísku á MTV. Platan Ég stend á skýi var samið órafmagnað og ég hlakka mikið til að spila titillagið órafmagnað, auk laga á borð við Engil og Úlf.“

Sssól hefur legið í dvala undanfarin fimm ár en Helgi segir að hljómsveitin hafi aldrei hætt. „Við ákváðum að draga okkur í hlé þangað til við ættum nýtt efni og höfum svo verið hver í sínu horni úti um hvippinn og hvappinn. Núna eigum við slatta af nýju efni sem á bara eftir að taka upp og það er spurning hvenær við finnum tíma til að gera það. Vonandi getum við fylgt tónleikunum eftir með nýrri plötu, því sem hljómsveit eigum við nóg eftir. Það má kannski segja að geymirinn gangi fyrir sólarorku.“ **bergsteinn@frettabladid.is**




*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Þorsteins D. Marelssonar**
rithöfundar, Unufelli 27.

Sérstaklega viljum við þakka hjúkrunarþjónustunni Karitas og Sigurði Björnssyni fyrir alla þeirra hjálp í veikindum Þorsteins.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Hólmfríður Geirdal**

*Elskulegur eiginmaður og stjúpfaðir,*

**Guðjón B. Guðjónsson**
Seljalandi,

lést á heimili sínu þann 12. febrúar sl. Jarðarförin hefur þegar farið fram í kyrrþey, að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til þeirra sem veittu umhyggju og alúð við andlát og útför hans.

**Guðrún J. Gunnarsdóttir**
**Hafsteinn Daníel Þorsteinsson**
**Katrín Björg Hannesdóttir**


# Skafti nýr umdæmisstjóri í Malaví

Skafti Jónsson hefur verið ráðinn umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví og tók við starfinu af Margréti Einarsdóttur á dögunum.

Skafti er sendiráðunautur í utanríkisráðuneytinu en í tímabundnu starfi hjá ÞSSÍ sem umdæmisstjóri í Malaví og forstöðumaður sendiráðsins í höfuðborginni, Lilongwe. „Ég hef verið svo heppinn að fá að vera hér í nokkrar vikur til að setja mig inn í starfið og kynnast landi og þjóð,“ segir hann. „Ég tek við góðu búi og spennandi og vaxandi verkefnum sem fólkið í Monkey Bay, þar sem við vinnum mest, kann vel að meta.“



**SKAFTI Í MALAVÍ** Skafti Jónsson og hr. Gumbala, skólastjóri Namazizi-skólans í Malaví. MYND/KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR

Malaví er eitt af fátækustu ríkjum heims en Skafti segir það þó hafa komið sér skemmtilega á óvart hversu mikið er til af fagmenntuðu starfsfólki í landinu. „Um daginn auglýstum við eftir verkfræðingi til að leiða vatns- og skólpverkefnið sem við erum að fara af stað með. Við fengum 37 umsóknir, allar frá mjög hæfum og vel menntuðum Malövum. Í þessum viðtölum sannfærðist ég um að það er rétt stefna hjá ÞSSÍ að reiða sig í ríkari mæli á heimamenn í lykilstöðum. Það er þróunarstarf í sjálfu sér að gefa menntuðu heimafólki tækifæri til að axla ábyrgð og nýta menntun sína, en slík tækifæri eru því miður af skornum skammti.“


STÓRI
BÓKAMARKAÐURINN
Perlunni 1. – 11. mars
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18
Wuthering Heights
~~4.680,-~~ 1.990,-
Christopher Paolini
ERAGON
ÖLDUNGURINN
~~3.760,-~~ 1.690,-
Fíasól
~~2.490,-~~ 1.399,-
Ljósið í Djúpinu
~~4.690,-~~ 1.868,-
Óvinir ríkisins
~~4.990,-~~ 1.868,-
BALLAÐAN UM BUBBA MORTHENS
~~4.480,-~~ 1.790,-
Ripley's Ótrúlegt en satt!
~~5.990,-~~ 2.900,-
HELMINGURINN BURT! – LÆKKUN VSK –
VERÐHRUN!
Fíasól
~~2.480,-~~ 690,-
Dýra-alfræði FJÖLSKYLDUNNAR
~~8.990,-~~ 3.980,-
Þú finnur alltaf réttu bókina!
Yfir 10.000 titlar á ótrúlegu verði og nú hefur virðisaukaskatturinn lækkað um helming! Nýjar bækur og gamlar bækur, bækur fyrir unga og aldna.
Ótrúlegt en satt! Sjáið gin forsögulega risahákarlsins Megalodons sem gat gleypt smábíl í einum munnbita!
Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda!
Auglýstar bækur fást á meðan birgðir endast.
EMINEM
~~2.990,-~~ 990,-
ROUTE 66
~~4.980,-~~ 1.790,-
Betra sjálfsmat
~~3.980,-~~ 990,-
DAN BROWN ENGLAR DJÖFLAR
~~4.280,-~~ 980,-
Þrjár saman í pakka
MENNSKA
~~5.940,-~~ 1.660,-






## STUÐ MILLI STRÍÐA Endurfundir eru ekki alltaf auðveldir

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ÆTLAR AÐ FINNA EITTHVAÐ SNIÐUGT UPP FYRIR VORIÐ



Um daginn sat ég með nokkrum vinnufélögum og ræddi kvikmyndir og einhverra hluta vegna fórum við að rifja upp söguþráð myndarinnar Romy and Michele's High School Reunion. Fyrir þá sem ekki vita fjallar hún um vinkonur sem voru ekki svölustu gellurnar í skóla en fara á bekkjarmót nokkrum árum seinna þar sem þær segja öllum gömlu bekkjarfélögunum að þær hafi fundið upp „post it" límmiðana til þess að ganga í augun á þeim.

Allt í einu mundi ég að ég á sjálf tíu ára útskriftarafmæli frá MA í vor og fer af því tilefni á hátíð sem haldin er fyrir fyrrverandi nemendur skólans. Þegar ég sagði vinnufélögum mínum frá þessu fundu þeir strax til með mér og einn spurði hvað ég ætlaði að gera fyrst ég hefði ekki enn afrekað það að ná mér í mann. Ég þakkaði honum pent fyrir að benda mér á þetta þar sem ég hafði ekki haft áhyggjur af því að ég kæmi illa út í samanburðarkeppninni fram að því. Að vísu hafði hvarflað að mér að ég væri hugsanlega ein um að hafa verið í háskólanum frá útskrift án þess að hafa lokið BA-prófi, en það er ekkert að angra mig þar sem ég tel mig hafa lært helling þrátt fyrir prófleysið.

Í framhaldi af samræðunum fór ég að velta því fyrir mér hvað það er algengt að svona bekkjarmót snúist svolítið um að allir reyni að sýna fram á að þeir hafi náð einhverjum árangri síðan síðast og hvað það er gott að vera sátt við eigið líf þó að í ljós komi þegar þarf allt í einu að taka saman afrekaskrá að hún er ekkert voðalega löng.

Ég ætla því ekkert að hafa áhyggjur af bekkjarmótinu þó að ég reyni kannski að finna eitthvað sem ég get slegið um mig með og aldrei að vita nema ég geti fundið eitthvað sniðugt upp fyrir vorið. Ef ekki get ég huggað mig við það að á hátíðinni verða líka fyrrverandi MA-ingar sem eru bara að fagna fimm ára útskriftarafmæli og kannski finnst einhverjum af þeim ég vera svolítið svöl við samanburð.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Ótrúlegt verð




## Enox 32" LCD sjónvarp

- 32" LCD sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn 1366x768
- Svartími 8ms
- Skerpa 1000.1
- Textavarp 1000 síðna minni
- 2 x scart, HDMI, RCA tengi
- 2 x 30w magnari



TILBOÐ
89.990kr
Verð áður 159.990,-

Fullt verð
15.990kr



## Enox háskerpu DVD spilari

• Spilar venjulega DVD diska í high definition upplausn • Fjölkerfa DVD spilari • Spilar öll kerfi • Video upsampling í 720p/1080p • Progressive Scan • Kortalesari (les CF, SD og MMC) • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar HDCD, CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • DolbyDigital og DTS • Scart (með RGB), HDMI, VGA, SVHS og RCA tengi • RCA Audio og 6 rása útgangur • Optical og Coaxial tengi • Fjarstýring

**Keyptu Enox 32" sjónvarp og fáðu glæsilegan Enox DVD spilara á aðeins 9.990kr.**

## Mikið úrval af flötum skjám á frábæru verði



TILBOÐ
117.990kr
Verð áður 159.990,-

### Philips 32" LCD sjónvarp

- HD Ready16:9 sjónvarp
- Upplausn: 1366x768
- Skerpa: 1.600:1
- Svartími: 8ms
- Birtustig: 500 cd/m2
- 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI
- Borðstandur fylgir



TILBOÐ
134.990kr
Verð áður 179.990,-

### Philips 32" LCD sjónvarp

- HD Ready 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768
- Skerpa: 1.600:1
- Svartími: 8ms
- birtustig: 500 cd/m2
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS
- Borðstandur fylgir



TILBOÐ
189.990kr
Verð áður 249.990,-

### Philips 37" LCD sjónvarp

- HD Ready 16:9 sjónvarp
- Upplausn: 1366x768
- Skerpa: 2.400:1
- Svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176°
- Birtustig: 500 cd/m2
- Pixel Plus myndtækni
- Progressive Scan
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart, 2 HDMI



TILBOÐ
149.990kr
Verð áður 179.990,-

### United 37" LCD sjónvarp

- HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768
- Progressive Scan
- HD Ready
- 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, SVHS, og CVBS

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og á Akureyri

Gildir til 9. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kl. 13.00**

*Félagar úr bresk-þýska listahópnum Gob Squad fjalla um verk sín í málstofu á vegum leiklistardeildar LHÍ að Sölvhólsgötu 13. Hópurinn hefur unnið saman að gjörningum, innsetningum, kvikmyndum og lifandi viðburðum undanfarin 13 ár, þar sem skemmtanagildi, listrænn metnaður og skýr og ákveðin hugmyndafræði haldast í hendur. Dagskráin er öllum opin meðan húsrúm leyfir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Girni og viður í Þjóðmenningarhúsi*

Kammerhópurinn Nordic Affect heldur tónleika í Bókasal á morgun. Tónleikarnir bera yfirskriftina „Girni og viður“ en þar verður leikin tónlist frá barokktímabilinu, allt frá hinum framúrstefnulegu strengjaverkum Marinis og Merulas til eins frægasta flautuverks sögunnar, h-moll svítunnar eftir J.S. Bach.
Nordic Affect er fyrsti hérlendi kammerhópurinn skipaður fólki sem hefur sérhæft sig í flutningi tónlistar á upprunaleg hljóðfæri. Hópurinn var stofnaður árið 2005 af Höllu Steinunni Stefánsdóttur barokkfiðluleikara og Karli Nyhlin lútuleikara en í honum eru í dag níu meðlimir. Hópurinn hefur komið fram á Norðurlöndunum, þar á meðal á Sumartónleikum í Skálholti og Renaissance Musik Festival í Kaupmannahöfn og fengið góðar móttökur. Tónleikarnir eru þeir fyrstu í fyrirhugaðri tónleikaröð hópsins í Þjóðmenningarhúsinu sem styrkt er af Reykjavíkurborg, Glitni, Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur, Tónlistarsjóði og Menningarsjóði FÍH. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.thjodmenning.is



**LEIKA Á UPPRUNALEG HLJÓÐFÆRI** Kammerhópurinn Nordic Affect heldur tónleika í Þjóðmenningarhúsinu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### > Ekki missa af …

ljósmyndasýningu finnsku listakonunnar **Súsönnu Majuri** í **Norræna húsinu**. Hún hefur sérhæft sig í að leita uppi **undarlegt** andrúmsloft og liti sem leynir sér ekki í verkum hennar. Sýningunni lýkur um helgina.

leikritinu **Sitji guðs englar** í **Þjóðleikhúsinu**. Verkið byggist á ástsælum bókum Guðrúnar Helgadóttur og hentar öllum aldurshópum.

sýningum **Íslenska dansflokksins** á verkum **André Gingras** og **Robertos Oliván** í **Borgarleikhúsinu**.

# M/M í Urriðaholtinu

**Sköpunarfyrirtækið M/M er eina ferðina enn að koma að íslensku menningarlífi. Það átti samstarf við Björk með eftirminnilegum hætti bæði við bókina sem henni var helguð og eins myndbandið við Hidden Place – Leynistaðinn.**



**MYNDLIST** Við tréð á Urriðaholti standa Halldóra Hreggviðsdóttir , Gabríela Friðriksdóttir, Michael Amzalag og Sigurður Gísli Pálmason. LJÓSMYND M/M MATHIAS AUGAUSTYNIAK

Það leiddi síðan til samstarfs M/M við Gabríelu Friðriksdóttur í frágangi prentgripa fyrir skála hennar í Feneyjum: bæði merki og hátalarastæði. Þá unnu þeir titla fyrir Sigurjón Sighvatsson fyrir heimildarmynd hans um Zidane sem hér var sýnd á kvikmyndahátíð.

Á bak við þessi tvö emm standa þeir Mathias Augaustyniak og Michael Amzalag. Samsteypu sína stofnsettu þeir í París 1992: þeir neita að flokka sig sem hönnuði því viðfangsefni sæki þeir á svo vítt svið. Vefsíða þeirra leiðir það í ljós að þeir drepa víða niður fæti: sviðsmynd í óperur, veggspjöld, myndaramma, lampa, veggflísar og margt fleira. Af vef þeirra, www.mmparis.com, má hlaða niður í pdf-skjali nýjum bæklingi með veggspjöldum þeirra sem eru afar skrúðmikil og fræðast um fimmtán ára feril M/M.

Einkenni á flestum þeirra verkum er blanda af einföldum formum með miklu munsturskrúði sem vísar beint í barokkið. Þeir hafa afar sérstæða litasýn sem sótt er í kviku samtímans og er stundum á skjön við venjubundna samsetningu lita. Og nú eru þeir komnir í Garðabæinn. Þar sátu þeir um síðustu helgi ásamt samstarfskonu sinni Gabríelu Friðriksdóttur og unnu drög að stóru myndverki sem mun verða sett upp á efsta punkti Urriðaholtsins og trúir sínu barokkska sniði mun verkið sem er hugsað sem tré skjóta rótum um nágrennið. Í tengslum við Franska vorið verða skissur þeirra þrímenninga sýndar í Hönnunarsafninu í Garðabæ og verður sú sýning opnuð gestum og gangandi frá og með sunnudeginum. Þar gefst kostur á að sjá verkið í frumdrögum en sú mynd sem hér fylgir er samsett hugsýn um hvernig það gæti litið út.

Það eru einkaaðilar sem hafa þróað byggingarhugmyndir í Urriðaholti um langt skeið í samvinnu við heimamenn og arkitektastofu Johns Thompson. Sigurður Gísli Pálmason er fyrir verkefninu sem hefur tekið nokkurn tíma. Hann segir Urriðaholtið afar viðkvæmt svæði og menn hafi lagt sig í líma við að hanna þar byggð fyrir 3.600 íbúa sem ætlunin sé að rísi hægt – á nær tíu árum. Menn vilji fara varlega vegna nálægðar við vatnið sem öllum sé í mun að vernda. Tryggja þurfi að vatnsbúskapur vatnsins haldist, en það sé víða raun með vötn í byggð að þau deyi. Sigurður segir myndverk þeirra þremenninga vera táknlegt: það verði fyrsta mannvirkið sem muni rísa í þessu hverfi. Þau tali um tré og ætlunin sé að rætur þess liggi víða um hverfið. „Skipulagsyfirvöld og verktakar verði að fara að leggja meira til í undirbúningi og hugsun hverfa, það sem lengi skal standa skulu menn vanda sig við,“ segir Sigurður. Hann segir að verkið muni verða þrír til fjórir metrar á hæð og næst sé að þróa hugsýnina áfram, kanna efnivið í tréð og huga að burðargrind í verkið. Sigurður er ánægður með vinnu þremenninganna og og dregur ekki dul á það að honum og samstarfsfólki hans er metnaðarmál að nýtt hverfi í Urriðaholti takist vel, tréð skal vera til merkis um það.

**pbb@frettabladid.is**

# Völuspá í útvarpi

Í dag skulu menn leggja við hlustir - skeggöld, skálmöld, skildir eru klofnir. Vindöld, vargöld, áður veröld steypist. Hér mun enginn maður öðrum þyrma. Svo segir völvan í þúsund ára gömlu ljóði sem hefur um langan aldur endurnært norræna skynjun og hafa sindur af því kvæði löngum lýst mönnum leið. Í dag verður þetta frægasta kvæði íslenskt, Völuspá, enn tekið til flutnings í túlkun þeirra Sverris Guðjónssonar og sænska tónskáldsins Stens Sandell. Verður hljóðverk þeirra byggt á kvæðinu flutt samtímis á vegum útvarpsleikhúsa sænsku og íslensku ríkisútvarpanna kl. 16.13.

Verkið, sem tekur um tuttugu mínútur í flutningi, er sent út í þættinum Hlaupanótunni. Það hefur verið lengi í vinnslu: þeir Sverrir og Sten tóku að vinna hljóðverk byggt á hinu forna kvæði fyrir tveimur árum. Tvær leikkonur bera uppi flutninginn af kvæðinu: Kristbjörg Kjeld hér heima en Stina Ekblad í Svíþjóð. Báðar eru þær kunnar fyrir dramatískan leik sinn og fá nú það hlutverk að gæða kvæðinu rödd. Saklausari parta í spá völvunnar túlka þær Kristbjörg María Jensdóttir, sonardóttir Kristbjargar, og Olivia Sandell.



**TÓNLIST** Sverrir Guðjónsson tónlistarmaður.

Völuspá skiptist í þrjá kafla: sköpun, ragnarök og nýtt upphaf, þá heimurinn rís að nýju eftir fallið. Kvæðið virðist geta kallast á við alla tíma og ekki skánar ástandið í framtíðarhorfum heimsins. Nokkurri undrun sætir að verkið skuli ekki vera frumflutt á kvölddagskrá og meira látið með það í kynningum á vegum RÚV. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem tónskáld smíðar verk eftir kvæðinu. Það hefur komið við sögu bæði í tónsmíðum Jóns Leifs og Jóns Þórarinssonar. Þessa útgáfu kalla höfundarnir Völuspá - Raddir. **- pbb**



**HRÆRA SÍNA STRENGI** Elísabet Waage og Hannes Guðrúnarsson leika saman í Salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Náttúra og strengir

Elísabet Waage hörpuleikari og Hannes Guðrúnarson gítarleikari halda tónleika í Salnum í Kópavogi á morgun.

Tónleikarnir bera yfirskriftina „Náttúran í strengjum“ en efnisskráin lýsir ýmsum fyrirbærum í náttúrunni en þau Elísabet og Hannes munu leika verk eftir Áskel Másson, hörpusólóið „Hrævareldar“ eftir Hasselman og verkið „Blóm“ eftir Þorkel Sigurbjörnsson en það var upphaflega skrifað fyrir gítar og sembal en Þorkell gerði á því smávægilegar breytingar svo að hægt væri að leika hlutverk sembalsins á hörpu. Að lokum leika þau Hannes og Elísabet verkið „Spirit of Trees“ eftir armensk-ameríska tónskáldið Alan Hovhaness, en verk hans heyrast sjaldan hér á landi. Hovhaness blandar þar saman strengjum hljóðfæranna á mjög fallegan hátt og hefur verkið örlítið austurlenskt yfirbragð.

Elísabet og Hannes léku fyrst saman á tónleikum árið 2004 og héldu Háskólatónleika haustið 2005. Þau eru bæði kennarar við Tónlistarskólann í Kópavogi. Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð kennara Tónlistarskólans í Kópavogi. Nemendur Tónlistarskólans og forráðamenn þeirra fá frítt inn, auk þess er ókeypis fyrir öll börn 12 ára og yngri.

Roof Tops
Föstudags- og laugardagskvöld
Misstu bara af þessu ef þú þorir!
ARI JÓNS: söngur, trommur
SVENNI GUÐJÓNS: söngur, hljómborð
FINNBOGI KJARTANS: söngur, bassi
GÚI RINGSTED: söngur, gítar
SIGGI PEREZ: söngur, saxafónn, slagverk
KRINGLU KRÁIN

**Universal og Paramount Pictures** óska **SAMbíóunum hjartanlega til hamingju** með **25 ára afmælið**

Í tilefni dagsins verður 40% afsláttur af miðaverði í SAMbíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík

25 ára 1982 - 2007

SAMBÍÓIN












Sumarmyndir Uip

UNIVERSAL

UNITED INTERNATIONAL PICTURES

Paramount
A VIACOM COMPANY

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sunnudagur 4.mars kl:17 Uppselt
Sunnudagur 11.mars kl:17 örfá sæti laus
Sunnudagur 18.mars kl:17
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

Flagari í framsókn – The Rake's Progress – IGOR STRAVINSKY
FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
fös. 2. mars - SÝNINGIN HEFST KL. 20
ALLRA SÍÐASTA SÝNING- TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ - Kynningin hefst kl. 19.15
ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
Frumsýning fim. 21. mars kl. 20 - 2. sýn. sun. 27. mars kl. 20
3. sýn. 29. mars kl. 20.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
Landsvirkjun
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun 4/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** sun. 11/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** sun. 18/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **nokkur sæti laus,** sun. 25/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.** sun. 15/4 kl. 14:00, sun. 22/4 kl. 14:00. **Sýningum lýkur í apríl!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar í kvöld fös. 2/3 **uppselt** og lau. 3/3 **uppselt. Miðaverð kr. 1.500,-**
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
Mán. 12/3 uppselt, þri. 13/3 uppselt.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
**Þri. 6/3 kl. 17:00 örfá sæti laus, Sun. 11/3 uppselt.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 3/3 kl. 13:30 **uppselt** og kl. 15:00 **uppselt**, sun. 4/3 kl. 13:30 **uppselt** og kl. 15:00 **uppselt**, lau. 10/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus**, sun. 11/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus,** lau. 17/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og kl. 15:00 **nokkur sæti laus**, sun. 18/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og 15:00 **nokkur sæti laus**.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**

**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 9/3 kl. 20 Síðasta sýning

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Í kvöld kl. 20 Lau 10/3 kl. 20
Lau 17/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20

**MEIN KAMPF**
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 4/3 kl. 20 Sun 11/3 kl. 20
Sun 18/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Lau 3/3 kl. 20, Lau 3/3 kl. 22:30, Fim 8/3 kl. 21
Lau 10/3 kl. 14, Fim 15/3 kl. 20, Fös 16/3 kl. 21,
Lau 24/3 kl. 20, Lau 24/3 kl. 22:30,
Uppselt á allar þessar sýningar!
Lau 31/3 kl. 14 AUKAS. Mið 4/4 kl. 20 AUKAS.
Sun 15/4 kl. 14 AUKAS. Mán 16/4 kl. 21 AUKAS.
Fim 19/4 kl. 14 AUKAS. Fim 19/4 kl. 17 AUKAS.
Fim 19/4 kl. 21 AUKAS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Í kvöld kl. 20 AUKAS.
Þri 13/3 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Mán 5/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Þri 6/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Mið 7/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Sun 11/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Lau 3/3 kl. 20 UPPS. Sun 4/3 kl. 20 UPPS.
Fim 8/3 kl. 20 UPPS. Fös 9/3 kl. 20 UPPS.
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 20
Lau 24/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 4/3 kl. 14 Sun 11/3 kl.14
Sun 18/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 14
Síðustu sýningar

**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20
Fös 9/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 4/3 kl. 13,14, 15, Sun 11/3 kl.13, 14, 15,
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15, Sun 25/3 kl. 13, 14, 15,
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15, Sun 15/4 kl. 13,14,15
Sun 22/4 kl. 13,14, 15
Uppselt á allar þessar sýningar!
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**FEBRÚARSÝNING Íd**
Sun 4/3 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Sun 11/3 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# Frá sjónarhóli óvinarins

Með bréfunum frá Iwo Jima lokast tvíleikur Clints Eastwood um þessa mannskæðu árás Bandaríkjahers á japönsku eldfjallaeyjuna í febrúar og mars árið 1945. Iwo Jima var hernaðarlega mikilvæg fyrir keisaraveldið sem taldi nauðsynlegt að verja hana því ef bandamenn næðu henni á sitt vald var hægur leikur að ráðast á meginland Japans þaðan. Þótt ekkert skorti á baráttuþrekið hjá hermönnum keisarans voru birgðir af skornum skammti og herinn nánast óvígur sökum matar- og skotfæraskorts.

Orrustan um Iwo Jima er einna frægust fyrir ljósmynd Joes Rosenthal af sex Bandaríkjamönnum sem reistu fána landsins á Surabachi-fjallinu, hæsta tindi eyjunnar. Eastwood hefur þegar gert hinum bandaríska hluta góð skil í Flags of our Fathers en fannst hlutur Japana ekki sýndur í sanngjörnu ljósi. Sagan er jú alltaf skrifuð af sigurvegurum. Japanar urðu fyrir gríðarlegu mannfalli í þessari orrustu en ríflega tuttugu þúsund féllu í bardögum eða af sárum sínum.

Bréfin frá Iwo Jima byrjar á kunnuglegum nótum. Hún hefst á fundi japanskra fornleifafræðinga á poka með bréfum frá hermönnum á eyjunni. Þetta er kunnuglegt bragð úr smiðju kvikmyndagerðarmanna þegar þeir vilja gefa áhorfandanum þá tilfinningu að allt sem gerist í kjölfarið sé sögulega satt. Miðpunkturinn er bakarinn Saigo sem óvænt er kallaður í japanska herinn en er hálfgerður aumingi, getur varla skotið úr byssu og er látinn í öll skítaverkin. Hann þvælist á milli herdeilda, kynnist þeim japönsku hermönnum sem lögðu líf sitt að veði fyrir land og þjóð en stendur að endingu uppi sem eini eftirlifandinn í vörslu óvinarins.

Clint Eastwood á vissulega hrós skilið fyrir kvikmyndir sínar um Iwo Jima. Hann leyfir sjónarhóli beggja aðila að njóta sín. Líkt og í mörgum góðum stríðsmyndum eru tökurnar á köflum stórkostlegar, mikið gert úr byssuhvellum svo að áhorfandinn kippist til í stólnum, aflimaðir líkamar og blóð fyrirferðarmikið en minna púðri eytt í söguþráð. Enda á styrjöldin ein og sér að nægja. Áhorfandinn fær óvænta innsýn inn í heim japanska hersins þar sem heiðurinn skiptir öllu máli og krafist var sjálfsvíga í stað þess að flýja eða daga uppi sem stríðsfangi.

Bréfin frá Iwo Jima er tæknilega vel útfærð kvikmynd þar sem hljóðvinnsla og klippingar eru í hæsta gæðaflokki en hún býður ekki upp á neitt nýtt í flokki stríðsmynda. Kvikmyndahúsagestir skyldu því ekki láta blekkjast af hrifningu Óskarsakademíunnar enda er mikilvægt á þessum viðsjárverðu tímum fyrir stórveldið að sýnast pólitískt réttþenkjandi.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**KVIKMYNDIR**

**Letters from Iwo Jima**

Leikstjóri: Clint Eastwood

Aðalhlutverk: Ken Watanabe og Kazunari Ninomiya

★★★

Kvikmyndin er keyrð áfram af kröftugri kvikmyndatöku og hljóðvinnslu. Galli myndarinnar er hins vegar sá að hún býður ekki upp á neitt nýtt í stríðsmyndum og því skyldi fólk ekki láta blekkjast af hrifningu Óskarsakademíunnar.

THE HAPPY THEATER PRESENTS:
ÍSMERICA
TAKE THE TOUR WITH PARIS & TYRA
MIÐAPANTANIR Í SÍMA 551 0343
AUKASÝNINGAR:
FÖS. 2.MARS KL. 20.30
LAU. 3.MARS KL. 20.30
LAU. 10.MARS KL. 20.30



EILÍF HAMINGJA
Fyrsta íslenska millistjórnendadramað
SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU
★★★★ Fyndin hugmynd útfærð á frumlegan hátt með frábærum leikurum. Fréttablaðið
TILBOÐ 2 FYRIR 1
Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.
GLITNIR
FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

27 28 1 **2** 3 4 5

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 21.30 Hljómsveitin **Royal Fortune** heldur tónleika á **Dillon**. Ásamt sveitinni spilar hinn síferski og fjallmyndarlegi **Helgi Valur** sem undirbýr upptökur á nýrri hljómplötu þessa dagana. Að loknum tónleikunum munu plötusnúðarnir **Silja og Steinunn** halda upp fjöri fram eftir kvöldi með óaðfinnanlegum tónlistarsmekk og almennum ærslagangi.

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Leikfélag Kópavogs** frumsýnir leikritið **Allt & ekkert** í **Hjáleigunni** í kvöld. Leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.**

### SKEMMTANIR

☐ Hljómsveitin **Roof Tops** leikur á **Kringlukránni.**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Guðrún Eva Mínervudóttir** rithöfundur flytur erindi í **Norræna húsinu** á vegum **Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum**. Fyrirlesturinn ber heitið: **Hreinn andi í óhreinum líkama í manngerðum heimi - Ljós Slím Plast** en í honum fjallar hún um hvernig líkamsvitundin í nútímanum er klofin í ósættanlegar andstæður: Líkamsdýrkun annars vegar og ógeð á líkamanum hins vegar.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Í **Listasafni Reykjavíkur** á **Kjarvalsstöðum** stendur fyrir sýningin K-þátturinn - **Málarinn Jóhannes S. Kjarval** en þar leitast sýningarstjórinn **Einar Garibaldi Eiríksson** við að svipta hulunni af goðsögninni Kjarval og hleypa áhorfandanum beint að verkum hans. Á sama stað gefur einnig að líta sýninguna **Foss** þar sem fjórir listamenn kanna tengsl listar og náttúru.

☐ 12.00 Árleg ljósmyndasýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** stendur yfir í **Gerðarsafni** í **Kópavogi**. Á sama stað má sjá sérstaka sýningu á ljósmyndum sex ljósmyndara sem ber yfirskriftina **Kárahnjúkar**.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 13.00 Í **Hafnarborg** standa yfir sýningar á verkum **Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur** og **Drafnar Friðfinnsdóttur**. Sýningarnar verða opnar til 4. mars.

☐ 13.00 **Kristín Guðmundsdóttir** sýnir á **Café Karólínu** á Akureyri. Sýningin **Barnslegar minningar + löstur mannsins** samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Sýningunni lýkur 9. mars.

☐ 17.00 Sýningin **Ólátagarðurinn** í **Kartöflugeymslunni Ártúnsbrekku** geymir verk listamanna sem eiga rætur sínar að rekja til graffiti-listar. Sýningin er opin daglega milli 17 - 20 og lýkur í dag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Unaðslegar stundir
með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars
rauða húsið restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330



Rauða Húsið · Sími: 483-3330
Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakka
www.raudahusid.is

**Warner Brothers** óskar **SAMbíóunum hjartanlega til hamingju** með **25 ára afmælið**

Í tilefni dagsins verður 40% afsláttur af miðaverði í SAMbíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík

25 ára 1982 - 2007 SAMBÍÓIN













Sumarmyndir Warner

WARNER BROS. PICTURES


MIKA


GUS GUS

## > Í SPILARANUM

**Mika** - Life in Cartoon Motion
**Gus Gus** - Forever
**The Stranglers** - Suite XVI
**Arcade Fire** - Neon Bible
**Dionysos** - Monsters in Love

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Alltaf verið vinsælir*

Rokksveitin Dr. Spock hefur gefið út smáskífuna The Incredible Tooth of Dr. Zoega. Hefur hún að geyma fjögur lög, þar á meðal hið vinsæla Skítapakk.

Skífan er ein af þremur sem Dr. Spock ætlar að gefa út á árinu. Sú næsta er fyrirhuguð á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní, og sú síðasta skömmu fyrir Airwaves-hátíðina. „Við köllum þetta LP, eða litlar plötur. Okkur langaði að prófa eitthvað annað en þetta gamla góða. Síðan er næst á dagskrá að fara í sumarbústað og sósa sig upp með kjöti og alkóhóli og klára eitthvað fyrir næstu plötur,“ segir söngvarinn Finni.

Hann segir að vinsældir Skítapakks hafi síður en svo komið sér á óvart. „Okkur tókst að granda heilli útvarpsstöð sökum vinsældanna,“ segir hann og á þar við X-FM, þar sem lagið sat á toppnum í sex vikur. „Við höfum alltaf verið vinsælir og alltaf verið rosalega stórir á Reykjavíkursvæðinu.“ Vinsældir hafa náð út fyrir landsteinana því á dögunum var sveitin næstum búin að skrifa undir plötusamning erlendis þegar allt fór í baklás vegna hvalveiða Íslendinga. Af því tilefni ætla þeir félagar á næstunni að opna heimasíðu tileinkaða hvalaklámi.

Dr. Spock fagnar nýju smáskífunni í Stúdentakjallaranum í kvöld. Miðaverð er 1.500 og innifalið er eintak af skífunni og einn kaldur. - fb


**DR. SPOCK** Rokksveitin vinsæla gefur út nýja smáskífu í dag.



## > Plata vikunnar

The Klaxons - Myths of the Near Future

★★★★★

„Frumraun Klaxons er stórkostlegur árekstur hljóðheima. Grípandi, beitt og tilraunakennd rokkplata sem á án efa eftir að setja þessa sveit í fremstu röð nýrra breskra sveita.“ BÖS



## TÓNNINN GEFINN
### Steinþór Helgi Arnsteinsson

## *Aftur ár nýliðanna?*

Árið 2006 var ár nýliðanna í íslensku tónlistarlífi. Frumburðir listamanna á borð við Lay Low, Reykjavík!, Skúla Sverrisson, Pétur Ben sópuðu að sér verðlaunum og tilnefningum sem bestu plötur ársins, afar verðskuldað verð ég að segja. Eins og tónlistarlandslagið lítur út um þessar mundir kæmi það hins vegar ekki að óvart þó að sagan endurtæki sig í ár og að 2007 yrði ár nýliðanna. Fyrir viku síðan lagði Ólöf Arnalds línurnar. Platan hennar, Við og við, stóðst allar þær væntingar sem gerðar voru til hennar og jafnvel meira til. Yndislega ljúfsár plata og persónutöfrar Ólafar einfaldlega heltaka mann.

Þrjár afar frambærilegar MH-sveitir stefna síðan á útgáfu á þessu ári. Fyrst ber að nefna Sprengjuhöllina sem hefur gert allt vitlaust með lagi sínu Tímarnir okkar. Partístuðrokk piltanna er víst til þess að skapa skemmtilegan anda í sumar. Annað lag sem er nýbyrjað að hljóma í útvarpinu og netverjar halda vart vatni yfir er Margt að ugga með Hjaltalín. Gríðarlega fagmannlegt gáfumannapopp með sakleysilegum blæ. Þriðja sveitin er Retro Stefson. Minnst hefur kannski heyrst frá þeirri sveit en af myspace-síðu sveitarinnar má vel sjá að hér er gríðarlega efnileg sveit stigin fram á sjónarsviðið.

Skemmtilegt verður líka að fylgjast með þróun elektró-bylgjunnar sem var svo áberandi á síðustu Airwaves-hátíð. Neu-Rave bylgjan virðist lent á klakanum og þar ber fyrst að nefna Últra Mega Teknóbandið Stefán sem er orðin ein albesta tónleikasveit landsins. Þessir ungu piltar koma vonandi þeim ógnarkrafti sem þar birtist yfir á plast. Bloodgroup er síðan önnur sveit sem vert er að fylgjast með. Sveitin hljómar vel og virkar sannfærandi. Aðrar nýjar elektró-sveitir sem má líta hýru auga til eru til dæmis Steed Lord, Johnny Sexual og FM Belfast.

Að lokum nefni ég fjögur nöfn til sögunnar. Seabear hefur verið til í einum of langan tíma til þess að hafa ekki gefið út plötu, ef utan er skilin ein EP-plata. Sveitin gefur hins vegar út á þessu ári plötu á vegum Morr Music í Berlín sem án nokkurs vafa slær í gegn. Coral er önnur sveit sem hefur verið lengi með plötu í vinnslu og því forvitnilegt að sjá útkomuna. Strákarnir hafa verið að taka upp hjá Valgeiri Sigurðssyni en sá mæti maður ætlar einnig að gefa út frumburð sinn á árinu, loksins, loksins. Diagon er síðan efnileg sveit og sannar með laginu Pastel Palace að hún hefur upp á margt að bjóða.






# Vasahljómkviða frá Japan

**Smekkmennirnir og tilvonandi Íslandsvinirnir í frönsku hljómsveitinni Air senda frá sér nýja plötu eftir helgina. Pocket Symphony er þeirra fimmta plata. Trausti Júlíusson forvitnaðist um gerð hennar.**


**AIR** Fimmta platan, Pocket Symphony, kemur út á mánudaginn.

Þrjú ár eru liðin síðan síðasta Air plata, Talkie Walkie, kom út, en það þýðir ekki að þeir Jean-Benoit Dunckel og Nicolas Godin hafi setið auðum höndum. Síðasta haust kom út platan 5:55 sem þeir gerðu með dóttur Serge Gainsbourg, Charlotte. Þeir félagar sáu alfarið um tónlistina á henni. Fyrsta sólóplata Jean-Benoit sem hann gerði undir nafninu Darkel kom líka út seint á síðasta ári, en hún var unnin á sama tíma og 5:55, nema á nótinni.

**Neil Hannon, Jarvis Cocker og Nigel Godrich**

Pocket Symphony var tekin upp undir stjórn Nigels Godrich, en þetta er í fjórða skipti sem þeir Jean-Benoit og Nicolas vinna með honum. Hópurinn sem vann að Charlotte Gainsbourg plötunni kemur reyndar líka við sögu á nýju plötunni. Bæði Jarvis Cocker og Neil Hannon sem sömdu texta fyrir plötu Charlotte eru hér líka, Jarvis semur textann við lagið One Hell Of A Party sem hann syngur og Neil syngur og semur textann við Somewhere Between Walking And Sleeping. Aðrir gestir á plötunni eru nígeríski trommuleikarinn og The Good, The Bad And The Queen-meðlimurinn Tony Allen og Joey Waronker sem m.a. hefur lamið húðirnar með Beck.

Pocket Symphony er í þessum mjúka og stemningarfulla stíl sem einkenndi fyrstu plötu Air, Moon Safari. Eitt af því sem aðgreinir þessar tvær plötur eru japönsku strengjahljóðfærin koto og shamisen (japanskt banjó og japönsk harpa), en Nicolas tók sér heilt ár í að læra á þau með kennara sem hann fann í gegnum japanska sendiráðið í París. Þessi japanski hljómur setur svip á plötuna, en er sérstaklega áberandi í One Hell Of A Party. Þeir Jean-Benoit og Nicolas segjast hafa viljað fjarlægjast þennan dæmigerða popphljóm á plötunni. „Ég býst við því að við séum undir áhrifum frá nútíma-tónskáldum eins og Philip Glass og sígildum tónskáldum frá fyrri hluta 20. aldarinnar eins og Ravel og Erik Satie,“ segir Jean-Benoit í nýlegu viðtali. Bætir hann því við að þeir félagar semji þannig að þeir setjist niður og impróviseri saman.

**Væntanlegir til Íslands**

Nafn plötunnar Pocket Symphony er vísun í þá löngun þeirra Airmanna að gera plötu sem væri hugsuð sem heild. Það eru líka færri sungin lög á henni heldur en á síðustu plötum. Umslag plötunnar sem er unnið af myndlistarmanninum Xavier Veilhan sem undirstrikar þá tilvísun í klassíka tónlist sem nafnið er. Lógóið er í sama stíl og er á mörgum klassískum útgáfum og það eru myndir af hvítum styttum af þeim félögum sem minna á marmarastyttur af klassískum tónskáldum. Platan er samt ekki eitt samfellt verk, heldur safn popplaga sem mynda eina heild.

Ástarævintýri þeirra Jean-Benoit og Nicolas hafa að því er virðist mikil áhrif á tónlist Air. Lagið Redhead Girl er t.d. samið til núverandi unnustu Nicolas sem hann kallar gyðjuna sína: „Nema hún er ekki rauðhærð. Þetta er mjög hugmyndafræðilegt,“ segir hann. Og lagið Left Bank samdi hann „á hótelherbergi eftir vel heppnaða helgi með stelpu. Og á mánudagsmorgninum hvarf hún án þess að segja orð…“

Air er væntanleg til Íslands á vegum frönsku menningarhátíðarinnar Pourquoi-pas? Hljómsveitin vildi ólm koma á sjálfa hátíðina, en vegna anna í kringum útgáfu Pocket Symphony kemst hún ekki fyrr en í sumar.

## BRENNSLAN ALBERT ÁSTÞÓRSSON

### ROKK Í BLAND VIÐ RUGL

„Rokkið er í uppáhaldi hjá mér en það verður ætíð að vera stutt í húmorinn. Rokk í bland við rugl! Þessi diskur myndi seljast í bílförmum,“ segir Albert Ástþórsson, söngvari Canora, um brennsluna sína.


**ALBERT ÁSTÞÓRSSON** Albert blandar saman rokki og rugli í brennslunni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**1. Roots - Sepultura** „Þetta er klassík! Tekið af einni af bestu þungarokksplötu sögunnar að mínu mati.“

**2. Tico Tico - Shooby Taylor** „Besti textahöfundur allra tíma. Shooby Taylor var ekki kallaður The Human Horn fyrir ekki neitt.“

**3. New Skin - Incubus** „Mitt uppáhalds Incubus-lag. Þarna voru þeir ungir og graðir en sem betur fer þroskuðust þeir eins og gott vín, þessir drengir.

**4. Sex Farm - Spinal Tap** „Bara titillinn ætti að vera nóg til að koma því inn á öll „mixteip“ í heimi! Snilldarlag.“

**5. Davidian - Machine Head** „Bíð spenntur eftir nýju plötunni „The Blackening“. Fyrsta lagið á fyrstu plötunni. Þeir voru ekki lengi að heilla mann, Rob Flynn og félagar.“

**6. Eitthvað með Bowtie Barstow** „Þessi maður kemur manni alltaf í gott skap! Gæti verið falskasti maður frá upphafi.“

**7. Hey Johnny Park - Foo Fighters** „Þetta lag er einfaldlega frábært eins og restin af plötunni „The Colour and the Shape“ sem er ein af uppáhalds plötunum mínum.“

**8. The End Of Heartache - Killswitch Engage** „Ekki alltaf sem þú sérð sveitta rokkara og litlar stelpur syngja saman á tónleikum.“

**9. The Air-Conditioned Nightmare - Mr. Bungle** „Ég hef stundum haldið því fram að Mike Patton sé týndi sonur Frank Zappa. Já, það fer ekki öllum vel að blanda húmor við tónlist.“

**10. The Crystal Ship - The Doors** „Ef maður á að enda diskinn á rólegu nótunum, þá er ekkert lag sem slær þessa snilld út.“

**Walt Disney Pictures** óskar **SAMbíóunum hjartanlega til hamingju** með **25 ára afmælið**

Í tilefni dagsins verður 40% afsláttur af miðaverði í SAMbíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík

25 ára
1982 - 2007
SAMBÍÓIN












Sumarmyndir Disney

Walt Disney

Buena Vista International

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Frábærar viðtökur á Pétri Gaut

„Eftir uppklappið var ekki laust við að spennufall ríkti baksviðs, dasaðir leikarar og tæknimenn gengu um eins og í leiðslu og hér og hvar glitti í tár á hvarmi, enda hjarta og sál bæði meyr og opin eftir átök kvöldsins.“ Svona lýsir leikarinn Ólafur Egill Egilsson stemningunni baksviðs eftir að Þjóðleikhúsið hafði frumsýnt uppfærslu sína á Pétri Gaut í Barbican Center á miðvikudagskvöldinu.

Leikstjórinn Baltasar Kormákur var enda að vonum ánægður með viðtökurnar, áhorfendur risu úr sætum og klöppuðu leikhópnum lof í lófa. „Þetta voru frábærar viðtökur,“ sagði Baltasar, stoltur af sínu fólki sem hefur lagt allt sitt að veði svo að sýningin gengi fullkomlega upp. Og það virðist hún hafa gert ef marka má frásagnir leikstjórans og leikarans Ólafs Egils af viðbrögðum áhorfenda.



BALTASAR KORMÁKUR Stoltur af sínu fólki sem lagt hefur hjarta og sál í verkið.

Baltasar upplýsir jafnframt að forsvarsmenn leikhússins hefðu ólmir viljað bæta við sýningum en uppselt er á allar sem fyrirhugaðar eru. „Þau vilja bara bjóða okkur aftur út með þessa sýningu,“ segir leikstjórinn enda er Pétur Gautur eða Peer Gynt eins og verkið heitir á ensku það eina í leikhúsinu sem ekki er hægt að fá miða á.

Mikil og stór veisla var síðan haldin eftir frumsýningu þar sem leikararnir gátu varpað öndinni léttar eftir mikil átök. „Þarna var mikið af góðu fólki, allar helstu stjörnurnar úr leikhúslífinu í London,“ segir Baltasar en Íslendingarnir gátu ekki verið lengi að enda er dagskráin þétt og næsta sýning strax kvöldið eftir. -fgg



PÉTUR GAUTUR Áhorfendur risu úr sætum og hylltu þreytta en ánægða leikara.

# Baráttan harðnar

Sjö keppendur eru eftir í X-Factor og enn kólnar sambandið á milli dómaranna. Einar Bárðarson sendi Jóhönnu heim eftir að söngkonan klikkaði illa á texta lagsins With or Without you og stráði síðan salti í sárin með yfirlýsingum á netinu um að söngkonan hefði getað náð langt undir hans handleiðslu en Jóhanna var í yngri hópnum hennar Ellýar.

Páll Óskar Hjálmtýsson skilur hins vegar ekkert í þjóðinni og vill sjá meiri stuðning við stúlknadúettinn Gís en þær hafa vermt tvö neðstu sætin undanfarin tvö kvöld.



**GUÐBJÖRG** Stop
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: JAMELIA
HÓPUR: ELLÝ
SÍMANÚMER: 900 9004



**HARA** Papa Don‘t Preach
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: MADONNA
HÓPUR: PALLI
SÍMANÚMER: 900 9001



**INGA** The Winner Takes it All
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: ABBA
HÓPUR: EINAR
SÍMANÚMER: 900 9005



**GYLFI** Ástin dugir að eilífu
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: PÁLL ÓSKAR OG UNUN
HÓPUR: ELLÝ
SÍMANÚMER: 900 9002



**JÓGVAN** Vertigo
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: U2
HÓPUR: EINAR
SÍMANÚMER: 900 9006



**ALAN** Lately
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: STEVIE WONDER
HÓPUR: EINAR BÁRÐARSON
SÍMANÚMER: 900 9003



**GÍS** Livin‘ on a Prayer
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: BON JOVI
HÓPUR: PALLI
SÍMANÚMER: 900 9007

# Menntskælingar rassskelltir

**Vakningadagar fjölbrautarskólans Flensborg hafa staðið yfir í þessari viku. Morfís-lið skólans skoraði á þrjá gamla nemendur í ræðukeppni en urðu að láta í lægra haldi fyrir gömlu kempunum.**

Ræðulið hinna eldri var skipað þremur þjóðþekktum einstaklingum sem allir eru frægir fyrir að vera með munninn fyrir neðan nefið. Radíusbræðurnir Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon ásamt Einari Sveinbjörnssyni voru síður en svo ryðgaðir í ræðustólnum þótt nokkuð væri liðið síðan að þeir stigu síðast í pontu. Umræðurefnið var hvort breyta ætti Vestmannaeyjum í fanganýlendu og fengu þeir sem eldri voru að vera á móti en hinir yngri með. „Við snýttum þessum drengjum. Þeir töluðu um okkur sem gamla liðið en hefðu betur sleppt því. Þeir voru rassskelltir,“ segir Steinn Ármann sem var nokkuð rogginn eftir keppnina enda var ekki fyrirfram búist við því að þeir sem eldri væru stæðu uppi í hárinu á yngri kynslóðinni. En það fór á annan veg. „Davíð var bestur, Einar gríðarlega rökfastur en ég var fyndnastur,“ útskýrir Steinn sem var þó bara rétt að hitna þegar ræðutímanum var lokið.



STEINN ÁRMANN Tók ræðulið Flensborgarskólans í bakaríið.



DAVÍÐ ÞÓR Þótti manna snjallastur í ræðupúltinu.

EINAR SVEINBJÖRNSSON Veðurfræðingurinn góðkunni sýndi mikla rökfestu á Vakningadögunum.

„Við létum þá bara vaða yfir okkur,“ segir Freyr Árnason, liðstjóri ræðuliðs Flensborgarskólans og oddviti nemendafélagsins. Hann sagði að liðið sitt hefði nú tekið þessari keppni frekar létt. „Ég verð hins vegar að viðurkenna ósigurinn,“ segir Freyr. „Við tókum þetta ekki nógu alvarlega enda var þetta ekki upp á líf og dauða,“ bætir hann við. „Þeir tóku þessu hins vegar mjög alvarlega,“ bætir Freyr við og hlær.

Oddvitinn segir að Vakningadagarnir hafa gengið vonum framar en miklu balli var slegið upp í gærkvöldi en þar léku Milljónamæringarnir og Rottweilerhundarnir fyrir dansi. -fgg



ÚTSÖLULOK
DAGANA 2 - 9. MARS

BIRNA
Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net

# Buxnalaus á Óskarnum

Helen Mirren þótti stórglæsilega-klædd á nýafstaðinni Óskarsverðlaunahátíð, þar sem hún hlaut verðlaun fyrir hlutverk sitt sem Elísabet Englandsdrottning í The Queen. Mirren ljóstraði því nýlega upp að hún hefði verið nærfatalaus undir gylltum kjólnum, sem Christian Lacroix hannaði sérstaklega á hana.

Eins og leikkonan greindi spjallþáttadrottningunni Oprah Winfrey frá var kjóllinn sniðinn á hana með það að markmiði að hún gæti sleppt hamlandi nærfatnaði. Leikkonan greip um brjóst sín og sagði „Hann passaði á mig eins og tvær englahendur. Ég grét þegar ég fór í hann, hann er listaverk.“



LISTAVERKIÐ Helen Mirren sagði kjól Christian Lacroix hafa verið sniðinn á hana með það að markmiði að hún gæti sleppt nærfötum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**Fréttablaðið** óskar **SAMbíóunum**
**hjartanlega til hamingju** með **25 ára afmælið**

Í tilefni dagsins verður 40% afsláttur af miðaverði í SAMbíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík

# 15 milljón gestir

25 ára
1982 - 2007
SAMBÍÓIN




Sumarmyndirnar 2007

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT







# Í aðra tónleikaferð

Strákasveitin Take That ætlar í lok ársins í sína aðra tónleikaferð um Bretland síðan hún kom saman á nýjan leik á síðasta ári. Ferðin mun heita The Beautiful World Tour og munu þeir félagar meðal annars spila í London, Glasgow og í Manchester.



**TAKE THAT** Strákasveitin Take That ætlar í aðra tónleikaferð um Bretland í lok ársins.

Smáskífulag Take That, Patience, og plata þeirra Beautiful World nutu gríðarlegra vinsælda á síðasta ári og fóru beint á toppinn í Bretlandi. Skömmu áður hafði sveitin farið í vel heppnaða tónleikaferð um Bretland.

„Við getum ekki hugsað okkur betri leið til að ljúka árinu en að gefa aðdáendum okkar eitthvað fyrir aurinn sinn,“ sagði Gary Barlow úr Take That. „Við erum allir ótrúlega þakklátir fyrir stuðninginn sem við höfum fengið á undanförnum átján mánuðum.“

Hljómsveitin spilaði fyrir rúmlega hálfa milljón áhorfenda á síðustu tónleikaferð sinni um Bretland. Seldist platan Beautiful World í rúmlega einni milljón eintaka í Bretlandi sína fyrstu mánuði frá útgáfu. Lagið Patience hlaut jafnframt Brit-verðlaun sem besta smáskífan.




# Til heiðurs Tony Joe White

Mugison, Baddi úr Jeff Who?, Jenni úr Brain Police og Þorsteinn Einarsson, fyrrverandi söngvari Hjálma, eru á meðal þeirra sem munu syngja á nýrri plötu til heiðurs bandaríska blúsrokkaranum Tony Joe White.

Guðmundur Kristinn Jónsson og Sigurður Halldór Guðmundsson, sem hafa einnig gert garðinn frægan með Hjálmum, og Bragi Valdimar Skúlason úr Baggalúti eru mennirnir á bak við plötuna, sem er væntanleg í sumar. „Siggi fann lag á netinu og sendi mér. Þá fann ég disk í einkasafni Rúnars Júl. og við höfum mikið hlustað á hann. Við ákváðum að gera plötu því það þekkir hann enginn hérna,“ segir Guðmundur Kristinn um Tony Joe White, sem er frá Louisiana. „Hugmyndin að plötunni er að á henni syngi helstu rokkarar Íslands af yngri kynslóðinni,“ bætir hann við. Lögin á plötunni eru öll eftir Tony Joe en textarnir eftir Braga.

Á meðal fleiri þekktra nafna sem munu hugsanlega syngja á plötunni eru Krummi, Steini úr Hjálmum, Ómar úr Quarashi, Óttarr Proppé, Ragnar Kjartansson, Ólafur Darri Ólafsson og meistari Megas.



**TONY JOE WHITE** Íslenskir tónlistarmenn ætla að gera plötu til heiðurs bandaríska blúsrokkaranum Tony Joe White.



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison mun syngja á plötu til heiðurs Tony Joe White.

# Nýr hápunktur á ferlinum

Forever er fimmta Gus Gus-platan og sú fyrsta síðan Attention kom út fyrir fimm árum. Gus Gus byrjaði sem stór fjöllistahópur, en er í dag þriggja manna sveit skipuð þeim Bigga Veiru (Birgi Þórarinssyni), President Bongó (Stephani Stephensen) og Earth (Urði Hákonardóttur).

Gus Gus hefur verið að sækja í sig veðrið sem tónleikasveit síðustu ár og eftirvæntingin eftir nýrri plötu hefur aukist eftir því sem maður hefur heyrt fleiri ný lög. If You Don't Jump (You're English) sem notast við gítarlínubrot út laginu „Augun úti“ með Purrki Pillnikk, Lust, Porn, Need In Me og Mallflowers eru allt lög sem voru komin út á smáskífum eða voru orðin áberandi í tónleikadagskrá sveitarinnar áður en Forever leit dagsins ljós. Það var greinilegt á þessum lögum að Gus Gus var í stuði.

Attention var að mörgu leyti ágæt plata og hefur elst vel. Á henni tók hin nýja og smækkaða útgáfa af Gus Gus á sig mynd. Í staðinn fyrir að herja á poppmarkaðinn með háþróuðu og hugmyndaríku rafpoppi eins og á fyrstu plötunum þá var stefnan tekin á sálarfulla danstónlist. Það voru nokkur frábær lög á Attention (t.d. David og Dance You Down), en að mínu mati vantaði samt herslumuninn upp á heildarmyndina. Það vantaði meiri kraft og hljómurinn var of einsleitur. Forever er í raun í grunninn ekki svo ólík Attention, en hún er hnitmiðaðri, fjölbreyttari og kraftmeiri.

Það eru 12 lög á Forever. Helmingur þeirra er sunginn, hinn helmingurinn er instrúmental. Platan er mjög vel upp byggð og virkar vel í samfelldri spilun. Fjögur laganna eru sungin af Urði. Meistaralega. Hún sýnir að hún er ein af bestu söngkonum landsins. Lögin You'll Never Change (sem er gamall soul-smellur), Hold You, Need In Me og Sweet Smoke eru öll frábær. Nýja smáskífulagið Moss sem Daníel Ágúst syngur er líka mjög flott. Það sama má segja um instrúmental lög eins og Lust, Forever og Demo 54. Tónlistin sækir áhrif í mismunandi tímabil í danstónlistarsögunni; soul, house, teknó, elektró og heildaryfirbragðið nær því að vera í senn ferskt og klassískt – nútímalegt og retró…

Taktarnir og riffin eru oft keimlík hjá Gus Gus, en fjölbreytnin fæst m.a. með flottum smáatriðum í hljómi og útsetningum, t.d. gítarleik Ómars Guðjónssonar í You'll Never Change og bakröddum Páls Óskars og Aarons Carl í Hold You.



**TÓNLIST**

**Forever**

Gus Gus

★★★★★

„Forever er frábær danstónlistarplata sem svínvirkar frá fyrsta tóni til þess síðasta. Nýr hápunktur á ferli Gus Gus.“

Á heildina litið er Forever frábær plata sem sýnir að Gus Gus er sveit í fullum blóma. Platan nýtur sín best á miklum styrk í góðum græjum. Heildin er óvenju sterk: Það er langt síðan ég hef heyrt danstónlistarplötu sem svínvirkar svona frá fyrsta tóni til þess síðasta.

Trausti Júlíusson






Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BREAKING AND ENTERING | kl. 5:30 - 10:30 | B.i.12 | DREAMGIRLS | kl. 8 | B.i.7 |
| LETTERS FROM IWO JIMA | kl. 8 | B.i.16 | BABEL | kl. 5:30 - 10:40 | B.i.16 |
| PERFUME | kl. 6 - 9 | B.i.12 | FORELDRAR | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 8 - 10:20 | Leyfð | BREAKING AND ENTERING | kl. 8 - 10:20 | B.i.12 |
| MUSIC & LYRICS VIP | kl. 8 - 10:20 | Leyfð | HANNIBAL RISING | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 |
| SMOKIN ACES | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | ALPHA DOG | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 9 - 10:20 - 11 | Leyfð | DIGITAL |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:40 | B.i.16 | DIGITAL |
| THE BRIDGE TO ... M/- Ísl tal | kl. 4 - 6:10 | Leyfð | |
| VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MUSIC AND LYRICS | kl. 6 - 10:10 | Leyfð |
| BRIDGE TO TERABITHIA | kl. 6 | Leyfð |
| GHOST RIDER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| THE BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 6 | Leyfð |
| BREAKING AND ENTERING | kl 8 | Leyfð |
| ALPHA DOG | kl 10:10 | B.i.16 |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is

Í TILEFNI 25 ÁRA AFMÆLIS SAMBÍÓANNA

VEITUM VIÐ 40% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í DAG

Gildir í SAMbíón Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík







**INCUBUS** Rokksveitin bandaríska heldur tónleika í Laugardalshöll annað kvöld.

# Incubus komin

Bandaríska hljómsveitin Incubus, sem heldur tónleika í Laugardalshöll annað kvöld, kemur til landsins í dag. Ætla þeir félagarnir að nota tækifærið og skella sér í Bláa lónið, eins og venjan er með fræga gesti sem koma til landsins, auk þess sem þeir ætla að kíkja út á lífið í kvöld.

Incubus hleypti nýverið af stokkunum samkeppninni I Dig Incubus. Í henni gefst listamönnum tækifæri til að gera myndband við nýjasta smáskífulag sveitarinnar, Dig. Aðdáendur Incubus geta síðan kosið um hvaða myndband skal nota. Dig er að finna á plötunni Light Grenades sem nýverið kom út.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Anna Molly, hefur notið mikilla vinsælda og komst meðal annars í toppsæti vinsældalista hér á landi. Uppselt varð á nokkrum klukkutímum á alla tónleika Incubus í 25 borga tónleikaferð hennar um Norður-Ameríku á dögunum.

Einhverjir aðdáendur sveitarinnar vestanhafs sem náðu ekki í miða ætla sér að sjá sveitina í Evrópu, m.a. á tónleikum hennar annað kvöld. Uppselt er í stúku á tónleikunum í Höllinni en enn eru til miðar í stæði. Miðasala fer fram í verslunum Skífunnar, BT Egilsstöðum, Akureyri og Selfossi og á midi.is. Miðaverð er 4.500 krónur.

# Listaverk horfið af yfirborði jarðar

Harpa Þórsdóttir, deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Reykjavíkur, leitar nú logandi ljósi að tveimur listaverkum eftir listamálarann Jón Engilberts.

Síðustu vikurnar hefur hún þó aðallega leitað að verkinu Sumarnótt sem var málað á tímabilinu 1962 til 1967. „Ég hélt alltaf að ég myndi finna þetta. Ég ímynda mér að þetta sé inni hjá einhverri fjölskyldu en það væri gaman að vita hvar það væri,“ segir Harpa, sem opnar sýningu með verkum Jóns þann 9. mars. Hún segir að annað verk eftir Jón, sem sé í eigu Kaupþings, sé svipað að uppbyggingu og Sumarnótt. Nefnist það Vorgleði. Eru mótívin í báðum myndum vel þekkt hjá Jóni.



**SUMARNÓTT** Verkið var málað af Jóni á sjöunda

„Þetta er mjög góður listamaður og hann hefur ákveðinn sess í okkar listasögu,“ segir hún um Jón. Tekur hún fram að verkið sé ekki nauðsynlegt fyrir sýninguna en hjálpi engu að síður til við að fylla upp í ákveðið tímabil hjá honum, áður en hann fór að fást við abstraktsjón í verkum sínum.

Hitt verkið sem Harpa leitar að nefnist Sunnudagur í sveit og er mun eldra, eða frá árinu 1938. Bæði verkin er að finna í ritröð um íslenska myndlist frá árinu 1988 í bók sem var gefin út af Listasafni ASÍ og Lögbergi. Þeim sem vita um afdrif þessara verka er vinsamlegast bent á að hafa samand við Hörpu á Listasafninu. - fb



**HARPA ÞÓRSDÓTTIR** Harpa leitar að tveimur verkum eftir listamálarann Jón Engilberts. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Við erum flutt...






PIPAR • SÍA • 70408

Atlantsolía hefur flutt skrifstofur sínar

að Lónsbraut 2 Hafnarfirði, við hliðina á birgðastöð fyrirtækisins.

ATLANTSOLIA

Atlantsolía Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfirði / Sími 591 3100 / atlantsolia@atlantsolia.is / www.atlantsolia.is

## > Stórleikur í kvennaboltanum

Lengjubikar kvenna í fótbolta hefst í kvöld með stórleik KR og Breiðabliks en þessi félög hafa unnið þessa keppni átta sinnum á fyrstu ellefu árum hennar. KR vann Reykjavíkurmótið á dögunum og er til alls líklegt eftir að hafa skorað 53 mörk í 6 leikjum en Breiðablik, sem vann deildarbikarinn í fyrra, hefur fengið 10 stig af tólf mögulegum í fyrstu fjórum leikjum sínum í Faxaflóamótinu. Leikurinn hefst klukkan 19.00 í Egilshöllinni og strax á eftir mætast Valur og Keflavík. Þá spila Fylkir og Stjarnan á Fylkisvelli klukkan 19.00



# sport

sport@frettabladid.is

GUÐJÓN ÞÓRÐARSON KNATTSPYRNUÞJÁLFARI: FÉKK BEN FOSTER TIL STOKE CITY Á SÍNUM TÍMA

# *Hæfileikar Fosters komu snemma í ljós*

Enski landsliðsmarkvörðurinn Ben Foster hefur vakið mikla athygli fyrir góða frammistöðu hjá Watford í ensku úrvalsdeildinni í vetur. Þar er hann í láni frá Manchester United, sem keypti hann frá Stoke fyrir einu og hálfu ári.

„Það reynir á Foster í hverri viku í úrvalsdeildinni og alltaf stendur hann fyrir sínu," sagði Adrian Boothroyd, stjóri Watford, um markvörðinn. „Ég held að hann verði besti markvörður heims í framtíðinni. Hann er frábær markvörður," sagði Boothroyd.

Sautján ára gamall gekk hann til liðs við Stoke en það var Guðjón Þórðarson sem sá um að fá hann til félagsins þá.

„Þetta góða gengi hans kemur mér ekkert á óvart," sagði Guðjón aðspurður um Foster. „Hann var horaður ungur drengur þegar hann kom til mín en vann með gömlum og reyndum markverði sem hann lærði mikið af. Ekki síður er hann gríðarlega duglegur og vinnusamur, sem hefur reynst honum vel."

Foster lék með hverfisliði sínu, RC Warwick, þegar útsendarar Stoke komu auga á hann. Nú, tæpum sex árum síðar, er hann á mála hjá einu besta félagi heims og hefur þegar spilað sinn fyrsta landsleik.



„Það voru einhverjar þreifingar uppi hjá Stoke á sínum tíma að láta hann fara frá félaginu eftir að hann braut bátsbein í höndinni. Ég taldi það þó vera óðs manns æði því hann væri með gríðarlega mikla hæfileika af náttúrunnar hendi. Það hefur svo komið í ljós."

Sir Alex Ferguson keypti svo Foster til United fyrir eina milljón punda sumarið 2005. „Ég held að Ferguson hafi verið að kaupa framtíðarmann, sem hefur nú komið á daginn. Þessi strákur verður bara betri með tímanum enda þannig manngerð. Hann er algerlega laus við allan hroka og stæla."

Guðjón segist þykja vænt um að eiga smá hluta í velgengni Fosters. „Hann er þakklátur fyrir okkar tíma hjá Stoke og það voru til að mynda fagnaðarfundir hjá okkur þegar við hittumst síðast. Ég fylgist auðvitað enn með honum og mun gera áfram."



**410. LEIKURINN** Marel Guðlaugsson er að spila sitt 19. tímabil í úrvalsdeild karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leikjamet úrvalsdeildar:

## Marel bætir met Guðjóns

**KÖRFUBOLTI** Marel Guðlaugsson, leikmaður Hauka, bætir leikjamet Guðjóns Skúlasonar í úrvalsdeild karla í kvöld. Haukar taka þá á móti ÍR á Ásvöllum í gríðarlega mikilvægum leik fyrir Hafnarfjarðarliðið í harðri fallbaráttu deildarinnar. Marel hefur leikið samtals 409 leiki, fyrir Grindavík (210), KR (44) og Hauka (155), en hans fyrsti leikur var gegn Njarðvík í Ljónagryfjunni 18. mars 1988.

Marel er þriðji leikmaðurinn til að eignast met á undanförnu ári því Guðjón sló met Teits Örlygssonar í Höllinni á Akureyri 26. febrúar 2006. Marel er 23. stigahæsti leikmaður deildarinnar frá upphafi, hefur skorað 8. flestu þriggja stiga körfurnar og aðeins fimm leikmenn hafa fengið fleiri villur en hann. - óój

Bandarískur kvennabolti:

## Ný atvinnumannadeild

**FÓTBOLTI** Ný atvinnumannadeild í kvennaknattspyrnu verður sett á laggirnar á næsta ári. Sex lið verða í deildinni fyrst um sinn og þegar er ljóst hvar fimm þeirra verða: Los Angeles, Dallas, St. Louis, Chicago og Washington.

WUSA-deildin lagði upp laupana árið 2003 eftir þriggja ára starf. Nú hefur staðan verið metin upp á nýtt og kostnaði haldið í hófi. Vonast er til að tvö lið bætist í hópinn árið 2009. - esá

Calum Þór Bett:

## Semur við HK

**FÓTBOLTI** Skosk-íslenski knattspyrnumaðurinn Calum Þór Bett hefur samið við HK um að leika með liðinu í efstu deild karla næsta árið. Samdi hann til eins árs.

Calum er bróðir Baldurs Bett sem hefur leikið með FH undanfarin ár en gekk í vetur til liðs við Val. - esá

# Spörum milljón evra en erum að spila betur

**Alfreð Gíslason, þjálfari Gummersbach, hefur í vetur unnið þrekvirki með þýska liðið, sem hefur komið allra liða mest á óvart í þýsku Bundeslígunni.**

**HANDBOLTI** Það er óhætt að segja að gengi þýska liðsins Gummersbach hafi vakið gríðarlega athygli í vetur. Liðið er komið með annan fótinn í undanúrslit Meistaradeildarinnar og er aðeins einu stigi frá toppi þýsku deildarinnar þar sem Flensburg situr en Gummersbach lagði toppliðið örugglega með sjö marka mun á miðvikudag.

Alfreð Gíslason tók við stjórnartaumunum hjá þessu fornfræga félagi síðasta sumar og miðað við þær mannabreytingar sem áttu sér stað voru ekki gerðar miklar kröfur til liðsins í ár. Það var almennt talið veikara en í fyrra.

Þessi vetur átti að fara í að búa til gott lið en Alfreð hefur enn eina ferðina sýnt styrk sinn sem þjálfari í vetur. Þrátt fyrir að hafa lítinn mannskap, misst marga menn í meiðsli og ekki með eins góða leikmenn og hin toppliðin gefur Gummersbach ekkert eftir og á góða möguleika á titlinum. Það sýndi liðið í leiknum gegn Flensburg.

„Þetta var ágætt og ég var bara nokkuð sáttur fyrir utan byrjunina," sagði Alfreð af einstakri hógværð en lið hans byrjaði leikinn illa en síðan kom 10-1 kafli hjá Gummersbach og liðið leit aldrei til baka. Mannskapurinn hefur oftar en ekki verið þunnur og Alfreð hefur á stundum aðeins haft níu útileikmenn til umráða.

Gengi liðsins kom Alfreð á óvart í upphafi en gerir það ekki lengur.

„Strákarnir voru búnir að æfa eins og skepnur þannig að þeir eru í mjög fínu formi. Við megum samt ekki við neinum skakkaföllum. Þetta lið var ekki að spila neina taktík áður en það er annað uppi á teningnum nú og lykillinn að árangrinum er liðsheildin," sagði Alfreð en Guðjón Valur og Daniel Narcisse eru einu heimsklassaleikmennirnir í liðinu.



**KRAFTAVERKAMAÐUR** Alfreð Gíslason hefur sýnt enn og aftur í vetur að hann er einn besti þjálfari heims. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Skyttur liðsins myndu tæplega fá mikið að spila með hinum stóru liðunum en þær blómstra hjá Alfreð. Það hafa verið fjárhagsvandræði hjá Gummersbach í gegnum árin og nú síðast um áramótin stefndi í óefni. Allt horfir nú til betri vegar og það er ekki síst gengi liðsins að þakka.

„Það lítur vel út með fjármálin. Við spöruðum hátt í milljón evra (88 milljónir króna) fyrir tímabilið en erum samt að leika betur en á síðustu leiktíð. HM skilaði sínu og það er mikill handboltaáhugi á svæðinu og allir vilja vera með.

„Það er frábært og þetta gengi hjálpar svo sannarlega til við að fá styrktaraðila. Ég er geysilega ánægður með gengið og það eru allir mjög glaðir. Það er samt stutt á milli og ef við töpum fyrir Grosswallstadt þá fara allir í þunglyndi. Menn verða að vera á jörðinni," sagði Alfreð en liðið á 13 leiki eftir í deildinni.

henry@frettabladid.is



**REYKJAVÍKURMEISTARAR** Haukur Ingi Guðnason, fyrirliði Fylkis, og félagar urðu Reykjavíkurmeistarar í gær er þeir lögðu Víking í úrslitaleik, 3-1. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

| FJÖLNIR-NJARÐVÍK | 75-89 |
|---|---|

**Stig Fjölnis:** Nemanja Sovic 23, Kareem Johnson 22 (12 fráköst), Hörður Axel Vilhjálmsson 7 (9 fráköst, 4 stoðs.), Níels Páll Dungal 6, Valur Sigurðsson 3, Árni Ragnarsson 3 (5 stoðs.).

**Stig Njarðvíkur:** Jeb Ivey 21 (7 stoðs., hitti úr 4 af 6 3j stiga), Friðrik Stefánsson 15 (9 fráköst), Brenton Birmingham 14, Igor Beljanski 13, Jóhann Árni Ólafsson 10, Egill Jónasson 8, Kristján Sigurðsson 3, Halldór Rúnar Karlsson 2, Hjörtur Hrafn Einarsson 2, Rúnar Ingi Erlingsson 1.

| SKALLAGRÍMUR-ÞÓR Þ. | 103-93 |
|---|---|
| KEFLAVÍK-TINDASTÓLL | 107-98 |

**Stig Keflavíkur:** Magnús Þór Gunnarsson 17, Sebastien Hermenier 16, Sverrir Þór Sverrisson 16, Sigurður G. Sigurðssoon 15, Gunnar Einarsson 10, Þröstur Jóhannsson 10, Tony Harris 9, Jón Hafsteinsson 6, Halldór Halldórsson 4, Sigurður G. Þorsteinsson 4.

**Stig Tindastóls:** Milojica Zekovic 33, Lamar Karim 28, Ísak Einarsson 16, Helgi Viggósson 10, Vladimir Vujcic 7, Gunnlaugur Erlendsson 4.

| SNÆFELL-GRINDAVÍK | 83-74 |
|---|---|

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. UMFN | 20 | 18 | 2 | 1743:1571 | 36 |
| **2. SKALLAGR.** | **20** | **16** | **4** | **1874:1714** | **32** |
| 3. KR | 19 | 15 | 4 | 1689:1484 | 30 |
| **4. SNÆFELL** | **20** | **15** | **5** | **1646:1467** | **30** |
| 5. KEFLAVÍK | 20 | 12 | 8 | 1801:1697 | 24 |
| **6. GRINDAVÍK** | **20** | **10** | **10** | **1733:1653** | **20** |
| 7. ÍR | 19 | 7 | 12 | 1597:1633 | 14 |
| **8. HAMAR/SE.** | **19** | **6** | **13** | **1439:1570** | **12** |
| 9. TINDASTÓLL | 20 | 6 | 14 | 1751:1913 | 12 |
| **10. ÞÓR Þ.** | **20** | **5** | **15** | **1652:1835** | **10** |
| 11. FJÖLNIR | 20 | 4 | 16 | 1652:1808 | 8 |
| **12. HAUKAR** | **19** | **4** | **15** | **1544:1776** | **8** |

*Vináttulandsleikur:*

| ÍSLAND-SLÓVAKÍA | 26-34 |
|---|---|

**Mörk Íslands:** Hrafnhildur Skúladóttir 7, Arna Sif Pálsdóttir 4, Dagný Skúladóttir 3, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 2, Auður Jónsdóttir 2, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 2, Rakel Dögg Bragadóttir 1, Sólveig Kjærnested 1, Drífa Skúladóttir 1.

Njarðvíkingur unnu sinn þrettánda leik í röð í Iceland Express-deild karla í gærkvöld:

# Njarðvík deildarmeistari í fyrsta sinn í sex ár

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar unnu sinn 13. leik í röð í Iceland Express deild karla í gær þegar þeir lögðu Fjölni, 75-89 í Grafarvogi. Njarðvík tryggði sér þar með deildarmeistaratitilinn þrátt fyrir að tvær umferðir séu eftir af deildinni og þetta verður fyrsta úrslitakeppnin í sex ár þar sem Njarðvík vann leikinn í gær örugglega, var 20 stigum yfir í fyrri hálfleik og leyfði sér að slaka aðeins á í lokin og þá kom Fjölnir muninum niður í 7 stig en lengra komust Fjölnismenn ekki.

„Við erum að koma úr svakatörn þar sem að við mættum Snæfelli, Keflavík og KR og vorum kannski aðeins værukærari í dag. Það er þægilegt að vera búnir að klára þetta en mikilvægast er að við erum búnir að tryggja okkur heimavallarréttinn," sagði Friðrik Stefánsson, fyrirliði Njarðvíkur sem átti góðan leik.

Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, er búinn að búa til sterka liðsheild sem er til alls líkleg í úrslitakeppninni.

„Það var þvílíkur liðsbolti í gangi hjá okkur í sókninni," sagði Einar sem var ánægður með einbeitingu sinna manna í upphafi leiks. „Við erum með enga 30 stiga bombu í okkar liði, það eru sjö leikmenn hjá okkur sem geta skilað stigum í sókninni og við erum með fullt af góðum varnarmönnum. Það á að vera okkar styrkur," segir Einar og hann segir að nægu að keppa í lokaleikjunum.

Að vanda voru margir leikmenn að gera hlutina hjá Njarðvík, Jeb Ivey var sínum gömlu félögum erfiður með 21 stig og 7 stoðsendingar og allir byrjunarliðsmennirnir skoruðu yfir 10 stig. Fjölnisliðið átti ekki möguleika í hið geysisterka lið Íslandsmeistaranna og verður að treysta á að ná í lífsnauðsynleg stig í síðustu tveimur leikjunum á móti Hamar/Selfoss og Tindastól.

- óój



**JEB IVEY** Reyndist sínum gömlu félögum óþægur ljár í þúfu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# TIL HAMINGJU NEITENDUR

MEÐ LÆKKUN VIRÐISAUKASKATTS Í 7%



~~2.199~~ **1.890** 7% VSK

**Ólöf Arnalds**
**Við og við**



~~2.199~~ **1.890** 7% VSK

**Gus Gus-**
**Forever**




~~2.599~~ **2.209** 7% VSK

**Kaiser chiefs**
**YOURS TRULY, ANGRY MOB**
**(cd+dvd**




~~2.199~~ **1.890** 7% VSK

**Mika**
**Life in cartoon motion**



~~2.199~~ **1.890** 7% VSK

**Bloc Party**
**A weekend in the city**



~~2.199~~ **1.890** 7% VSK

**Mýrin**
**Soundtrack**



~~2.999~~ **2.577** 7% VSK

**Nine inch Nails**
**Beside you in time**




~~3.299~~ **2.835** 7% VSK

**Ian Gillan**
**Highway star/journey in rock**




~~3.199~~ **2.749** 7% VSK

**Nick cave**
**The abbatoir blues tour**

S·K·Í·F·A·N

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI**

Höskuldur Eiríksson fer til reynslu til Viking í Noregi í vikutíma:

# Höskuldur frá Víkingi til Viking í Noregi

**FÓTBOLTI** Höskuldur Eiríksson, fyrirliði Víkings, mun um helgina halda til Noregs þar sem hann æfir með úrvalsdeildarliðinu Viking í Stafangri í vikutíma. Þetta hefur reyndar staðið til í lengri tíma en þjálfaraskipti hjá liðinu í haust urðu til þess að ekkert varð úr því að Höskuldur færi þá.

Hann segir að enn eigi eftir að ganga frá öllum smáatriðum en að sér lítist vel á þetta.

„Þetta kom mjög óvænt upp á þegar maður var loksins búinn að afskrifa þetta. Þetta er gríðarlega spennandi enda í fyrsta skipti sem ég legg í álíka ævintýri,“ sagði Höskuldur við Fréttablaðið í gær.

Hann segir að þetta komi ekki á sem bestum tíma þar sem hann varð faðir í vikunni.

„Stúlkan átti reyndar að koma á mánudaginn þannig að það var jákvætt að hún kom áður en ég fór út,“ sagði Höskuldur. „En ég nýt góðs stuðnings frá fjölskyldunni til að leggja í þessa för.“

Egil Östenstad, yfirmaður knattspyrnumála hjá Viking, virðist gríðarlega hrifinn af Íslendingum ef eitthvað er að marka störf hans upp á síðkastið.

Á síðustu vikum hefur hann fengið Hannes Þ. Sigurðsson til félagsins og hefur lýst yfir áhuga á að fá bæði Emil Hallfreðsson og Rúrik Gíslason til liðsins. Fyrir er ungmennalandsliðsmaðurinn Birkir Bjarnason hjá Viking. Þjálfari liðsins er hinn þýski Uwe Rösler.

Ef Höskuldur gengur til liðs við norska liðið verður það mikill missir fyrir Víkinga enda hefur Höskuldur verið lykilmaður hjá liðinu síðustu ár.

- esá



**Í BARÁTTUNNI** Höskuldur berst hér við FH-inginn Tryggva Guðmundsson um boltann síðastliðið sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Málefnaráðstefna Frjálslynda flokksins

**Mannúðleg markaðshyggja**
**Einstaklinginn í öndvegi**

Grand Hótel Reykjavík: Laugardaginn 3. mars n.k. kl. 10.






Dagskrá: Laugardagur 3. mars 2007 • Ráðstefnustjóri: Tryggvi Agnarsson

10.00 - 10.10 Ráðstefnan sett: Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.
10.10 - 10.25 Skattar og velferð: Stefán Ólafsson, prófessor.
10.25 - 10.35 Fyrirspurnir.
10.35 - 10.50 Landnýting og landvernd: Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt.
10.50 - 11.00 Fyrirspurnir.
11.00 - 11.10 Kaffihlé
11.10 - 11.30 Ísland á tímum alþjóðavæðingar: Þorvaldur Gylfason, prófessor.
11.30 - 11.40 Fyrirspurnir.
11.40 - 12.00 Okur og almenningur: Guðmundur Ólafsson, prófessor.
12.00 - 12.10 Fyrirspurnir.
12.10 - 13.00 Matur.
Kl. 13.00 Skipting í starfshópa:
a. Mannúðleg markaðshyggja:
Velferðarmál, aldraðir, öryrkjar, skattamál, uppbygging atvinnurekstrar.
b. Landnýting í sátt við landvernd / samgöngumál.
c. Burt með gjafakvótann og gjafir á þjóðareign.
d. Okur og almenningur / gengi og gjaldmiðill.
e. Utanríkismál og innflytjendur.

Kl.13.00-15.00 Starfshópar starfa.
Kl.15.00 Umræður / ráðstefnuslit.
Kl.17.00 Móttaka.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN
www.xf.is




**ROTAÐUR** Juande Ramos, þjálfari Sevilla, er fluttur meðvitundarlaus af heimavelli Real Betis í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

Leikur Betis og Sevillaf:

## Þjálfari Sevilla rotaðist

**FÓTBOLTI** Dómari í leik Real Betis og Sevilla þurfti að blása leik liðanna af í spænsku bikarkeppninni í fyrrakvöld eftir að áhorfandi kastaði hlut í höfuð Juande Ramos, þjálfara Sevilla. Ramos missti meðvitund og var fluttur á sjúkrahús. Þegar þangað var komið var hann búinn að ná meðvitund á ný. Mun hann hafa verið meðvitundarlaus í um ellefu mínútur.

Atvikið átti sér stað eftir að Frederic Kanoute hafði komið Sevilla yfir í leiknum. Leikurinn fór fram á heimavelli Real Betis en fyrri leik liðanna, á heimavelli Sevilla, lauk með markalausu jafntefli.

Del Nido var þó með báða fætur á jörðinni er hann ræddi við fjölmiðla um áðurnefnt atvik.

„Það þarf að benda á þann seka og aðeins þann seka. Þetta hefði getað gerst hvar sem er. Það er ekki hægt að forðast svona hluti ef nokkrir vitleysingar leynast innan um þær þúsundir sem koma á völlinn. Því miður gerðist þetta hér,“ sagði Del Nido.

- esá



**GÓÐIR FÉLAGAR** Wayne Rooney og Cristiano Ronaldo fagna marki þess síðarnefnda gegn Fulham í síðasta mánuði. NORDIC PHOTOS/GETTY

Wayne Rooney:

## Ronaldo bestur í heiminum

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney telur að félagi sinn hjá Manchester United, Portúgalinn Cristiano Ronaldo, sé besti leikmaður heims um þessar mundir. Hann nýtur þess að leika við hlið Ronaldo.

„Ég er himinlifandi yfir því að hann spilar með okkur því þessa stundina er hann besti leikmaður heimsins,“ sagði Rooney. „Maður vill spila með þeim bestu og það er frábært að vera í sama liði og Ronaldo.“

Þessir tveir mættust sem andstæðingar á HM í Þýskalandi í sumar og endaði það með því að Rooney var rekinn af velli eftir viðskipti þeirra á vellinum. Í kjölfarið féll England úr leik á HM.

Úr varð mikið fjölmiðlafár í kjölfarið þar sem gert var því skóna að Ronaldo væri á förum frá Manchester United til Real Madrid. Þær sögusagnir lifa reyndar enn góðu lífi en Ronaldo hefur sýnt og sannað á vellinum að hann lætur allt slíkt sem vind um eyru þjóta.

- esá


BT
CANON EOS 400D
DRAUMA-FERMINGAPAKKINN
arftaki vinsælustu D-SLR myndavélar í heiminum
Canon
10 megapixlar - Nýtt í 400D
Nýr fókusbúnaður - Nýtt í 400D
9 autófókuspúnktar - Nýtt í 400D
Rykvörn á myndflögu - Nýtt í 400D
18-55mm Canon E-SF linsa - Fylgir
Canon Speedlite 430EX flass - Fylgir
Canon taska - Fylgir
15.899
Raðgreiðslur
FYLGIR
34.999
Canon Speedlite 430EX flass
FYLGIR
4.999
Canon taska
FYLGIR
8.999
iView myndflokkunarhugbúnaður
FYLGIR
21.999
Canon Pixma MP510
Ljósmyndaprentari - Skanni - Ljósritunarvél
Algengt verð á pakkanum 189.999
15.899
*Raðgreiðslur í 12 mán.
159.999
Staðgreitt
APPLE iPOD
iPod Shuffle 1GB
9.999
Lækkað verð
á öllum iPod
Tilboð á 80GB Apple iPod
49.999
59.999

Gríðarlega þungur róður fram undan hjá West Ham í ensku úrvalsdeildinni en ekki er öll nótt úti enn:

# Kraftaverk Robson og Redknapp gefa von

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarliðið West Ham, sem er í eigu þeirra Björgólfs Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar, á gríðarlega erfitt verkefni fyrir höndum ætli það sér að halda sæti sínu í deildinni. Liðið er nú með tuttugu stig í nítjánda sæti og sýnir sagan að það sé illkleifur hamar að bjarga sér frá falli í þeirri stöðu. Á síðustu tveimur árum hafa tvö lið, West Bromwich Albion árið 2005 og Portsmouth í fyrra, þó náð að bjarga sér frá falli þrátt fyrir að vera í verri stöðu hinn 1. mars þessi ár. Það eru hins vegar einu tilvikin á síðustu tíu árum ensku úrvalsdeildarinnar að lið með 22 stig eða færri á þessum tímapunkti tímabilsins hafa bjargað sér frá falli um vorið.

Bæði West Brom og Portsmouth voru einungis með átján stig á sama tíma á umræddum tímabilum og afrek þeirra Bryan Robson og Harry Redknapp enn merkilegri fyrir vikið. Báðir tóku þeir við liðunum á miðjum tímabilunum, Robson hinn 9. nóvember 2004 og Redknapp 7. desember 2005.

Hinn 13. desember í haust tók svo Alan Curbishley við West Ham. Gengið síðan þá hefur reyndar verið skelfilegt. Fyrst kom ótrúlegur sigur gegn Manchester United á heimavelli en síðan þá hefur liðið ekki unnið sigur í tíu deildarleikjum.

Það sem gerir það að verkum að vonir West Ham eru svo veikar er að liðið á afar erfiða leiki fyrir höndum. Einungis níu leikir eru eftir af tímabilinu og í þeim mætir West Ham meðal annarra liðunum sem sitja nú í fyrsta, öðru, fjórða, fimmta og sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

Tveir botnslagir eru eftir, gegn Wigan og Sheffield United, og verður West Ham að sigra í þeim leikjum. - esá



**HJÁLPAÐU MÉR VINUR** Félagarnir Alan Curbishley og Harry Redknapp. NORDIC PHOTOS/GETTY



**WENGER** Farinn að rífast við dómara enn á ný. NORDIC PHOTOS/GETTY

Arsene Wenger:

## Sakar línuvörð um lygar

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hefur enn á ný gagnrýnt dómara vegna vinnubragða sem hann er ósáttur við. Í þetta sinn sakar hann aðstoðardómara í úrslitaleik Chelsea og Arsenal í deildabikarkeppninni um lygar. Emmanuel Adebayor fékk að líta rauða spjaldið eftir að aðstoðardómarinn sagði dómara leiksins að hann hefði kýlt til annars leikmanns.

„Mér finnst að Adebayor hafi ekki kýlt neinn. Þegar línuvörðurinn segir það er hann að ljúga," sagði Wenger. - esá



**CURBISHLEY** Vansæll eftir tap gegn Charlton um síðustu helgi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Dean Kiely um Curbishley:

## Getur bjargað West Ham

**FÓTBOLTI** Dean Kiley, markvörður West Brom, segir að Alan Curbishley geti vel bjargað West Ham frá falli fái hann nægan tíma til þess. „Ég efast um að Curbishley hafi nokkru sinni starfað hjá félagi þar sem samhljómur er jafn lítill. Líkamstjáning hans segir mér að hann sé vansæll. En hann þarf að gefa rétta tóninn. Hann hefur hæfileikana sem til þarf og mun ekki yfirgefa liðið en ég óttast að hann fái ekki þann tíma sem hann þarf."

Kiely lék undir stjórn Curbishleys hjá Charlton í sjö ár. - esá



**TALANT DUJSHEBAEV** Sést hér á æfingu með Ciudad. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breytingar hjá Ciudad:

## Dujshebaev út en Zorman inn

**HANDBOLTI** Talant Dujshebaev, þjálfari og leikmaður Evrópumeistara Ciudad Real, getur ekki leikið síðari leikinn gegn Portland San Antonio í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Dujshebaev fékk rautt spjald í fyrri leiknum er hann braut á Renato Vugrinec og er því í banni.

Dujshebaev var hættur að spila handbolta en tók fram skóna á ný á þessari leiktíð þegar aðalleikstjórnandi Ciudad, Uros Zorman, meiddist alvarlega.

Góðu tíðindin fyrir Ciudad eru þau að Zorman er orðinn heill heilsu á ný og verður í leikmannahópnum um næstu helgi. - hbg






Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## > Jake Gyllenhaal

Jake Gyllenhaal er fæddur inn í kvikmyndaheiminn, eins og systir hans, Maggie Gyllenhaal. Foreldrar þeirra eru leikstjórinn Stephen Gyllenhaal, og handritshöfundurinn Naomi Foner. Guðmóðir leikarans er ekki heldur af verri endanum, en hún er leikkonan fræga Jamie Lee Curtis. Gyllenhaal vakti fyrst athygli í Donnie Darko, þar sem hann fór með titilhlutverkið. Það var hins vegar Brokeback Mountain sem varð til þess að festa Gyllenhaal í sessi sem stórstjörnu. Í þeirri umdeildu mynd lék Gyllenhaal samkynhneigðan kúreka á móti Heath Ledger.
Í myndinni Moonlight Mile, sem er á dagskrá Stöð 2 Bíó í kvöld, leikur Gyllenhaal Joe Nast, ungan mann sem tekst á við dauða heitkonu sinnar.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON HREIFST MEÐ RÓTTTÆKLINGUM

# Sakleysi þjóðar ógnað

Í ljósi umræðunnar um ritskoðun á netinu, klám og þaðan af „verra" var athyglisvert að sjá heimildarmyndina Breaking all the Rules á RÚV síðastliðið miðvikudagskvöld. Þar var hlaupið yfir feril bítnikka í San Fransisco, hippanna sem fylgdu í kjölfarið og rapparanna í New York. Reynt var að kryfja lífshætti þessa fólk og hvaðan menningin var sprottin upp. Bítnikkarnir voru fyrstu róttæklingarnir sem spruttu fram á sjónarsviðið skömmu eftir seinna stríð. „Á þessum tíma vildi fólk bara eiga eiginkonu, heitan mat og tvo krakka ásamt húsi, grænni flöt til að slá og góðan bíl. Þetta var það sem fólk hafði verið að berjast fyrir í Evrópu og víðar." Bítnikkarnir ógnuðu þessari tilveru, talað var um að banna klámfengið rit Allans Ginsberg og Jack Kerouac varð rokkstjarna sinnar kynslóðar. Siðapostularnir vildu hins vegar banna allt þetta fólk, taldi það ógna prúðri og rólegri tilveru sinni. Þetta voru klámhundar síns tíma.



**JACK KEROUAC** Varð stjarna bítnikk-kynslóðarinnar án þess að vilja það.

Síðan komu hipparnir, með sítt hár og skegg, naktir, glaðir og graðir. Stunduðu frjálsar ástir og notuðu LSD. Börðust gegn Víetnam, Nixon og Johnson. Ekki skánaði ástandið hjá hinum kassalöguðu yfirvöldum sem vildu hvorki sjá né heyra af þessu fólki. Byltingin át hins vegar börnin sín með pillum og sýrum í staðinn fyrir að fylgja sannfæringarkrafti sínum eftir. Allt snerist um eiturlyf og að sofa hjá hverjum sem er, hvenær sem er. Engu að síður trúa hipparnir í dag að þeir hafi komið einhverju til leiðar. Að það frelsi sem við lifum við í dag megi að einhverju leyti rekja til þeirra.

Rappararnir tóku við af 68-kynslóðinni. Nútímahermenn sem börðust gegn fátækt og lýstu aðstæðum svartra í Bandaríkjunum með áþeifanlegum hætti. Og sannleikurinn var óþægilegur. Rétt eins og í dag, þegar við reynum að berjast gegn frelsinu sem er sagt vera einkenni Vesturveldanna. Þegar yfirvöld og stjórnmálamenn vilja koma í veg fyrir óæskilega hegðun með forræðishyggju. Ef slíkt hefði alltaf verið viðkvæðið væri ekki til neinn Kerouac, engin Doors og ekkert rapp.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 One Tree Hill** Skjár einn



▶ **20.05 The Simpsons** Stöð 2



▶ **20.30 X-Factor** Stöð 2



▶ **22.00 Chappelle's Show** Sirkus



▶ **00.05 American Splendor** RÚV

## SJÓNVARPIÐ

**15.00 EM í frjálsum íþróttum innanhúss** Bein útsending frá Birmingham. Keppt til úrslita í 60 metra grindahlaupi karla og kvenna, kúluvarpi karla og fimmtarþraut kvenna. Undanúrslit í 400 metra hlaupi og forkeppni í mörgum greinum.

**18.50 Táknmálsfréttir**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Gettu betur** Spurningakeppni framhaldsskólanna í beinni útsendingu frá Akureyri. Að þessu sinni eigast við lið Verzlunarskóla Íslands og Menntaskólans á Akureyri.

**21.20 Árið skelfilega** (My Horrible Year!) Bandarísk gamanmynd frá 2001. Unglingsstúlka heldur fyrir misskilning að foreldrar sínir ætli að skilja og tekur til sinna ráða. Leikstjóri er Eric Stoltz og meðal leikenda eru Karen Allen, Allison Mack, Caterina Scorsone, Eric Stoltz og Mimi Rogers.

**22.55 Kalt blóð** (Cold Blood) Bresk sakamálamynd frá 2005. Fyrirlitinn raðmorðingi veit einn hvar lík ungrar konu er að finna en kannski er fyrrverandi fangi eini maðurinn sem getur veitt upplýsingarnar upp úr honum. Leikstjóri er Stuart Orme og meðal leikenda eru Jemma Redgrave, John Hannah, Matthew Kelly og Patrick Drury.

▶**00.05 Sómi Bandaríkjanna** (American Splendor) Bandarísk bíómynd frá 2003. Meðal leikenda eru Paul Giamatti, Chris Ambrose, Joey Krajcar, Josh Hutcherson, Cameron Carter og Daniel Tay. e.

**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Another Pretty Face**

**08.00 Abrafax og sjóræningjarnir**

**10.00 Pixel Perfect**

**12.00 Moonlight Mile**

**14.00 Another Pretty Face**

**16.00 Abrafax og sjóræningjarnir**

**18.00 Pixel Perfect**

**20.00 Moonlight Mile** (Að sjá ljósið) Aðalhlutverk: Jake Gyllenhaal, Dustin Hoffman, Susan Sarandon. Leikstjóri: Brad Silberling. 2002. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.00 Rabbit-Proof Fence**

**00.00 Broken Arrow**

**02.00 Cubbyhouse**

**04.00 Rabbit-Proof Fence**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir** (Tiny Toons)

**07.40 Tasmanía** (Taz-Mania)

**08.00 Oprah** (Mömmur sem segja aldrei nei) Vinsælasta sjónvarpskona í heimi.

**08.45 Í fínu formi 2005**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Forboðin fegurð**

**10.05 Amazing Race** (2:14)

**10.50 Whose Line Is it Anyway?**

**11.15 60 mínútur** (60 Minutes)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar** (Neighbours)

**13.10 Valentína**

**14.40 The Apprentice** (Lærlingurinn)

**15.25 Joey** (4:22)

**15.50 Hestaklúbburinn** (Saddle Club)

**16.13 Titeuf**

**16.33 Kringlukast** (BeyBlade)

**16.53 Brúðubíllinn**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar** (Neighbours)

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 The Simpsons** (4:22) (e)

▶**20.05 The Simpsons** (9:22) Í kvöld ákveður Marge að bjóða atvinnulausum manni að eyða jólunum með fjölskyldunni en hann dvelur lengur en fjölskyldan bjóst við.

▶**20.30 X-Factor** (15:20) (Úrslit 7) Nú eru leikar farnir að æsast í Smáralind.

**21.50 Punk´d** (5:16) (Gómaður) Í kvöld verður öskurdrottningin Neve Campbell leidd í gildru og Ashton sýnir enga miskun.

**22.15 X-Factor - úrslit símakosninga**

**22.40 I Know What You Did Last Summer** (Ég veit hvað þið gerðuð í fyrrasumar) Aðalhlutverk: Jennifer Love Hewitt, Sarah Michelle Gellar, Freddie Prinze, Jr., Ryan Phillippe. Leikstjóri: Jim Gillespie. 1997. Stranglega bönnuð börnum.

**00.20 The Juror (e)** (Kviðdómandinn)

**02.15 Secondhand Lions**

**04.00 Balls of Steel** (5:7)

**04.40 The Simpsons** (4:22) (e)

**05.05 The Simpsons** (9:22)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Entertainment Tonight (e)**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 American Dad 3 (e)**

**19.55 3. hæð til vinstri** (29:39)

**20.00 Sirkus Rvk** Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu. Það er Ásgeir Kolbeinsson sem er umsjónarmaður þáttarins.

**21.30 South Park (e)** Níunda serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.

▶**22.00 Dave Chappelle**

**22.30 Tuesday Night Book Club** Í þáttunum Tuesday Night Book Club fáum við að fylgjast með hópi af húsmæðrum sem hittast öll þriðjudagskvöld í saumaklúbbi. Þar ræða þær allt á milli himins og jarðar og upplýsa vandamál sín sem og ánægju,hvort sem um er að ræða kynlíf eða fjölskylduvandamál. Fylgstu með raunverulegum húsmæðrum ræða saman opinskátt fyrir framan myndavélarnar.

**23.15 MTV Europe Music Music Awards 2005**

**01.20 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.

**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place (e)**

**13.00 European Open Poker (e)**

**14.45 Vörutorg**

**15.45 Skólahreysti (e)**

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Melrose Place**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**

**19.30 Still Standing (e)**

▶**20.00 One Tree Hill** Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Fylgst er með unglingunum í One Tree Hill í gegnum súrt og sætt.

**21.00 Survivor: Fiji**

**22.00 The Silvia Night Show** Skærasta stjarna Íslendinga, Silvía Nótt, er orðin alþjóðleg súperstjarna eftir að hafa slegið í gegn í Eurovision. Silvía Nótt er mætt aftur á SkjáEinn með nýjan raunveruleikaþátt, The Silvía Night Show, þar sem áhorfendur fá að fylgjast með lífi þessarar stórstjörnu í gegnum súrt og sætt.

**22.30 Everybody Loves Raymond**

**22.55 Nightmares and Dreamscapes - Lokaþáttur** Saga kvöldsins kallast You Know They Got a Hell of a Band. Hjón villast af leið og enda í bæ sem er hvergi til á korti. Aðalhlutverk leika Steven Weber og Kim Delaney. Bönnuð börnum.

**23.45 European Open Poker**

**01.30 House (e)**

**02.20 Beverly Hills 90210 (e)**

**03.05 Vörutorg**

**04.05 Melrose Place (e)**

**04.50 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Liðið mitt (e)**

**14.00 Tottenham - Bolton (frá 25. feb)**

**16.00 Liverp. - Sheff. Utd. (frá 24. feb)**

**18.00 Upphitun**

**18.30 Liðið mitt (e)**

**19.30 Charlton - West H. (frá 24. feb)**

**21.30 Upphitun (e)**

**22.00 Fulh. - Man. Utd. ( frá 24. feb)**

**00.00 Upphitun (e)**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.50:

**Gómaður**



Ashton Kutcher gefst ekki upp við að hrella fræga fólkið í Hollywood. Í þættinum í kvöld eru þau Neve Campbell, Mike Jones og Danny Masterson tekin fyrir. Danny Masterson þekkir Kutcher vel, því þeir félagarnir léku saman í þáttunum That '70s Show, þar sem Masterson fór með hlutverk Hyde. Rapparinn Mike Jones hefur komið fram í Prison Break, og Neve Campbell þekkja flestir úr þáttaröðinni Party of Five, sem var lengi sýnd hér á landi.

Þátturinn sem sýndur er í kvöld markaði ákveðin tímamót fyrir þáttastjórnandann Ashton Kutcher og sannaði eina ferðina enn að allt er þá þrennt er. Hann hafði tvisvar sinnum áður reynt að hrekkja Neve Campbell, en fengið að sitja eftir með sárt ennið. Þriðja atrennan bar betri árangur, en í henni kemur lítill týndur drengur og fótboltamaður við sögu.

Frá því að hrekkjaherferð Kutcher hófst árið 2003 hafa sumar stjörnur orðið afar varar um sig, eins og Ellen Degeneres. Hún er hrædd um að hún verði fyrir barðinu á Kutcher, og segist iðulega halda að verið sé að hrekkja hana þegar einhver mistök verða í daglegu lífi hennar.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ GETTU BETUR RÚV 20.15

Spurningakeppni framhaldsskólanna hefur verið árviss viðburður frá árinu 1986, og því ómissandi liður í sjónvarpsáhorfi margra landsmanna á vormánuðum.



Í kvöld verður sent út frá Íþróttahöllinni á Akureyri, þar sem lið Menntaskólans á Akureyri og Verzlunarskóla Íslands mætast í annarri viðureign í átta liða úrslitum. Liðin öttu kappi í úrslitum Gettu betur í fyrra, þegar MA bar sigur úr býtum, og því von á spennandi keppni í kvöld. Sigmar Guðmundsson er spyrjandi sem fyrr.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.50** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Snorrabraut 7 **14.30** Miðdegistónar **15.00** Fréttir **15.03** Flakk **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir

**18.24** Auglýsingar

**18.25** Spegillinn

**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar

**19.00** Lög unga fólksins

**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir

**20.10** Síðdegi skógarpúkanna

**21.05** Sögumenn: Það voru þvílík högg sem dundu á þessu heimili

**22.00** Fréttir

**22.10** Veðurfregnir

**22.15** Lestur Passíusálma (23:50)

**22.21** Litla flugan

**23.00** Kvöldgestir

**00.00** Fréttir

**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**16.30** Spænska bikarkeppnin

(Zaragoza - Barcelona) Útsending frá leik í spænsku bikarkeppninni í knattspyrnu.

**18.10** Það helsta í PGA mótaröðinni

**18.35** Gillette World Sport 2007

**19.05** Spænski boltinn - upphitun

**19.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur

**20.00** Pro bull riding (Las Vegas, NV - Mandalay Bay / Thomas & Mack, Part 2)

**21.00** World Supercross GP 2006-2007

Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum. Mjög reynir á kappana við þessar aðstæður.

**21.55** Football and Poker Legends

**23.30** NBA - Bestu leikirnir

(Chicago Bulls - Utah Jazz 1997)

Útsending frá sjötta leik Chicago Bulls og Utah Jazz í úrslitarimmu NBA árið 1997. Michael Jordan átti við veikindi að stríða en lét það ekki aftra sér og skoraði 38 stig í leiknum. Chicago Bulls var langbesta liðið í NBA á síðasta áratug en í einvíginu við Utah Jazz stefndu Jordan og félagar á sinn fimmta meistaratitil.

**01.00** NBA deildin (Miami - Detroit)

Bein útsending frá leik meistaranna Miami Heat og Detroit Pistons í NBA körfuboltanum.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Gnotterne **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** DR1 dokumentar - For farlig til frihed **8.30** B¢rneblæksprutten **8.45** Ungdomsprogram **9.00** Viften **9.30** Fures¢kolonien **10.00** DR-Derude i ¿Den Kongelige Have¿ **10.30** De Forældrel¢ses kor **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Gr¢n glæde **12.00** Rabatten **12.25** Aftenshowet **13.20** Herlufsholm **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Flemmings Helte **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Max **16.30** Hunni*show **16.45** Den lille prinsesse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Hiv stikket ud med Master Fatman **20.00** TV Avisen **20.30** First Knight **22.40** Bad Boy **0.00** Den 11. time **0.30** Boogie Listen

## DR 2

**8.25** Den 11. time **8.55** Folketinget i dag **16.00** Deadline **16.10** Atletik: EM indend¢rs **19.00** Tidsmaskinen **19.50** Under kitlen **20.35** Normalerweize **21.00** H¢jt spin **21.30** Deadline **22.00** Koma **22.25** Grænsestr¢mer **0.10** Indviet til mord

## SVT 1

**8.30** Samtal med **8.45** Great thinkers of our time **9.15** Extra **9.40** Born Wild **9.45** Garage om film **10.15** Garage guld **10.45** UR-val **11.00** Rapport **11.05** Mitt i naturen **11.35** Packat & klart **13.00** Arty **13.30** Plus **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Wild Kids **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Amigo **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Friidrotts-EM i Birmingham **21.00** Nöjesnytt: Melodifestivalen 2007 **21.30** Kill Bill: Vol. 1 **23.20** Rapport **23.30** Kulturnyheterna **23.40** Stockholm live **0.10** Livet i 8 bitar **1.35** Sändningar från SVT24


# NÝ PLATA MEÐ SVERRI STORMSKER

**Í dag lækkaði vsk á hljómdiska úr 24,5% í 7%**

Platan verður kynnt á Útvarpi Sögu 99.4 milli klukkan 17 og 18.30 í dag




**Loksins ný plata frá Stormskerinu. Afar persónulegir og tregafullir ástarsöngvar um heitrof og söknuð. Með Stormsker syngja frábærir erlendir söngvarar sem hafa unnið með mörgum af frægustu tónlistarmönnum heims. Langbesta plata Stormsker til þessa.**

Dreifing: Zonet

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Helst vildi ég vera félagsráðgjafi hjá einhverjum sjeik í olíulöndunum.“*

Eiríkur Hauksson söngvari í Pressunni 1989.

„Mig hefur greinilega dreymt um letilíf þá líka. Draumurinn í dag er bara að þetta fari að nálgast óðfluga. Mér líst vel á þetta, ég hef greinilega verið mjög framsýnn,“ segir Eiríkur í dag.



**LÁRÉTT**
**2** hirðing **6** kyrrð **8** tilvera **9** mælieining **11** samanburðartenging **12** gælunafn **14** duglegur **16** tveir eins **17** móðuþykkni **18** fæða **20** í röð **21** óhljóð.

**LÓÐRÉTT**
**1** ílát **3** tveir eins **4** kvarta **5** málmur **7** ógæfu **10** sigti **13** þakhæð **15** nýtt ár **16** háttur **19** rykkorn.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** rækt, **6** ró, **8** ævi, **9** ohm, **11** en, **12** geiri, **14** iðinn, **16** ll, **17** ský, **18** ala, **20** áá, **21** garg. **LÓÐRÉTT: 1** trog, **3** ææ, **4** kveinka, **5** tin, **7** óheilla, **10** mið, **13** ris, **15** nýár, **16** lag, **19** ár.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Hvítasunnudagur.
2. Romano Prodi.
3. 38 milljónir króna.

Í KVÖLD
Þú í rífandi stuði
Á MORGUN
DJ Anna Rakel
DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

# „Árshátíð“ alþingismanna á Hótel Sögu

Glaumur og gleði ræður ríkjum á Hótel Sögu í kvöld þegar þingheimur kemur þar saman og skálar í hinni árlegu þingveislu.

Samkoman hvílir á gömlum grunni þar sem þarf að virða margar hefðir. „Hún á sér langa hefð þessi veisla, var upphaflega skilnaðarveisla þegar þingmenn kvöddust að þingi loknu,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis. „Forseti Íslands og frú eru ávallt heiðursgestir. Það er gömul venja að taki menn til máls mæli þeir aðeins í bundnu máli, forseti Íslands og forseti Alþingis eru þeir einu sem tala í óbundnu máli.“

Undir borðhaldi er boðið upp á skemmtiatriði í menningarlegum dúr en að því loknu fer þingheimur oftar en ekki út á dansgólf og tekur sporið. „Þetta er í rauninni eins og hver önnur árshátíð,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Ég hef reyndar bara farið einu sinni áður og það var mjög skemmtilegt. Ég finn fyrir flensuvotti núna en ég vona að ég komist í kvöld.“ Sigurður Kári segir að þegar í veisluna sé komið leggi þingmenn yfirleitt öll þrætumál á hilluna og skemmti sér prýðilega. „Það er aðallega á þingfundum sem menn eru að karpa en ég held að pólitískur ágreiningur sé ekkert að þvælast fyrir þarna.“ Ólíkt því sem gjarnan gerist á árshátíðum venjulegra vinnustaða segist Sigurður Kári ekki hafa orðið við að þingmenn fari að trúa hver öðrum fyrir dýrmætum leyndarmálum þegar líður á kvöldið. „Ég held að það eigi sér engar stjórnarmyndunarviðræður sér stað í þessum veislum, en á kosningavetri getur svo sem allt gerst.“

- bs



**SIGURÐUR KÁRI** Þingmenn leggja pólitískan ágreining til hliðar og skemmta sér prýðilega saman.

**HELGI BERNÓDUSSON** Skrifstofustjórinn segir þingveisluna hvíla á gömlum grunni og menn virða hefðirnar.

## KRISTINN HRAFNSSON: SEFUR RÓTT ÞÓ Í ÓNÁÐ SÉ HJÁ BISKUPI

# Karl sakar Kompás um slagorðaglamur

„Við munum svara bréfinu á allra næstu dögum,“ segir Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri fréttaskýringaþáttarins Kompáss.

Herra Karl Sigurbjörnsson biskup hefur sent Jóhannesi mikið og afar harðort bréf þar sem hann kvartar mjög undan efnistökum Kristins Hrafnssonar fréttamanns þegar hann fjallaði um þjóðkirkjuna í Kompási 18. febrúar. Annað eintak bréfsins var sent Ara Edwald, forstjóra 365 miðla.

Í fréttaskýringu, sem var undir yfirskriftinni „Er að fjara undan þjóðkirkjunni?“, er meðal annars rætt við Hjört Magna Jóhannsson Fríkirkjuprest, sem fer býsna nálægt því að telja þjóðkirkjunnar menn beita ógnum og hótunum um að allt fari til helvítis, í bókstaflegri merkingu, ef þjóðkirkjan missir forréttindastöðu sína í samfélaginu og milljarða fjárframlög frá ríki umfram önnur trúfélög.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gagnrýnir biskup harðlega vinnbrögð Kristins í bréfinu, telur hann draga taum þeirra gagrýnisradda sem beindust að þjóðkirkjunni í þættinum. Í bréfinu er Kristinn sakaður um sleggjudóma og slagorðaglamur.

Kristinn segir að bréfinu verði svarað ítarlega og efnislega í samræmi við umkvartanirnar.

„Ég hef á langri starfsævi setið undir gagnrýni frá háum sem lágum án þess að hafa misst yfir því svefn. En það vekur með mér hryggð að biskup skuli ekki hafa dýpri skilning á eðli fjölmiðla og hlutverki þeirra í lýðræðislegri umræðu. Eins og bréf hans ber með sér,“ segir Kristinn. Hann ber sig furðu vel í ljósi þess að biskupinn er höfuð þjóðkirkjunnar.

„Ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu að biskupinn sé talsmaður boðskapar þess almættis sem gerði sig út fyrir ótæmandi umburðarlyndi og skilning. Hvorki nú né fyrr fer neitt sérstaklega um mig.”

„Nei, okkur var ekki sérstaklega skemmt,“ segir Adda Steina Björnsdóttir, talsmaður biskups, aðspurð hvort þeim hjá Biskupsstofu hafi gramist þátturinn svo mjög. Hún segir Karl gera í bréfinu nokkrar alvarlegar athugasemdir við framsetningu fréttamanns hvað varðar orðanotkun, framsetningu og ójafnvægi í vali á viðmælendum.

„Sem dæmi talar hann um Vinaleiðina [dagskrá í Garðabæ] og segir hana andsvar við ríkiskirkju á fallandi fæti. Sem á sér engan stuðning í þættinum sjálfum.“

jakob@frettabladid.is



**HERRA KARL SIGURBJÖRNSSON** Gerir alvarlegar athugasemdir og segir Kristin með sleggjudóma um málefni kirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ADDA STEINA** Kirkjunnar mönnum er ekki skemmt vegna umfjöllunar Kristins.



**KRISTINN HRAFNSSON** Undrast skilningsleysi biskups á fjölmiðlum og lýðræðislegri umræðu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þungavigtarmenn í listaheiminum hafa gengið út frá því sem vísu að verkið umtalaða eftir Kjarval, sem slegið var í vikunni á metfé hjá danska uppboðshaldaranum Bruun Rasmussen (25 milljónir með kostnaði), hafi komið beint úr dánarbúi dönsku hjónanna sem þáðu myndina að gjöf uppúr þarsíðustu aldamótum. Nú er hins vegar pískrað um að svo sé ekki heldur hafi íslenskur listaverkahöndlari náð að kaupa verkið fyrir talsvert miklu minna fé og skotið henni svo til uppboðshaldarans. Og ávaxtað vel sitt pund, og stundið í eigin vasa um 14 milljónum.



Þá eru menn forvitnir um að vita hver raunverulega keypti Kjarvalsverkið. **Tryggvi Páll** í Fold keypti en hann hefur sagt að það hafi verið í umboði fyrir annan aðila. Sá sem helstur er nefndur til sögunnar er **Kjartan Gunnarsson** listunnandi og fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og það einkum haft fyrir þeirri kenningu að Kjartan og Tryggvi Páll eru náskyldir. En samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins mun Kjartan hins vegar ekki vera maðurinn á bak við kaupin.



Miklar hræringar eru nú innan fréttastofu Stöðvar 2. **Kristján Már Unnarsson** var gerður að varafréttastjóra Stöðvar 2 þegar Þórir Guðmundsson hvarf til að stýra vísi.is en þar eru miklar breytingar á döfinni. Meðan á þessum hrókeringum stendur heyrist að hætt séu á fréttastofunni þau **Svavar Halldórsson** og **Rósa Björk Brynjólfsdóttir**.

-jbg



# BBC fjallar um ísfirska fegurðarkeppni

Fyrirhuguð fegurðarsamkeppni á Ísafirði, þar sem aukakíló, hrukkur og húðslit munu teljast keppendum til tekna, hefur vakið athygli utan landsteinanna og fréttir af henni hafa birst á erlendum vefmiðlum. Þegar Fréttablaðið talaði í gær við Matthildi Helgadóttur, einn skipuleggjenda keppninnar, beið útvarpsviðtal við hana útsendingar hjá BBC. „Ég hélt að þetta væri símahrekkur þegar þau hringdu frá BBC. En hún er búin að tala við mig nokkrum sinnum, konan, svo ég er orðin nokkuð viss um að svo sé ekki,“ sagði Matthildur, sem hefur varla haft vinnufrið fyrir fyrirspurnum undanfarna daga.

Hún segir athyglina hafa komið skemmtilega á óvart, en sýna greinilega að mikill áhugi sé fyrir málefninu. „Grunnhugmyndin hjá okkur er að sýna fáránleikann í því að keppa í fegurð. Við erum ekki að segja neitt sem hefur ekki verið sagt áður, en kannski á nýjan hátt. Og kannski er jarðvegurinn frjór núna. Tískuheimurinn er meira að segja farinn að spá í að það gæti verið til eitthvað sem heitir of mjótt,“ sagði Matthildur.

Athyglin hefur fleiri góðar afleiðingar. „Með meiri umfjöllun vilja fleiri taka þátt, og það er auðveldara að fá styrktaraðila,“ sagði Matthildur. Það þykir aðstandendum keppninnar sérlega ánægjulegt, þar sem allur ágóði mun renna til Sólstafa, nýstofnaðra systursamtaka Stígamóta á Vestfjörðum.

„Þetta er mjög þarft málefni og við viljum sýna virðingu okkar í verki,“ sagði Matthildur.

- sun



**MATTHILDUR HELGADÓTTIR** Fyrirhuguð fegurðarsamkeppni hefur vakið athygli utan landsteinanna og viðtal við Matthildi var sent út á BBC í gær.

# ÚTSÖLULOK UM HELGINA!

## 30-50% afsláttur af öllum ljósum og smávöru

Frábærar vörur á frábæru verði



áður 5.900
**nú 4.100**

áður 4.900
**nú 3.430**



30% afsláttur



30% afsláttur

áður 31.000
**nú 19.800**

áður 2.300
**nú 1.610**





áður 7.400
**nú 5.180**



áður 6.500
**nú 4.550**

15% afsláttur



áður 108.000.-
**nú 91.800,-**

30% afsláttur



Sófi + stólar 3+1+1,
áður 228.600
**nú 159.800**

15% afsláttur



**Chateau d'Ax**

Atlantic hornsófi 303 x 303
Áður 583.000
**nú 496.000**
Leður. hvítt.

Stór og glæsileg verslun með fjölbreytt úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið að **Síðumúla 30**
Opnunartímar: Virkir dagar: 10 - 18 | Laugardagar: 11 -16

**heima**

síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Yfir 150.000 gestir daglega**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá




**BAKÞANKAR**

SIGURJÓNS KJARTANSSONAR


## *Samtaka nú*

Nú er dollarinn alveg fáránlega lágur. 66 krónur, þegar þetta er skrifað. Í fyrravor fór hann yfir 80-kall og allt fór til fjandans. Verslanir hækkuðu verð, bíómiðinn hækkaði og bensínið náttúrlega. Allt útaf háu gengi dollarans. Það variníkreppa í fyrravor.

**Í DAG** er andkreppa. Engin kreppa. Allir í góðu stuði en enginn lækkar neitt. Jú, reyndar lækkaði sumt í gær, en það var útaf virðisaukaskattslækkun, ekki lágum dollara. Af hverju var ekki löngu búið að lækka allt um leið og dollarinn og evran lækkaði?

**VIÐ** Íslendingar erum samtaka þegar kemur að yfirlýsingum um að klám sé vont, glæpamenn eigi að fara í fangelsi og að barnaníðingar séu vondir. Við erum hópsálir í siðgæðismálum. En handónýt í neytendabaráttu.

**SAMT** eru staðreyndirnar marg-tuggnar af formanni Neytendasamtakanna þegar hann talar í fréttunum. En þá er enginn að hlusta. Vegna þess að formaður Neytendasamtakanna talar svo hægt. Það er enginn æsingur í honum. Maður sofnar áður en hann hefur lokið máli sínu.

**ÞAÐ** er ekki við hann að sakast, blessaðan. Hann er bara birtingarmynd ástandsins. Hann er eins og við. Þótt við höldum að það sé verið að svindla á okkur gerum við ekkert í því. Við nennum því ekki. Við erum seinþreytt til vandræða og förum okkur hægt þegar kemur að því að mótmæla.

**OKKUR** finnst líka eitthvað kjánalegt við mótmæli. Sjáum nú bara fríkin á Kárahnjúkum. Gríðarlega asnalegt lið í lopapeysum étandi grænmetissúpu. Við viljum ekki vera eins og þau. Þá er nú skárra að sleppa þessu og borga nokkrum krónum meira fyrir vöruna.

**AÐ** vera Íslendingur gengur voða mikið út á það að fá lítið fyrir mikið. Við vinnum meira en aðrar þjóðir og fáum hlutfallslega minna fyrir. Og við borgum mikið fyrir lítið. Því þurfum við að vinna þess meira.

**ÞETTA** er okkar eigið sjálfskaparvíti. Minna framboð, meiri eftirspurn, borga meira. Eftirspurnin er okkar vegna þess að við erum svo samtaka í neyslunni. Við erum líka samtaka í að taka lán og með því hækka vextirnir. Þetta er allt okkur að kenna. Er einhver séns á að við verðum einhvern tímann samtaka um að kaupa ekkert nema brýnustu nauðsynjar? Ég held ekki.


MARKAÐURINN
**Einfalt mál**

Hafliði Helgason
í hádegisfréttum
Stöðvar 2 kl. 12:12
alla virka daga



